# FRÉTTABLAÐIÐ

170. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 20. JÚLÍ 2016



**Búa sig undir Guðna** Sigurlaug Skaftad McClure raðar stólum í þingsal Alþingishússins þar sem innsetningarathöfn nýkjörins forseta, Guðna Th. Jóhannessonar, fer fram 1. ágúst. Athöfnin fylgir föstu formi og hefur verið eins í öllum meginatriðum frá árinu 1944 þegar Sveinn Björnsson var kjörinn forseti við stofnun íslenska lýðveldisins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Stórstjörnustríð

**LÍFIÐ** Stormasöm samskipti Kanye West og Taylor Swift náðu nýju hámarki nú í vikunni.

Kim Kardashian birti myndband þar sem West sést ræða við Swift um umdeildan texta við lag hans, Famous. Swift hefur sagt að hún hafi ekkert vitað um texta lagsins fyrr en það kom út. – gj / sjá síðu 32



## Geðveikur bolti á Kleppstúninu

**SAMFÉLAG** Í fótboltafélaginu FC Sækó er fólk með geðsjúkdóma og starfsmenn í geðheilbrigðiskerfinu. Bergþór Grétar Böðvarsson, einn stofnenda félagsins, sem sjálfur átti við andleg veikindi að stríða um árabil en starfar nú innan kerfisins, segir fótboltann brjóta niður fordóma. – ebg / sjá síðu 12



# Hafa milljarða í tekjur af ferðum um hálendið

**Tekjur ferðaþjónustufyrirtækja af útivistarferðum hér á landi hafa margfaldast síðustu ár. Stærstu aðilarnir velta milljörðum. Innviðir á vinsælum leiðum eru sagðir titra. Aðrir segja að mun fleiri komist Laugaveginn sé skipulag í lagi.**

**VIÐSKIPTI** Tekjur innlendra ferðaþjónustufyrirtækja af útivistarferðum hafa margfaldast og nema milljörðum árlega. Páll Guðmundsson, framkvæmdastjóri Ferðafélags Íslands, bendir á að fyrir áratug hafi tekjur FÍ verið undir 100 milljónum króna á ári en nálgist nú 500 milljónir.

Tekjur Íslenskra fjallaleiðsögumanna, sem sérhæfa sig í gönguferðum, námu 1,7 milljörðum króna í fyrra. Elín Sigurveig Sigurðardóttir framkvæmdastjóri segir fyrirtækið hafa vaxið um minnst 14 til 17 prósent á ári síðustu ár. Yfir 95 prósent viðskiptavinanna eru erlendir ferðamenn.

Þá námu tekjur Ferðakompanísins sem býður ýmiss konar útivistarferðir 1,3 milljörðum króna. Tekjur Arctic Adventures af gönguferðum nema nokkur hundruð milljónum króna á ári að sögn Styrmis Þórs Bragasonar, framkvæmdastjóra hjá fyrirtækinu. Heildartekjur félagsins nema um tveimur milljörðum króna. Fyrrgreind fyrirtæki eru aðeins fáein þeirra fyrirtækja sem sinna skipulögðum útivistarferðum.

Páll segir álagið á vinsælustu gönguleiðirnar gífurlegt. „Við erum farin að sjá verulega stóra hópa og mikla umferð og finna hvernig innviðirnir á stærstu dögunum titra af álagi.“ Þá séu mörg mjög aðkallandi vandamál sem einfalt ætti að vera að leysa.



**Á hálendi Íslands.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**1,7**

**milljarðar króna var velta Íslenskra fjallaleiðsögumanna árið 2015.**

**Við erum farin að sjá verulega stóra hópa og mikla umferð og finna hvernig innviðirnir á stærstu dögunum titra af álagi.**



Páll Guðmundsson, framkvæmdastjóri Ferðafélags Íslands

Styrmir segir hins vegar hægt að koma mun fleirum á Laugaveginn sé skipulag í lagi. Áætlað sé að um 800 þúsund manns fari gullna hringinn á ári en um 10 þúsund Laugaveginn. Til bóta væri ef allir gengju Laugaveginn í sömu átt. – ih / sjá Markaðinn

## Fréttablaðið í dag

**MARKAÐURINN** Evran ekki ódýrari frá árinu 2008.

**SKOÐUN** MS enn í einelti. 15

**SPORT** Rússar áttu ekkert svar. 18

**MENNING** Of Light eftir Samönthu Shay. 26

**LÍFIÐ** Kælan mikla gefur út plötu. 34

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** • **FÓLK** • **MATUR Í FERÐALAGIÐ**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

ALLT FYRIR BRÚÐKAUPIÐ

Finndu okkur á

PARTÝBÚÐIN

Faxafeni 11 • Sími 534 0534

## Veður




Hæg austlæg eða norðaustlæg átt um allt land. Skýjað víðast hvar en rigning syðst um hádegi en víða um land um kvöldið. Hiti 10 til 18 stig. SJÁ SÍÐU 24

# Á fengsælum miðum




Þessi ungmenni voru á veiðum við Kofann þar sem Skólavörðustígur mætir Laugavegi í miðbæ Reykjavíkur. Ekki var verið að veiða raunveruleg dýr heldur var verið að spila tölvuleikinn Pokémon GO. Gatnamótin eru vinsæl á meðal spilara því þar birtist mikill fjöldi Pokémona. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Aftur á Hraunið eftir skilorðsrof

**LÖGREGLUMÁL** Ásgeir Ingi Ásgeirsson, sem var árið 2001 dæmdur í sextán ára fangelsi fyrir hrottalegt morð í Engihjalla í Kópavogi, er aftur kominn inn á Litla-Hraun.

Ásgeir var á handtekinn á mánudag í síðustu viku. Hann var á reynslulausn en að sögn verjanda hans, Guðmundar St. Ragnarssonar, var hann handtekinn fyrir minniháttar brot og rauf því skilmála reynslulausnar.

Ásgeir hefur áður rofið reynslulausn. Hann var dæmdur í tólf mánaða fangelsi fyrir líkamsárás á þáverandi sambýliskonu sína árið 2012, þegar hann var á reynslulausn. – ngy

» Ásgeir I. Ásgeirsson var dæmdur fyrir morð árið 2001 og fyrir líkamsárás á árinu 2012.

## Misskilningur sögð skýringin

**KJARAMÁL** „Það er sama orðið sem kemur yfirleitt fram í samskiptum við þessa erlendu undirverktaka, það er misskilningur,“ segir Aðalsteinn Árni Baldursson, formaður Framsýnar, sem deilir nú við tvo erlenda undirverktaka á vinnusvæðinu við Bakka.

Morgunblaðið greindi frá því á mánudag að starfsfólk á Bakka hefði fengið greidd of lág laun.

„Þetta er brotavilji hjá ákveðnum aðilum, það er ljóst,“ segir Aðalsteinn.

Launin hafa hafa ekki verið leiðrétt en Aðalsteinn segir Framsýn eiga í viðræðum við verktakana sem hvorki neiti né játi sök..

„Við erum ekkert allt of ánægðir en það er ekki búið að skella hurðum,“ segir Aðalsteinn Baldursson. – þea

> Auðvitað er þetta ekki missklningur.

Aðalsteinn Baldursson, formaður stéttarfélagsins Framsýnar.

## Ummæli slitin úr samhengi

**BRETLAND** Boris Johnson, nýr utanríkisráðherra Bretlands, sagði í gær mörg umdeildra ummæla sinna hafa verið slitin úr samhengi. Þetta fullyrti Johnson á sameiginlegum blaðamannafundi hans og Johns Kerry, utanríkisráðherra Bandaríkjanna.

Vísaði Johnson þar meðal annars til ummæla árið 2007 um Hillary Clinton, forsetaframbjóðanda demókrata, þar sem hann líkti henni við hjúkrunarfræðing á geðdeild sem haldinn væri kvalalosta. Johnson velti einnig upp þeirri spurningu fyrr á þessu ári hvort Barack Obama Bandaríkjaforseta væri illa við Bretland því hann væri af kenískum ættum. Johnson sagði óþarft að eyða tíma í að ræða allt það sem hann hefði sagt undanfarin þrjátíu ár.

Ráðherrarnir ræða í dag um stríðið í Sýrlandi en í gær var rætt um mögulegan fríverslunarsamning á milli Bandaríkjanna og Bretlands. – þea

# Raufarhólshellir leigður fjárfestum er rukka inn

**Hópur fjárfesta hefur leigt Raufarhólshelli í Þrengslum og hyggst byggja upp aðstöðu og selja ferðamönnum aðgang. Landeigendur segja verkefnið mikilvægt til að vernda umhverfi náttúruperlunnar vegna aukinnar ásóknar ferðamanna.**

**FERÐAÞJÓNUSTA** Fyrirtækið Raufarhóll hf. hefur gert samning við landeigendur um þrjátíu ára leigu á Raufarhólshelli og nánasta umhverfi. Þar ætlar fyrirtækið að byggja upp aðstöðu og bjóða skipulagðar hellaferðir. Áætlað er að aðstaða verði tilbúin í byrjun næsta árs.

„Við erum að undirbúa það að byggja aðstöðu til að vel sé hægt að taka á móti fólki og gera öllum kleift að skoða þennan fallega helli,“ segir Hallgrímur Kristinsson, frumkvöðull verkefnisins og framkvæmdastjóri. Hann segir fyrirhugað að reisa upplýsta útsýnispalla inni í hellinum enda sé hann illfær. Þá segir hann landeigendur lengi hafa haft áhyggjur af ástandi hellisins.

Eiríkur Ingvarsson, einn úr hópi landeigenda, segir Hlíðardalsskóla hafa átt hellinn frá árinu 1948.

„Eigandinn hefur alltaf hugsað það þannig að eðlilegast sé að hafa hellinn opinn fyrir alla að skoða. Hins vegar var ekki reiknað með jafn gríðarlegri ásókn og við erum að horfa á núna. Við gerðum úttekt á hellinum sem kom ekki nógu vel út. Það er búið að hreinsa hellinn af nánast öllum dropasteinunum,“ segir Eiríkur.

Mat Raufarhóls er að um 20 þúsund manns heimsæki hellinn ár hvert.

Þar að auki segir Eiríkur að með aukinni ásókn ferðamanna hafi einnig orðið slys í hellinum. Þurft hafi að kalla út björgunarsveit fyrir tveimur árum til að leita að fólki sem villtist ofan í hellinum. „Landeigandi stóð frammi fyrir tveimur kostum. Annaðhvort að loka hellinum vegna öryggissjónarmiða eða að semja við aðila sem myndi gera þetta af miklum myndugleika og hann fengi leigusamning til að vera sá eini sem myndi selja inn í hellinn,“ segir Eiríkur.



Hallgrímur Kristinsson, framkvæmdastjóri Raufarhóls, segir mikilvægt að vernda hellinn fyrir ásókn ferðamanna. MYND/RAUFARHÓLL

> Við erum að undirbúa það að byggja aðstöðu til að vel sé hægt að taka á móti fólki og gera öllum kleift að skoða þennan fallega helli.

Hallgrímur Kristinsson, framkvæmdastjóri Raufarhóls

„Þetta eru fyrst og fremst náttúruverndarsjónarmið og öryggissjónarmið sem við höfum í huga,“ segir Eiríkur enn fremur. Haraldur tekur í sama streng og segir verkefnið skref í þá átt að vernda hellinn. „Með því að búa til aðstöðu erum við í raun að vernda það umhverfi sem þarna er og tryggja að það verði ekki traðkað niður, en samt með þeim hætti að þetta verði allt afturkræft,“ segir Haraldur. Hann býst við því að ferð í hellinn verði ódýr afþreying fyrir ferðamenn miðað við margt annað sem er í boði.

thorgnyr@frettabladid.is






mazda

Mazda2 er einn sá allra glæsilegasti í sínum flokki. Sportlegt útlit og spennandi aksturseiginleikar spila þar stórt hlutverk. Mazda2 er meðal annars fáanlegur með 7" snertiskjá, margmiðlunarkerfi með GPS vegaleiðsögn, nálægðarskynjurum, Bluetooth, 16" álfelgum og leðursætum. Þú getur jafnframt fengið Mazda2 með ýmsum öryggisbúnaði líkt og veglínuskynjara, LED aðalljósum með sjálfvirkri hæðarstýringu og snjallhemlunarkerfi sem varar ökumann við ef stefnir í árekstur og grípur inn í ef þörf krefur. Byltingarkennd SkyActiv tæknin sem sameinar mikinn vélarkraft, lága eyðslu og takmarkalausa akstursgleði er alltaf staðalbúnaður í Mazda.

*Komdu og reynsluaktu Mazda2*

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga frá kl. 9-17. Opið á laugardögum frá og með 6. ágúst
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 I mazda.is
Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

Nýr vefur

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

# Sjö af níu umdæmum svara fjölmiðlum

**Aðeins tvö lögregluumdæmi halda upplýsingum um tilkynnt kynferðisbrot frá fjölmiðlum. Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum segir að þar sem kynferðisbrot skapi ekki almannahættu gildi ekki sömu verklagsreglur um þau og um til dæmis ofbeldis- og fíkniefnabrot.**

**LÖGREGLUMÁL** Öll lögregluumdæmin fyrir utan tvö hafa þær verklagsreglur að upplýsa fjölmiðla um fjölda kynferðisbrota sem tilkynnt hafa verið til lögreglu ef óskað er eftir því.

Einungis á Suðurlandi og í Vestmannaeyjum er upplýsingunum haldið frá fjölmiðlum þar til lögregla metur tímabært að gefa þær upp.

Í Fréttablaðinu í gær var sagt frá því að lögreglan í Vestmannaeyjum myndi ekki upplýsa fjölmiðla jafnóðum um tilkynnt kynferðisbrot á Þjóðhátíð. Upplýst verði um brotin þegar lögreglan telur það tímabært. Páley Borgþórsdóttir lögreglustjóri sagði þetta gert til að tryggja rannsóknarhagsmuni og velferð brotaþola þessa helgi, og gildi þá einu hver vilji fjölmiðla sé.

> Flest þessara brota eiga sér stað á milli tveggja einstaklinga í lokuðum rýmum þangað sem fólk fer yfirleitt sjálfviljugt. Það er bara staðreyndin.
>
> Páley Borgþórsdóttir, lögreglustjóri í Vestmannaeyjum



**Sé ekki almannahætta**

Í samtali við fréttastofu sagði Páley að tilkynnt væri um fjölda fíkniefnamála og líkamsárása á almannafæri enda væri um almannahættu að ræða. Það ætti yfirleitt ekki við um kynferðisafbrot.

„Flest þessara brota eiga sér stað á milli tveggja einstaklinga í lokuðum rýmum þangað sem fólk fer yfirleitt sjálfviljugt. Það er bara staðreyndin," sagði Páley í fréttum Stöðvar 2 í gær.

Einnig sagði Páley viðtekna venju hjá lögreglunni og viðbragðsaðilum kynferðisbrotamála að upplýsa ekki um fjölda kynferðisbrota.

Í gær kom aftur á móti fram í blaðinu að neyðarmóttakan á Landspítalanum hefði þá reglu að svara alltaf fyrirspurnum fjölmiðla. Fréttastofa hafði einnig samband við lögregluumdæmin í kjölfar ummælanna og þá kom í ljós að einungis lögregluumdæmið á Suðurlandi tekur í sama streng og lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum.

Oddur Árnason, yfirlögregluþjónn á Suðurlandi, segir rannsóknarhagsmuni ráða því hvort fjölmiðlar séu upplýstir um kynferðisbrot í umdæminu og ef svo beri undir segi lögreglan ekki rétt frá.

„Í flestum tilfellum eru ekki veittar upplýsingar um slík brot fyrr en ákærur hafa verið gefnar út. Ef fréttamenn spyrja hvort kynferðisbrot hafi verið framin og lögreglan telur það stangast á við rannsóknarhagsmuni, svarar hún neitandi," segir hann.

> » Almennar verklagsreglur eru að tilkynna ekki sérstaklega um kynferðisbrot en svara fyrirspurnum fjölmiðla um fjölda tilfella.

**Svara fyrirspurnum um alla glæpi**

Lögregluþjónar og lögreglustjórar í öðrum lögregluumdæmum, utan Suðurlands og Vestmannaeyja, sem fréttastofa ræddi við voru aftur á móti sammála um að svara fyrirspurnum fjölmiðla.

Verklagsreglurnar eru almennt þær að tilkynna ekki sérstaklega um kynferðisbrot en sé leitað eftir upplýsingum er fjöldi tilfella gefinn upp án þess þó að upplýsa um rannsóknarhagsmuni. Þannig séu tilkynningar um kynferðisbrotamál meðhöndlaðar á sama hátt og aðrar tilkynningar um brot eða glæpi.

Hlynur Hafberg Snorrason, yfirlögregluþjónn á Vestfjörðum, segir fyrirspurnum fjölmiðla svarað allt árið um kring óháð því hvort það sé í kringum útihátíðir. „Upplýst er um kynferðisbrot líkt og aðra glæpi sem eiga sér stað í umdæminu," segir hann.

Gunnar Jóhannes Jóhannsson, lögreglufulltrúi rannsóknardeildar hjá lögreglunni á Norðurlandi eystra, segir fjölmiðlum veittar upplýsingar um öll mál sem koma upp óski þeir eftir því. „Þannig er það allt árið um kring en í umdæminu eru haldnar margar útihátíðir, svo sem Mærudagar, Bíladagar, Fiskidagurinn mikli og Ein með öllu um verslunarmannahelgina," segir hann.

Þess má geta að á áttunda tug úti- og bæjarhátíða eru haldnar um allt land, frá apríl til nóvember ár hvert. Hátíðirnar dreifast á öll lögregluumdæmin.

erlabjorg@frettabladid.is



Ekki verður gefinn upp fjöldi tilkynntra kynferðisbrota á Þjóðhátíð. Lögreglan mun upplýsa um fjöldann þegar einhver tími er liðinn frá Þjóðhátíð. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Upplýsingagjöf um tilkynnt kynferðisafbrot eftir lögregluumdæmum




# 82 leitað til neyðarmóttökunnar í ár

**LÖGREGLUMÁL** Það sem af er ári hafa 82 leitað til Neyðarmóttöku fyrir þolendur kynferðisofbeldis á Landspítalanum. Af þeim hafa 27 kært málið til lögreglu.

Hrönn Stefánsdóttir, verkefnastjóri neyðarmóttökunnar, bendir á að komur á neyðarmóttökuna séu jafnt og þétt yfir allt árið. „Kynferðisbrot einskorðast ekki við sumartímann eða útihátíðir," segir hún en að meðaltali koma þrír til fjórir á móttökuna í hverri viku.

Árið 2015 komu alls 133 á neyðarmóttökuna og 62 kærðu málið til lögreglu. Árið 2014 voru það 123 sem leituðu aðstoðar og fimmtíu sem lögðu fram kæru.

Alls hafa 2.585 leitað til neyðarmóttökunnar frá því hún var opnuð árið 1993, til og með ársins 2015. Langflestir brotaþola eru á aldrinum 18 til 25 ára, eða 1.075. Rétt tæplega 400 brotaþolar eru 16 til 17 ára og 408 brotaþolar eru á aldrinum 26 til 35 ára. – ebg

## 34 hafa komið á neyðarmóttökuna í sumar

| | |
|---|---|
| 2 mál | 1.–8. maí |
| 3 mál | 9.–15. maí |
| 2 mál | 16.–22. maí |
| 4 mál | 23.–29. maí |
| 5 mál | 30. maí–5. júní |
| 3 mál | 6.–12. júní |
| 6 mál | 13.–19. júní |
| 1 mál | 20.–26. júní |
| 2 mál | 27. júní–3. júlí |
| 2 mál | 4.–10. júlí |
| 4 mál | 11.–17. júlí |

**Kynjahlutfall frá 1. maí til 10. júlí**

3 karlmenn | 31 kona

**10 mál** hafa verið kærð til lögreglu.

Yngsti brotaþolinn er 15 ára og sá elsti 50 ára. Meðalaldur er 23,5 ár

15 ára | 50 ára



# SKÓLATÖSKU DAGAR

15.-22. JÚLÍ

**25% AFSLÁTTUR**

AF ÖLLUM SKÓLATÖSKUM

JEVA Beckmann og PULSE í miklu úrvali




Allt úrval fæst í Smáralind, Kringlunni og Skeifu, minna úrval í öðrum verslunum. Skólatöskur fást ekki á Eiðistorgi.

HAGKAUP

*Skemmtilegast að versla*



Jeremy Corbyn, formaður Verkamannaflokksins. NORDICPHOTOS/AFP

## Eagle hætt við framboð sitt

**BRETLAND** Angela Eagle sækist ekki lengur eftir formannsembætti Verkamannaflokksins í Bretlandi.

Eagle tilkynnti um þetta á blaðamannafundi í gær. Hún sagðist draga framboðið til baka með hag flokks síns að leiðarljósi og lýsti yfir stuðningi við þingmanninn Owen Smith sem er nú einn í framboði gegn sitjandi formanni, Jeremy Corbyn.

Farið var fram á formannskosningar í kjölfar þjóðaratkvæðagreiðslu um brotthvarf Bretlands úr Evrópusambandinu. Þótti þingmönnum Corbyn ekki standa sig nógu vel í að berjast gegn því.

Meðlimir flokksins sem skráðu sig fyrir 12. janúar á þessu ári munu nú kjósa á milli frambjóðendanna tveggja næstu tvo mánuði, hafi þeir greitt andvirði 5.000 króna fyrir daginn í dag. Úrslitin verða kynnt 24. september í Liverpool. – þea

» Félagar sem skráðu sig fyrir 12. janúar og borga jafnvirði 5 þúsund króna mega taka þátt í kjöri formanns Verkamannaflokksins.

## Minntust fórnarlamba



Minning fórnarlamba árásarinnar í borginni Nice var heiðruð í kaþólskri messu í Landakotskirkju í gær. Sendiherra Frakklands á Íslandi var á meðal viðstaddra. Alls létust 84 er vöruflutningabíl var ekið inn í mannfjölda sem fagnaði þjóðhátíðardegi Frakka. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Fjölmiðlanefnd sektar RÚV

**FJÖLMIÐLAR** Fjölmiðlanefnd hefur sektað Ríkisútvarpið um 250 þúsund krónur fyrir að sýna auglýsingar í þættinum Melodifestivalen sem sýndur var á RÚV í mars síðastliðnum.
Á vef Fjölmiðlanefndar kemur fram að á vef RÚV hafi dagskrárliðurinn verið kynntur með þeim hætti að um væri að ræða beina útsendingu frá sænsku söngvakeppninni Melodifestivalen.
Samkvæmt lögum um Ríkisútvarpið er almennt óheimilt að slíta í sundur dagskrárliði með viðskiptaboðum í sjónvarpi en útsending á þættinum var rofin með auglýsingum.

Fjölmiðlanefnd barst erindið frá Magnúsi Ragnarssyni fyrir hönd Símans hf. en þar voru umræddar athugasemdir gerðar. – ngy

## Götumarkaður í Fógetagarði

**SAMFÉLAG** Krás götumatarmarkaður verður opnaður á laugardaginn í Fógetagarðinum í Reykjavík.
Þetta verður í fimmta skiptið sem Krás markaðurinn verður haldinn. Kokkar útbúa þar götumat undir berum himni, þar sem hægt verður að setjast niður og snæða á staðnum eða taka góðgætið með sér heim.

Markaðurinn verður opinn á laugardögum og sunnudögum frá klukkan 13 til 18 og verður opinn fram á menningarnótt þann 20. ágúst.

Hugmyndasmiðir og verkefnastjórar götumarkaðarins eru þau Gerður Jónsdóttir og Ólafur Örn Ólafsson en götumatarhátíðin er unnin í samvinnu við Reykjavíkurborg og er hluti af verkefni borgarinnar, Torg í biðstöðu. – ktd

## Telur Breta hafa skotið sig í fótinn með útgöngunni

**BRETLAND** Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (AGS) lækkaði í gær hagvaxtarspá Bretlands fyrir næsta ár. Ástæðan er sú að AGS telur Breta hafa skotið sig í fótinn með því að ákveða að hverfa á brott úr Evrópusambandinu.

Þá telur AGS að ákvörðunin hafi slæm áhrif á hagkerfi Bretlands, að minnsta kosti til skemmri tíma litið. AGS hvatti Breta eindregið til áframhaldandi vistar innan Evrópusambandsins í aðdraganda kosninganna.

Hagvaxtarspáin gerir nú ráð fyrir 1,3 prósenta hagvexti á árinu 2017 en fyrir þjóðaratkvæðagreiðsluna var 2,2 prósenta hagvexti spáð. Hins vegar útilokar AGS að brotthvarfið muni orsaka kreppu.

Spáin er ekki ósvipuð nýrri hagvaxtarspá framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Þar er spáð 1,1 prósents hagvexti á næsta ári með þeim fyrirvara að ef allt fer á versta veg við úrsögnina gæti hagvöxtur orðið minni, jafnvel enginn. – þea



Christine Lagarde, framkvæmdastýra AGS. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Fatlað fólk fast heima yfir helgi ef tækin bila

**Ef hjálpartæki fatlaðra bila á föstudegi er ekkert gert fyrr en á mánudegi því engin neyðarþjónusta er um helgar. Mörg dæmi eru um að fatlaðir komist ekki út vegna þessa. Er algjörlega ólíðandi, segir formaður Öryrkjabandalagsins.**

**SAMFÉLAG** „Það er algjörlega ólíðandi að fólk sé fast heima hjá sér og geti ekki hreyft sig vegna þess að tækin eru biluð,“ segir Ellen Calmon, formaður Öryrkjabandalags Íslands.

Engin þjónusta er veitt vegna hjálpartækja fatlaðra um helgar og eftir klukkan þrjú á virkum dögum. Hjálpartækjamiðstöð Sjúkratrygginga Íslands annast þjónustu vegna tækjanna. Fatlað fólk hefur lent í því að tækin bili á föstudegi en enga þjónustu er að fá fyrr en á mánudegi.

Ellen segir að ekki sé hægt að líta á Hjálpartækjamiðstöðina sem hverja aðra ríkisstofnun heldur sé hún þjónustufyrirtæki sem verði að bjóða upp á þjónustu á öllum tímum. „Þarna verður að vera almennileg þjónusta, annars getur fólk ekki tekið þátt í lífinu.“

Hilmar Guðmundsson er bundinn við hjólastól og hann segir þjónustuna til skammar. Rafmagnsstóll hans bilaði fyrir mánuði og hefur verið í viðgerð síðan.

„Ég lenti í slysi og stóllinn bilaði. Ég á lítinn hjólastól heim og hef lítið getað gert nema setið heima,“ segir Hilmar en þetta er ekki í fyrsta skipti sem hann lendir illa í því.

„Ég var inni á baði á föstudegi í vetur og stóllinn bilaði. Hefði ég verið einn hefði ég bara setið fastur en konan mín var heima. Það var búið að loka verkstæðinu en við vorum einmitt á leið út það kvöldið. Ég komst ekki út alla þá helgi.“

Rúnar Björn Herrera þekkir vandamálið. Hann er með hálsmænuskaða og er bundinn við hjólastól.

„Það hefur gerst í nokkur skipti að það springur á dekki á stólnum mínum. Stundum næ ég að redda mér einhvern veginn en stundum ekki og þá hef ég keyrt um á sprungnu dekki eða ekki komist neitt,“ segir Rúnar og bætir við að oft komist fólk ekki með tækið á þeim stutta tíma sem opið er enda sé það á vinnutíma.

Í svari frá Sjúkratryggingum Íslands segir að fyrirhugaðar séu breytingar á þjónustunni en sagt verði frá þeim síðar. Í ár hafi hins vegar verið ákveðið að þrengja ekki opnunartíma eins og í fyrrasumar.

nadine@frettabladid.is



Dæmi eru um að fatlaðir sitji fastir er hjálpartækin bila. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

„ Þarna verður að vera almennileg þjónusta, annars getur fólk ekki tekið þátt í lífinu.

Ellen Calmon, formaður Öryrkjabandalags Íslands



# NÚ ER TÍMINN!

## SKJÓLVEGGUR OG PALLUR

*Við aðstoðum þig!*

## ÞÚ FÆRÐ ALLT EFNIÐ Í PALLINN OG SKJÓLVEGGINN

## PALLA-LEIKUR BYKO



1. ÞÚ KAUPIR GAGNVARIÐ PALLAEFNI FYRIR 50.000 KR. EÐA MEIRA Á TÍMABILINU 1. JÚNÍ - 19. ÁGÚST 2016.
2. ÞÚ SKRÁIR NÓTUNÚMER OG AÐRAR NAUÐSYNLEGAR UPPLÝSINGAR Á www.byko.is/pallaleikur
3. ÞÚ ERT KOMINN Í POTTINN OG GÆTIR UNNIÐ VEGLEGA VINNINGA!

NAPOLEON

*Vertu með!*

Vinningshafar eru kynntir á Facebooksíðu BYKO á hverjum föstudegi frá 22. júlí.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur. Tilboð á pallaefni gilda til og með 25. júlí eða á meðan birgðir endast. Sjá nánar um vaxtalaus lán á byko.is.

## GAGNVARIN FURA

*Klárum málið!* 0% VAXTALAUST LÁN

### PALLURINN

| | | | |
|---|---|---|---|
| 0058324 | 27x95 mm. | 1.890 kr./m² (Almennt verð: 2.150 kr./m²) | 189 kr./lm* (Almennt verð: 215 kr./lm*) |
| 0058325 | 27x120 mm. | 1.960 kr./m² | 245 kr./lm* |
| 0058326 | 27x145 mm. | 2.178 kr./m² | 325 kr./lm* |

*4,5 m og styttra.

### SKJÓLVEGGURINN

| | | |
|---|---|---|
| 0058252 | 22x45 mm. | 94 kr./lm |
| 0059253 | 22x70 mm. | 156 kr./lm |
| 0058254 | 22x95 mm. | 166 kr./lm* Almennt verð: 185 kr./lm. |
| 0058255 | 22x120 mm. | 247 kr./lm |

### GRIND OG UNDIRSTAÐA

| | | |
|---|---|---|
| 0058502 | 45x45 mm. | 182 kr./lm* |
| 0058504 | 45x95 mm. | 271 kr./lm* Almennt verð: 295 kr./lm. |
| 0058506 | 45x145 mm. | 485 kr./lm* |
| 0059954 | 95x95 mm. | 629 kr./lm* Almennt verð: 715 kr./lm. |

# SUMARÚTSALA

## ENN Í FULLUM GANGI!

- 30% BLÓM, TRÉ OG RUNNAR
- 40% BLÓMAPOTTAR
- 30% TIMBURBLÓMAKASSAR
- 40% LEIKFÖNG
- 50% MARKÍSUR
- 30% GARÐHÚSGÖGN
- 30-40% REIÐHJÓL OG REIÐHJÓLAFYLGIHLUTIR
- 20% ÁBURÐUR
- 20% BENSÍNSLÁTTUVÉLAR
- 25% RAFMAGNSSLÁTTUVÉLAR
- 30% HEKKKLIPPUR, GREINAKURLARAR OG KEÐJUSAGIR
- 25-35% BENSÍNSLÁTTUORF
- 30% STAURAHATTAR

## ÚTILEGUVÖRUR

-20%



## ÚTSÖLU LÝKUR Á ÞESSUM FLOKKUM EFTIR HELGINA

- 20% BOSCH RAFMAGNSVERKFÆRI
- 20% HÁÞRÝSTIDÆLUR
- 20% ÁLTRÖPPUR OG STIGAR
- 25% JÁRNHILLUR
- 25% VINNUFATNAÐUR OG ÖRYGGISSKÓR
- 25% VIÐARVÖRN OG PALLAOLÍA
- 30% INNI- OG ÚTILJÓS

GERÐU GÓÐ KAUP!

SÍÐASTI SÉNS!



byko.is

REIKNAÐU ÚT EFNISMAGN Í GIRÐINGUNA OG PALLINN Á BYKO.IS

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

# Hreinsanirnar halda áfram í Tyrklandi

**Stjórn Erdogans Tyrklandsforseta hefur rekið fimmtán þúsund skólastarfsmenn, níu þúsund lögreglumenn og þrjú þúsund dómara í kjölfar valdaránstilraunar hersins um helgina. Fleiri þúsund hafa verið handteknir. Tugir útvarps- og sjónvarpsstöðva missa leyfi sín.**

**TYRKLAND** Mikil hreinsunarherferð stendur nú yfir í Tyrklandi vegna valdaránstilraunar hersins um síðustu helgi. Allir sem taldir eru hafa tengsl við hreyfingu klerksins Fetúlla Gülen eru reknir úr starfi eða handteknir.

„Við munum rífa þá upp með rótum til þess að engin leynileg hryðjuverkasamtök muni dirfast að svíkja okkar blessuðu þjóð aftur,“ sagði Binali Yildirim forsætisráðherra.

Liðsmenn Gülen-hreyfingarinnar í Tyrklandi skipta milljónum, en leiðtogi hennar hefur verið í sjálfskipaðri útlegð í Bandaríkjunum síðan 1999. Liðsmenn hreyfingarinnar hafa verið óhræddir við að gagnrýna einræðistilburði Receps Tayyips Erdogan forseta á síðustu árum, meðal annars í áhrifamiklum fjölmiðlum sem hreyfing Gülens hefur haft á sínum snærum í Tyrklandi.

Tugir sjónvarps- og útvarpsstöðva hafa verið sviptar útsendingarleyfi.

Í gær voru meira en 15 þúsund kennarar og aðrir starfsmenn tyrkneska skólakerfisins reknir. Þá hefur meira en 1.500 háskólakennurum verið skipað að víkja úr starfi.

Meira en níu þúsund lögreglumenn og þrjú þúsund dómarar hafa einnig verið reknir. Þá hafa meira en níu þúsund manns verið handteknir, sakaðir um aðild að uppreisninni, þar af um sex þúsund hermenn.

## Tengslin við Evrópusambandið

**1987** sótti Tyrkland formlega um aðild að Evrópusambandinu.
**1997** lýsti ESB því yfir að Tyrkland geti fengið aðild.
**2004** var dauðarefsing felld úr gildi í Tyrklandi, ekki síst vegna þrýstings frá ESB.
**2005** hófust aðildarviðræður ESB við Tyrkland. Jafnframt lýsti ESB því yfir að engum kafla aðildarviðræðna yrði lokað fyrr en Tyrkir hefðu fallist á aðild Kýpur að ESB.
**2015** samdi ESB við Tyrkland um samstarf í málefnum flóttamanna, þannig að ESB greiddi Tyrklandi milljónir evra en Tyrkir sæju til þess að halda straumi flóttafólks til Evrópu í skefjum.

Meðal hinna handteknu eru tveir herforingjar, þeir Akin Ozturk og Adem Hududi.

Þá hafa stjórnvöld bannað að hermenn sem tóku þátt í uppreisninni og létu lífið í átökunum um helgina, fái trúarlega útför.

Leiðtogar Evrópuríkja, Bandaríkjanna og Sameinuðu þjóðanna hafa skorað á Erdogan forseta og stjórn hans að halda áfram í hávegum bæði lýðræðið og réttarríkið þegar brugðist er við valdaránstilrauninni.

Erdogan krefst þess hins vegar að Bandaríkin framselji Gülen hið fyrsta. Í viðtali við bandarísku sjónvarpsstöðina CNN segir hann vel koma til greina að dauðarefsing verði innleidd í Tyrklandi á ný.

Gülen segist ekkert hafa vitað um þessa uppreisn og hefur fordæmt hana.

Numan Kurtulmus aðstoðarforsætisráðherra segir innleiðingu dauðarefsingar að vísu ekki vera sérstaklega á dagskrá núna. Hins vegar muni þeir, sem tóku þátt í uppreisninni, fá hörðustu refsingu sem lög leyfa.

Átökin kostuðu hátt í 300 manns lífið og nærri 1.500 særðust.

gudsteinn@frettabladid.is



Binali Yilderim, forsætisráðherra Tyrklands. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

> **Við munum rífa þá upp með rótum til þess að engin leynileg hryðjuverkasamtök muni dirfast að svíkja okkar blessuðu þjóð aftur.**
>
> Binali Yildirim forsætisráðherra



SIMPLY CLEVER

ŠKODA




## **ŠKODA Octavia** Drivers Edition

# Aksturinn verður bara skemmtilegri og skemmtilegri



Við vorum að fá **ŠKODA Octavia Drivers Edition** sem er sérútfærsla af vinsælasta bíl á Íslandi 2015. Hann er með aukahlutapakka á einstöku tilboði í takmarkaðan tíma. Komdu til okkar í reynsluakstur og finndu hvernig hann leikur við þig í akstrinum. Hlökkum til að sjá þig!

Verð frá aðeins

**3.839.000 kr.**

**Drivers Edition aukahlutapakki**

- Xenon/LED framljós
- Climatronic miðstöð
- Krómpakki
- Leiðsögukerfi með SD korti
- 17" álfelgur
- 16" vetrardekk á álfelgum

| | |
|---|---|
| Heildarverðmæti | 740.960 kr. |
| **Tilboðsverð á pakka** | **349.000 kr.** |
| Afsláttur | 391.960 kr. |

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

**www.skoda.is**

# Repúblikanar fylkja sér að baki Trump

**Donald Trump hefur lagt undir sig bandaríska Repúblikanaflokkinn. Flestir áhrifamenn í flokknum fylkja sér að baki honum, mishikandi þó. Fulltrúar á landsþingi flokksins eru komnir saman til að útnefna Trump sem forsetaefni repúblikana í komandi kosningum.**

**BANDARÍKIN** Landsþing bandaríska Repúblikanaflokksins þetta árið er harla óvenjulegt. Margir helstu áhrifamenn flokksins forðast að mæta og þótt flestir hafi þeir lýst yfir stuðningi við Donald Trump, þá er samstaðan engan veginn jafn afgerandi og flokksmenn eiga að venjast.

Mikill órói braust út við upphaf þingsins á mánudag þegar andstæðingar Trumps á þinginu reyndu að bera upp tillögu um að fulltrúar gengju óbundnir til atkvæða þegar forsetaefni flokksins verður valið.

Andstæðingar Trumps hefðu þarna fengið vettvang til þess að koma óánægju sinni á framfæri og töldu algerlega valtað yfir sig þegar kröfu þeirra var hafnað. Þetta endaði með því að andstæðingar og stuðningsmenn Trumps stóðu lengi vel og hrópuðu út í loftið, ræðumenn hurfu af sviðinu og þingið var í algeru uppnámi.

„Ég hef aldrei nokkurn tímann í lífi mínu séð annað eins,“ sagði öldungadeildarþingmaðurinn Mike Lee. Annar öldungadeildarþingmaður, Gordon Humphrey, sagði þetta sýna fólki hvernig forsetatíð Trumps muni verða: „Við höfum séð forsetatíð Trumps og margir dæmigerðir stuðningsmenn hans eru, ef ekki fasistar sjálfir, þá haga þeir sér nokkurn veginn eins og fasistar, öskra niður andstæðinga sína og sýna þeim ruddaskap.“

Þetta leið svo hjá þannig að fyrirfram ákveðin dagskrá gat haldið áfram.

Athygli vekur að þátttakendur á landsþinginu, nærri 2.500 manns, eru nánast allir ljósir á hörund. Innan við 20 fulltrúar á landsþinginu eru svartir og síðustu hundrað árin hefur hlutfall þeirra aldrei verið lægra en einmitt nú.

Fyrsti dagurinn gekk að verulegu leyti út á að gagnrýna Hillary Clinton, væntanlegt forsetaefni Demókrataflokksins, en deginum lauk með því að prestur að nafni Mark Burns fór með bæn þar sem hann þakkaði guði fyrir Donald Trump og sagði óvininn vera Hillary Clinton og Demókrataflokkinn.

Í gær tóku meðal annars til máls börn Trumps, þau Tiffani og Donald yngri, ásamt leiðtogum Repúblikanaflokksins á þjóðþinginu í Washington, þeir Mitch McConnell, leiðtogi þingmeirihlutans í öldungadeildinni, Paul Ryan, forseti fulltrúadeildar, og Kevin McCarthy, leiðtogi repúblikana í fulltrúadeildinni.

Þinginu lýkur svo annað kvöld með ávarpi Donalds Trump, sem þá verður formlega orðinn forsetaefni flokksins fyrir kosningarnar í nóvember.

gudsteinn@frettabladid.is



**Donald Trump á landsþingi Repúblikanaflokksins, sem nú stendur yfir í Cleveland í Ohio.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Hermt eftir Michelle

Á mánudaginn vakti ræða Melaniu, eiginkonu Donalds Trump, athygli fyrir það að hún notaði heilu setningarnar nánast orðrétt upp úr ræðu Michelle, eiginkonu Baracks Obama forseta, á landsþingi Demókrataflokksins 2008, þegar Obama var útnefndur forsetaefni flokks síns.

„Við viljum að börn þessarar þjóðar viti að það eina sem takmarkar árangur ykkar er styrkur drauma ykkar og vilji ykkar til að vinna að þeim,“ sagði til dæmis Melanie Trump í ræðu sinni, en Michelle Obama hafði sagt í sinni ræðu fyrir átta árum: „Við viljum að börnin okkar, og öll börn þessarar þjóðar, viti að það eina sem takmarkar það hversu langt þið getið náð er það hve draumar ykkar ná langt og vilji ykkar til að vinna að þeim.“





Mercedes-Benz B-Class
Þægindi og öryggi í fyrirrúmi

Í Mercedes-Benz B-Class situr þú hærra en í flestum fólksbílum sem auðveldar aðgengi og bætir yfirsýn. Lágur mengunarstuðull tryggir lægri bifreiðagjöld og um leið frábært verð fyrir bifreið í þessum gæðaflokki og sparneytnin heldur rekstrarkostnaðinum í lágmarki. Þessi vinsæli bíll er framhjóladrifinn og er einnig fáanlegur með 4MATIC fjórhjóladrifi. Hann fæst sjálfskiptur eða beinskiptur og er í boði með bensín-, dísil- og metanvélum.

B 160 með 7 þrepa sjálfskiptingu
Verð frá 4.800.000 kr.
Eyðir frá 4,0 l/100 km í blönduðum akstri

Mercedes-Benz
The best or nothing.

ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi

Þú finnur „Mercedes-Benz Ísland“ á Facebook



ÚRVAL ÚTSÝN

# KANARÍ OG MALLORCA

## FLOTT VERÐ Í ÁGÚST

ÆVINTÝRAEYJAN **MALLORCA** ER DÁSAMLEGA FJÖLBREYTT, SÓLRÍKAR STRENDUR, FALLEGAR HJÓLA- OG GÖNGUSLÓÐIR OG FJÖLBREYTT MANNLÍF Í SMÁBÆJUM EYJUNNAR.

Á **KANARÍEYJUM** ER LÍFLEGT AÐ VERA. ÞAR ER AÐ FINNA EITTHVAÐ FYRIR ALLA, HVORT SEM ER AÐ LABBA NIÐUR VIÐ STRÖND EÐA SÓLA SIG VIÐ SUNDLAUGINA. BETRI STAÐ Í SÓLARFRÍ ER ERFITT AÐ FINNA.

SÖLUMENN SVARA Í SÍMA 585 4000 OG TAKA VEL Á MÓTI VIÐSKIPTAVINUM Í HLÍÐASMÁRA 19, ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR Á UU.IS.

AFSLÁTTAR KÓÐINN ER **SUMARSÓL**
BÓKANLEGT TIL 25. JÚLÍ

**15.000 KR.**
AFSLÁTTUR Á MANN

## BROTTFARIR Á BETRA VERÐI
GILDIR TIL 25.JÚLÍ

**KANARÍ**
27. JÚLÍ (27. ÖRFÁ SÆTI)
3., 10.,17., 24. OG 31. ÁGÚST
7., 14. OG 21. SEPTEMBER

**MALLORCA**
2., 9., 16., 23. OG 30. ÁGÚST
13. OG 20. SEPTEMBER

## ÞAÐ SEM ÞÚ ÞARFT AÐ GERA

VELJA HÓTEL Á HEIMASÍÐU OKKAR **UU.IS** SETJA ÞAR INN **AFSLÁTTARKÓÐANN SUMARSÓL**

ÞÚ VELUR SVO GREIÐSLUMÁTA OG AFSLÁTTURINN ER ÞINN. NJÓTTU FERÐARINNAR

**INNIFALIÐ Í VERÐI**
FLUG, FLUGVALLASKATTAR, GISTING, TASKA, HANDFARANGUR OG ÍSLENSK FARARSTJÓRN.

MALLORCA



Santa Ponsa
### VISTA CLUB ★★★
Fæði | Strönd 150 m

VERÐ FRÁ **73.900 KR.***
*á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 1 svefnherbergi með bókunarafslætti. **9. – 16. ágúst.** Verð á mann m.v. 2 fullorðna 108.900 kr.

Góðar íbúðir við Santa Ponsa ströndina um 300 metra frá miðbæ Santa Ponsa. Verslanir, kaffihús og veitingastaðir eru í göngufæri.

MALLORCA / VINSÆLT

Frítt! Aðgangur í **Hidropark** á meðan birgðir endast



Alcudia
### SOL ALCUDIA CENTER ★★★
Skemmtidagskrá | Fæði | Strönd 150 m

VERÐ FRÁ **79.900 KR.***
*á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 1 svefnh. með bókunarafslætti. **2. - 9. ágúst.** Verð á mann m.v. 2 fullorðna 144.900 kr.

Staðsett á fallegum stað, 150 metra frá strönd. Góðar íbúðir. Fjölbreytt skemmtidagskrá á kvöldin fyrir fullorðna og börn.

MALLORCA



Magaluf
### SOL KATMANDU RESORT ★★★★
Skemmtidagskrá | Fæði | Strönd 250 m

VERÐ FRÁ **133.900 KR.***
*á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn í tvíbýli með morgunverði. Verð með bókunarafslætti. **16. – 23. ágúst.** Verð á mann m.v. 2 fullorðna 149.900 kr.

Frábært hótel staðsett innan Katmandu skemmtigarðsins rétt við Magaluf ströndina! Á þessu fjöruga hóteli eru 3 sundlaugar og ein þeirra er aðeins fyrir börn.

KANARÍ / GLÆSILEGT HÓTEL / HÁLFT FÆÐI

★★★★★ 5 STJÖRNU LÚXUS



Meloneras
### BAOBAB RESORT ★★★★★
Internet | Barnaklúbbur | Fæði | Strönd 400 m

Verð frá **119.900 KR.***
*á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn Tvíbýli með garð-eða fjallasýn og hálfu fæði. **17.–24. ágúst.** Verð á mann m.v. 2 fullorðna 135.600 kr.

Stórglæsilegt hótel í Afrískum stíl á frábærum stað í Maspalomas. Sjö sundlaugar, barnaklúbbar, og margt skemmtilegt fyrir smáfólkið og aðra.

KANARÍ



Meloneras
### PARQUE CRISTOBAL ★★★
Barnaklúbbur | Fæði | Strönd 50 m

Verð frá **89.900 KR.***
*á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn í smáhýsi með einu svefnh. Verð með bókunarafs. **10.–17. ágúst.** Verð á mann m.v. 2 fullorðna í einu svefnh. 115.900 kr.

Góð smáhýsi í hjarta Ensku strandarinnar. Svæðið er frábært fyrir barnafjölskyldur. Fjölbreytt skemmtidagskrá og vatnaleiksvæði.

KANARÍ



Maspalomas
### MONTEMAR ★★
Strönd 800 m

VERÐ FRÁ **69.900 KR.***
*á mann m.v. 2 fullorðna og 3 börn í íbúð með 2 svefnherbergjum. Verð með bókunarafs. **3.–10. ágúst.** Verð á mann m.v. 2 fullorðna 94.600 kr.

Einföld gisting, íbúðirnar eru rúmgóðar með einu eða tveimur svefnh. Sundlaugargarðurinn er með góðri sólbaðsaðstöðu og nýrri sundlaug.

Verð eru birt með afslætti. Gildir aðeins með nýjum bókunum.

Úrval Útsýn | Hlíðasmára 19 | 201 Kópavogi | 585 4000 | uu.is



Bergþór hefur sjálfur barist við geðhvörf og hefur átt erfitt með að æfa fótbolta með venjulegum félögum. Nú vinnur hann við að sjá um FC Sækó og er því í raun orðinn atvinnumaður. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Sigra stund og stað á hverri æfingu

**Í FC Sækó æfir fólk með geðraskanir og starfsmenn í geðheilbrigðiskerfinu fótbolta saman. Í trausti og miklum stuðningi hafa liðsmenn dafnað og fótboltinn eflt þá andlega og líkamlega. Draumurinn er að stofna Geðdeildina í fótbolta og fá atvinnuþjálfara.**

Erla Björg Gunnarsdóttir
erlabjorg@365.is



Þrisvar í viku hittast áhugamenn í fótboltafélaginu FC Sækó og spila fótbolta saman. Fyrir suma er erfitt að mæta á réttum tíma, fyrir aðra er gífurleg áreynsla að drífa sig af stað. Einhverjir hafa ekki hreyft sig í mörg ár og nokkrir eiga mjög erfitt með að vera innan um svo marga. Flestir hafa átt við erfið andleg veikindi að stríða með tilheyrandi innlögnum á geðdeildir og endurhæfingu en hluti hópsins eru starfsmenn innan geðheilbrigðiskerfisins. En hver er hvað?

„Eitt af markmiðum þessa hóps er að berjast gegn fordómum,“ segir Bergþór Grétar Böðvarsson, einn umsjónarmanna félagsins og þjálfari. „Þarna er hópur manna með geðfatlanir að spila fótbolta. Þá byrjum við strax að dæma. Svo horfum við á leikinn og spyrjum okkur: En hver af þeim er geðveikur? Er það þessi? Eða þessi? Er einhver munur á þeim? Eru þetta kannski bara mínir fordómar?“

### Allir eins á fótboltavellinum

Bergþór barðist sjálfur við geðhvörf ungur að árum og var um tíu ára tímabil meira og minna inni á stofnunum. En hann er á góðri bataleið og hefur síðustu ár unnið sem fulltrúi notenda geðheilbrigðiskerfisins. Það er því hægt að segja að hann hafi verið beggja vegna borðsins. Hann bendir á að oft hafi geðfatlaðir mestu fordómana sjálfir. Því sé mikilvægt fyrir þá að finna það á eigin skinni að þeir séu í raun ekki svo frábrugðnir öðrum. Að minnsta kosti ekki inni á fótboltavellinum.

„Markmiðið er einnig að bæta heilsu og efla menn félagslega. Það að mæta reglulega á fótboltaæfingu í stórum hópi er mikil valdefling. Svo eru alltaf einhverjir sem mæta og horfa á, bara til að vera með í stemningunni þótt þeir treysti sér ekki inn á völlinn. Svo byrja þeir kannski hægt og rólega að vera með.“



FC Sækó æfir þrisvar í viku. Einu sinni í viku í Þrótti og tvisvar á Kleppstúninu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> Sumir fóru hressilega út fyrir kassann sinn og keyptu sér föt í fyrsta skipti í áraraðir. Margir höfðu ekki farið til útlanda frá því þeir veiktust fyrst.

### Ekki unnið einn einasta leik

Félagið var stofnað árið 2011 þegar Bergþór og aðrir starfsmenn voru að vinna úr hugmyndum um hvað mætti bæta innan geðheilbrigðiskerfisins. Ein hugmynd var að starfsmenn stofnuðu hópa út frá eigin áhugamálum.

„Starfsmenn mæta ekki til vinnu sem þeir sjálfir heldur stunda áhugamál sín í frítímanum. En við vildum gjarnan að starfsfólk fengi að vera meira það sjálft.“

Þannig stofnaði hópur starfsmanna sem vinna bæði á velferðarsviði Reykjavíkurborgar og geðsviði Landspítalans FC Sækó. Á fyrstu æfinguna mættu fjórtán og enn fleiri til að horfa á. Nú æfir félagið þrisvar í viku, í Þrótti og á Kleppstúninu, og tíu til tuttugu mæta á hverja æfingu. Félagið er ekki með atvinnuþjálfara en Bergþór tekur stjórnina að sér. Stundum fá þeir gestaþjálfara.

Nú í sumar skráði félagið sig í Gulldeildina, utandeild í fótbolta. Árangur liðsins er þó ekki talinn í stigum.

„Nei, við höfum ekki unnið einn einasta leik,“ segir Bergþór skælbrosandi. „Einn þjálfari frá KSÍ, sem tók okkur á góða æfingu í sumar, benti á hve duglegir við erum að hvetja hvert annað áfram. Í öðrum liðum er nefnilega mikil áhersla lögð á sigurinn. Okkar sigrar eru öðruvísi. Við einblínum ekki á að vinna leikinn heldur erum við að sigra stund og stað á hverri æfingu. Það er sigur að leggja þetta á sig. Að reyna og að vera með.“

### Áskorun að fara til útlanda

Bergþór segir aftur á móti miklar framfarir sjást hjá mörgum félagsmönnum. Fólk sé að bæta sig líkamlega og félagslega. Og liðsfélagar hafa greinilega húmor fyrir sjálfum sér, sem sést til að mynda á nafninu FC Sækó. Fyrst átti félagið að heita Knattspyrnufélagið Klikk en það þótti ekki nógu alþjóðlegt. FC Sækó hefur nefnilega farið út fyrir landsteinana. Í fyrra var farið til Skotlands þar sem sambærilegt félag var heimsótt og að sjálfsögðu tekinn einn leikur.

„Ég held að fólk átti sig ekki á því hve mikil áskorun það er fyrir svona hóp að fara til útlanda saman. Að fara í flugvél, í lest með fullt af ókunnugu fólki og vera með mörgum öðrum í herbergi. Sumir fóru hressilega út fyrir kassann sinn og keyptu sér föt í fyrsta skipti í áraraðir. Margir höfðu ekki farið til útlanda frá því þeir veiktust fyrst.“

Bergþór útskýrir að það sé öðruvísi að fara út með fótboltaliði en á eigin vegum. „Þegar maður er spurður hvaðan maður sé að koma og hvað maður sé að gera þá er maður ekki sjúklingur heldur á ferðalagi með fótboltafélaginu sínu. Það er óskaplega valdeflandi. Ég get til að mynda sagst vera atvinnumaður í fótbolta, þar sem ég vinn við þetta í dag,“ segir Bergþór og skellir upp úr.

### Hverri mætingu fagnað

Bergþór hefur sjálfur reynt að vera í öðrum fótboltahópum í gegnum tíðina en það gekk ekki sérlega vel.

„Mér hefur alltaf fundist gaman í fótbolta en veikindi mín voru þess eðlis að ég dró mig út úr hópnum og hætti að mæta. Mér fannst erfitt að halda uppi samræðum og ræða veikindin. Í þessum hópi er meiri skilningur. Þar eru starfsmenn og fólk í sömu stöðu. Þú þarft ekki að skammast þín fyrir að vera stressaður yfir smámunum eða finna fyrir kvíða. Það er til dæmis enginn skammaður fyrir að mæta of seint, honum er bara fagnað fyrir að mæta.“

Félagið stefnir á aðra utanlandsferð í haust. Farið verður til Englands og sambærilegur klúbbur heimsóttur. Fjáröflun er í fullum gangi og ætla liðsfélagar til að mynda að hlaupa í maraþoninu þar sem safnað verður styrkjum fyrir félagið. Landspítalinn borgar ferðir starfsmanna en safna þarf fyrir aðra liðsfélaga, einnig þarf að kaupa búninga og annað. Bergþór útskýrir að mikilvægt sé að engin félagsgjöld séu í klúbbnum svo allir geti tekið þátt.

„Allir eru velkomnir á æfingu. Að spila fótbolta við okkur er góð leið til að styrkja geðfatlaða og líka til að sigrast á eigin fordómum. Sumir halda kannski að við missum stjórn á okkur og allt verði brjálað á æfingum. Það er ekki þannig. Við höfum bara brjálæðislegan áhuga á fótbolta.“

### Geðdeildin

Framtíðarsýn Bergþórs er skýr. Hann dreymir um að Kleppstúnið verði tekið í gegn svo það gangi betur að æfa þar. Einnig er draumur að fá atvinnuþjálfara og fjölga konum í liðinu. Jafnvel stofna sérstakt kvennalið og auglýsir Bergþór eftir áhugasamri konu í stjórn félagsins til að byggja slíkt upp.

„Svo væri gott að komast undir hatt KSÍ og ná að stækka og efla félagið. Einnig byggja upp tengslanet við sambærileg félög í útlöndum. Ég á mér draum um deild, ekki Pepsideildina heldur Geðdeildina, þar sem við spilum geðveikan fótbolta,“ segir Bergþór hlæjandi. „Það er nóg hægt að gera, það þarf bara tíma og fjármagn í það. Þar að auki mætti stofna aðra hópa, í kringum aðrar íþróttagreinar og listir. Það er alla vega óhætt að segja að okkar félag hafi sýnt frábæran árangur í endurhæfingu geðfatlaðra.“

# NOTAÐIR BÍLAR TIL SÖLU

Skoðaðu úrvalið á notadir.brimborg.is

## Gerðu góð kaup á notuðum bíl
## Mikið úrval gott verð



~~Verð: 8.490.000 kr.~~
**Tilboðsverð: 6.990.000 kr.**
**Toyota Land Cruiser 200 VX** ERU84
Skráður september 2010, 5,7i bensín/metan, sjálfskiptur.
Ekinn: 131.000 km.



~~Verð: 2.290.000 kr.~~
**Tilboðsverð: 2.090.000 kr.**
**Ford Focus Trend** FNL92
Skráður júní 2012, 2,0TDCi dísil, sjálfskiptur.
Ekinn: 92.500 km.



~~Verð: 2.690.000 kr~~
**Tilboðsverð: 2.490.000 kr.**
**Renault Clio Expresion** AKA08
Skráður júní 2015, 1,5TDCi dísil, sjálfskiptur
Ekinn 30.000 km.



~~Verð: 1.990.000 kr.~~
**Tilboðsverð: 1.790.000 kr.**
**Citroën C4 Comfort** BYF04
Skráður febrúar 2014, 1,6TDCi dísil, beinskiptur.
Ekinn 84.000 km.



~~Verð: 5.990.000 kr.~~
**Tilboðsverð: 5.750.000 kr.**
**Volvo XC60 Summum** HBG65
Skráður maí 2014, 2,4D4 dísil, sjálfskiptur.
Ekinn 90.000 km.



**Verð: 2.090.000 kr.**
**Mazda 2 Takara** DOS94
Skráður september 2014, 1,3i bensín, beinskiptur.
Ekinn: 19.600 km.



~~Verð: 2.190.000 kr.~~
**Tilboðsverð: 2.090.000 kr.**
**Ford Fiesta Trend** UXU74
Skráður apríl 2014, 1,0i bensín, sjálfskiptur.
Ekinn: 51.000 km.



~~Verð: 1.090.000 kr.~~
**Tilboðsverð: 890.000 kr.**
**Ford Fusion Trend** PI155
Skráður janúar 2007, 1,4TDCi dísil, beinskiptur.
Ekinn: 130.000 km.



~~Verð 2.190.000~~
**Tilboðsverð: 1.890.000 kr.**
**Citroen C3 Seduction** SRE78
Skráður júlí 2013, 1,4TDCi dísil, sjálfskiptur.
Ekinn: 49.500 km.



~~Verð: 1.590.000 kr.~~
**Tilboðsverð: 1.390.000 kr.**
**Citroen C3 Seduction** VJY81
Skráður maí 2015, 1,2i bensín, beinskiptur.
Ekinn: 68.500 km.



~~Verð: 4.290.000 kr.~~
**Tilboðsverð: 3.290.000 kr.**
**Ford Mondeo Titanium** YOX82
Skráður apríl 2014, 2,0TDCi dísil, sjálfskiptur
Ekinn 121.000 km.



~~Verð: 3.790.000 kr.~~
**Tilboðsverð: 3.390.000 kr.**
**Ford Kuga Titanium AWD** GGJ84
Skráður júní 2014, 2,0TDCi dísil, beinskiptur.
Ekinn 108.000 km.

- Brimborg tekur allar tegundir bíla uppí
- Hagstætt uppítökuverð
- Allt að 90% fjármögnun í boði, ræddu við ráðgjafa

*FYLGSTU MEÐ Á FACEBOOK*
*Notaðir bílar - Brimborg*
Tilboðsbílarnir fara beint á Facebook!

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17.

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

# Litla landið og kynferðisbrotin



Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is

Lögreglan í Vestmannaeyjum heldur sínu striki frá því fyrir ári og mun ekki upplýsa fjölmiðla um fjölda kynferðisbrota ef þau eiga sér stað á Þjóðhátíð í bænum um verslunarmannahelgina. Bæjarstjórinn sagðist á Bylgjunni standa með ákvörðun lögreglustjórans. Hann telur að verkferlarnir séu þeir sömu og lögregla noti um allt land. Í kvöldfréttum Stöðvar 2 í gær sagði lögreglustjóri verklagið viðtekna venju hjá lögreglu og viðbragðsaðilum kynferðisbrotamála.

Það er hins vegar rangt hjá Vestmannaeyingunum. Eftirgrennslan fréttastofu leiðir í ljós að verklag þeirra sker sig frá verklagi allra lögregluembætta landsins, utan eins. Neyðarmóttakan á Landspítala hyggst ekki fara að tilmælum lögreglustjórans og upplýsir fjölmiðla um fjölda mála sem koma upp. Stígamót gagnrýna einnig verklagið og segja það ekki vernda þolendur. Ríkislögreglustjóri segir enn fremur að hann telji lögreglu eiga að upplýsa almenning um brot. Verklagið í Vestmannaeyjum sé stílbrot á því hvernig málin séu meðhöndluð annars staðar á landinu og eðlilegast væri að sama stefnan væri í þessum efnum alls staðar.

Það er því ljóst að í það minnsta þeir fagaðilar sem Fréttablaðið hefur leitað álits hjá eru ósammála nálgun lögreglunnar í Vestmannaeyjum. Þar að auki nær öll lögregluembættin, sem ákveða að hafa verklagið með öðrum hætti. Og ekki síst ríkislögreglustjóri sem leiðir lögregluna í landinu.

Lögreglustjórinn sagði, máli sínu til frekari stuðnings: „Við erum bara á svo litlu landi. Um leið og það er búið að tilkynna að það hafi orðið brot þá fer fólk að leggja saman tvo og tvo.“ Hún segir fólk yfirleitt fara sjálfviljugt í lokuð rými þar sem flest þessara brota eiga sér stað.

Þessi rök halda ekki heldur vatni. Þegar tugþúsundir safnast saman er hægara sagt en gert að leggja saman tvo og tvo til að finna út málsaðila. Það að fólk fari sjálfviljugt inn í lokuð rými, það séu einungis tveir til frásagnar eða að fólk þekkist er hins vegar gömul tugga sem gengur út á að fórnarlambið beri ábyrgð á glæpnum. Röksemd sem ætti ekki að sjást á 21. öldinni.

> Þegar tugþúsundir safnast saman er hægara sagt en gert að leggja saman tvo og tvo til að finna út málsaðila.

Sú spurning vaknar óneitanlega hvort lögreglustjórinn hafi hagsmuni fórnarlamba að leiðarljósi í afstöðu sinni eða hvort hann sé raunverulega að reyna að tryggja að skuggi falli ekki á Þjóðhátíð á meðan á henni stendur. Það er í sjálfu sér ekki nýtt af nálinni. Sem dæmi má nefna að bæði kaþólska kirkjan og BBC hafa verið staðin að því að þagga niður umfjöllun um kynferðisbrot innan sinna raða til að viðhalda jákvæðri ímynd.

Druslugangan verður gengin nú á laugardag. Forsprakkar göngunnar vilja færa ábyrgð kynferðisglæpa frá þolendum yfir á gerendur. Full þörf virðist vera á tilvist þessa viðburðar ár frá ári, og greinilegt að boðskapur druslnanna hefur ekki skilað sér til allra.




## Halldór




## Frá degi til dags

**Viðreisn á von**

**Sjónir margra beinast að stjórnmálaflokknum Viðreisn enda færist flokkurinn hægt upp á við í hverri skoðanakönnuninni á fætur annarri. Fyrir um ári spáðu margir Viðreisn lélegu gengi enda hefði flokkurinn verið stofnaður á grundvelli ellidauða stefnumálsins um aðild Íslands að ESB. Sá er hér ritar skrifaði meðal annars á þessum vettvangi á sínum tíma „Viðreisn á sér ekki viðreisnar von“ (hoho). Nú gæti sá „mikli stjórnmálaskýrandi“ sem pistlahöfundur er þurft að bíta í það súra epli að Viðreisn gæti staðið uppi með krúnudjásnin í höndunum eða það sem kallast á lélegri íslensku að vera „kingmakers“ í kjölfar næstu kosninga.**

**Valdabrölt í Vestmannaeyjum**

**Í fyrradag fjölluðu helstu miðlar um það að kjósendur í Suðurkjördæmi vildu velta Ragnheiði Elínu Árnadóttur, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, úr sessi í skiptum fyrir Elliða Vignisson, bæjarstjóra Vestmannaeyja. Þetta sýndi könnun sem gerð var fyrir stuðningsmenn Elliða og Páley Borgþórsdóttir sendi fjölmiðlum. Elliði var fljótur að endurgjalda stuðninginn og studdi í gær ákvörðun Páleyjar, sem er lögreglustjóri í Eyjum, um að opinbera ekki tilfelli kynferðisbrota sem gætu komið upp á Þjóðhátíð í Eyjum.**

**stefanrafn@frettabladid.is**

# Rukkum eins og Bláa lónið



Guðmundur Edgarsson
málmenntafræðingur

Þrátt fyrir að líta megi á Bláa lónið sem vel heppnað viðskiptaævintýri virðist sem allmörgum blöskri hinn hái aðgangseyrir sem fyrirtækið rukkar gesti sína um. Þó er ekki um slíka upphæð að ræða að skilji á milli ríkra og venjulegs launafólks. Reynslan sýnir enda að lónið þjónar fjöldanum en ekki einungis þröngum hópi sterkefnaðra einstaklinga. Hinn hái aðgangseyrir á líka sínar jákvæðu hliðar eins og hér verður nú rakið.

**Skilvirkni verðstýringar**

Tilfellið er að hár aðgangseyrir í samræmi við vinsældir leiðir ekki einungis til meiri ábata fyrir seljendur heldur einnig til aukins hagræðis fyrir neytendur. Í tilfelli Bláa lónsins væri ferðamaðurinn nefnilega verr settur með miðaverðið vel undir markaðsvirði. Eftirspurn yrði þá langt umfram framboð svo keppast þyrfti um miðana við fráhrindandi aðstæður eða standa frammi fyrir illásættanlegri bið. Hærri aðgangseyrir slakar hins vegar á eftirspurninni þannig að neytandinn getur gert ráðstafanir til að tryggja sér miða til dæmis með því að hækka kaup sitt með meiri vinnu. Fyrirhyggja ferðamannsins ræður því för um hvort hann komist í lónið, ekki heppni eða krókaleiðir.

**Bláa lónið og arðgreiðslur**

Þar sem Bláa lónið er í einkaeigu getur það hagað verðlagningu að vild. Samtímis er hið opinbera í eilífum vandræðum með fjármögnun til varnar auknum átroðningi við ýmsar náttúruperlur í sinni eigu sökum fornrar löggjafar gegn eðlilegri gjaldtöku. Á meðan malar Bláa lónið gull sem nýtist til eflingar á aðstöðu og þjónustu auk ýmissa heilsutengdra þróunarverkefna. Samfara eykst virði fyrirtækisins, hluthöfum og ferðaþjónustunni allri til hagsbóta. Ráðamenn ættu því að líta til Bláa lónsins sem fyrirmyndar um það sem koma skyldi til uppbyggingar og verðmætaaukningar innan ferðaþjónustunnar. Arð af hagnaði mætti svo greiða út árlega beint í vasa landsmanna rétt eins og Bláa lónið greiðir hluthöfum sínum arð af ágóða fyrirtækisins ár eftir ár.

> Ráðamenn ættu því að líta til Bláa lónsins sem fyrirmyndar um það sem koma skyldi til uppbyggingar og verðmætaaukningar innan ferðaþjónustunnar.

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is*
**LÍFIÐ:** Gyða Lóa Ólafsdóttir *gydaloa@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# MS enn í einelti



Ögmundur Jónasson
alþingismaður

Samkeppniseftirlitið hefur frá því sú stofnun varð til, haft hin meira en lítið vafasömu Bændasamtök í sigti. Frægt varð þegar samtökin voru sektuð fyrir að leyfa umræðu um afkomu bænda og verðlagsmál á þingi sínu. Slíkt flokkaðist að mati eftirlitsins undir verðsamráð sem á að vera alveg bannað þegar bændur eiga í hlut. Við hljótum að bíða þess að verkalýðssamtökunum, sem Margaret Thatcher, járnfrúin breska, kallaði verstu einokunarfyrirbæri samfélagsins, verði sektuð fyrir að efna til funda um hvernig megi samræma kröfur um verð fyrir launavinnu. Minna hefur farið fyrir gagnrýni Samkeppnisstofnunar á þann hluta verðmyndunar landbúnaðarafurða sem á sér stað þegar komið er inn fyrir dyr stóru verslanakeðjanna.

Í seinni tíð hefur Mjólkursamsalan, MS, tekið við hlutverki hins illa og er nú nánast í einelti að því ég fæ best séð.

**Að skila árangri**

En hverjar eru staðreyndirnar? Á Íslandi eru um 660 kúabændur. Þessir 660 einyrkjar hafa komið sér sameiginlega upp samvinnu um fyrirtæki sem heitir MS til að annast milligöngu og vinna afurðir á eins hagkvæman og ódýran máta og mögulegt er fyrir sjálfa sig og neytendur. Að neytendahliðinni hafa fulltrúar launafólks komið, í gegnum verðlagsnefndir til að ákveða verð á þessum afurðum. Með öðrum orðum, þetta eru lausnir sem byggja á samlegð og samvinnu. Þessi úrræði samvinnu- og jafnaðarsamfélagsins er mörgum þyrnir í auga, sennilega fyrst og fremst af pólitískum ástæðum. Ég leyfi mér hins vegar að spyrja hvort ekki sé rétt að taka niður kreddugleraugun og skoða þetta mál út frá praktískum forsendum og þá fyrst og fremst hagsmunum þeirra sem mest eiga undir því komið að verð á hollustumatvælum sé þeim viðráðanlegt.

**Enn um staðreyndir**

Fyrirkomulagið sem mjólkurbændur hafa komið á varð ekki til í lagalegu tómarúmi því það hvílir innan lagaumgjarðar, sem sérstaklega var sniðin til að reyna að knýja fram hagræðingu í greininni neytendum og bændum til hagsbóta. Það hefur tekist.

Mjólk og mjólkurafurðir hafa á síðustu tíu árum lækkað að raunvirði um ríflega 20% og varið hag bændanna líka, náð niður kostnaði um þrjá milljarða á ári, tvo milljarða fyrir neytendur og einn milljarð fyrir bændur.

Ef litið er á afkomu fyrirtækjanna í keðjunni frá bændum til neytenda þá hefur afkomu MS verið stýrt með verðlagningu á hráefni og afurðum þannig að hún er rétt liðlega eitt % af veltu í góðu ári, um 300 milljónir af 20 milljarða króna veltu. Hagnaður stærsta smásölurisans, Haga, sem í raun ræður örlögum framleiðslufyrirtækja í matvælaiðnaði, nam um 3,6 milljörðum króna af 76 milljarða veltu. Þetta er munurinn á fákeppnisfyrirtæki á markaði án kvaða og fyrirtæki sem lýtur regluverki og aðhaldi!



**Fyrirkomulagið sem mjólkurbændur hafa komið á varð ekki til í lagalegu tómarúmi því það hvílir innan lagaumgjarðar, sem sérstaklega var sniðin til að reyna að knýja fram hagræðingu í greininni neytendum og bændum til hagsbóta. Það hefur tekist.**

Á grundvelli samvinnu hefur bændum tekist að koma vinnslu mjólkurafurða í farveg sem svipar til þess sem gerist með grannþjóðum okkar. Bændur í norðanverðri Evrópu og víðar hafa með sér svipaðan félagsskap og Auðhumla er með hér og hafa þeir samvinnurekstur um mjólkurvinnslu. Þetta hefur alls staðar leitt til samþjöppunar heima fyrir. Síðan hefur opnast samkeppnismarkaður innan ESB með mjólkurvörur en einnig þar hefur hið sama orðið uppi á teningnum hvað vinnslustigið áhrærir, samþjöppun á samþjöppun ofan. Heimafélagið er víðast hvar lang fyrirferðarmest þótt sums staðar hafi þeim fyrirtækjum tekist að hasla sér völl utan eigin landamæra. Þannig er Arla, sem fyrst var samvinnufélag danskra og sænskra kúabænda, orðið með stærstu mjólkurvörufyrirtækjum í Bretlandi og Norður-Þýskalandi. Í þessu samhengi er Mjólkursamsalan á Íslandi að sjálfsögðu dvergvaxin en hefur engu að síður vegna skynsamlegrar félags- og lagaumgjarðar og á grundvelli samvinnu tekist vel upp.

**„Frelsiskreddukjaftæði“**

Verðstýring í mjólkuriðnaði hefur verið gagnrýnd á forsendum þess sem Þórarinn Eldjárn rithöfundur hefur að vísu í öðru samhengi, kallað „frelsiskreddukjaftæði“. Verðstýringin hefur gengið út á að tryggja sem ódýrasta mjólk. Fulltrúar verkalýðssamtakanna hafa gengið mjög hart fram gagnvart framleiðendum til að halda verðlagi í skefjum en viðleitni þeirra hefur einnig gengið út á að tryggja hag barnafjölskyldna með því að halda mjólkinni á lágmarksverði með verðmillifærslum á milli vöruflokka. Þetta gengur náttúrlega þvert á heilaga ritningu markaðskreddunnar sem segir að verðlag skuli stjórnast alfarið af framleiðslukostnaði hverrar vörutegundar um sig og engar millifærslur leyfðar. Slíkt sé argasti sósíalismi og truflun á lögmálum markaðarins.

**Hver er hinn veiki?**

Þegar þessi mál voru rædd á Alþingi síðastliðinn vetur voru uppi tvenns konar sjónarmið sem þó áttu það sameiginlegt að vilja vernda „hinn veika“. Annars vegar, hinn veikburða á markaði gegn hinum allsráðandi. Síðan voru hin sem skilgreindu hinn veika sem tekjulítið fólk sem tryggja þyrfti sem allra bestar afurðir á viðráðanlegu verði. Ég var í síðari hópnum og er enn.


Frískandi Nescafé – tilbúið til drykkjar




Fullkomin blanda af ljúffengu kaffi og súkkulaði.

Kröftugt kaffibragð með örlitlum sykri fyrir þroskaða bragðlauka.

Sígilt bragð, hressandi kaffi og silkimjúk mjólkurslæða.

Það hefst með NESCAFÉ

# Kínverska hagkerfið siglir lygnan sjó



**Zhang Weidong,**
sendiherra Kína á Íslandi

Nýlega hafa mér borist nokkrar spurningar um stöðu kínverska hagkerfisins. Hvernig er hægt að meta núverandi stöðu þess? Er það að hruni komið? Hvaða hlutverki hefur það að gegna í alþjóðahagkerfinu?

Mig langar að byrja á að fara yfir helstu hagtölur frá Kína það sem af er þessu ári. Verg landsframleiðsla jókst um 6,7% á fyrsta ársfjórðungi og hefur vaxið stöðugt á öðrum ársfjórðungi. Vísbendingar eru um að kornframleiðsla hafi aukist á sumarmánuðum og að hagnaður iðnframleiðenda hafi sömuleiðis aukist. Þjónustuiðnaðurinn vex hratt og vörusala eykst stöðugt. Vísitala neysluverðs hefur staðið í stað og lækkun á vísitölu framleiðsluverðs hefur gengið til baka. Jafnframt hefur notkun mengandi orkugjafa og losun mengandi lofttegunda minnkað. Þá ríkir mikill stöðugleiki á vinnumarkaði en á fyrstu fimm mánuðum þessa árs sköpuðust 5,77 milljónir nýrra starfa í borgum, sem uppfylltu 58% af markmiði atvinnusköpunar fyrir þetta árið. Atvinnuleysi í 31 af stærstu borgum Kína mældist aðeins 5,02% í maí síðastliðnum.

Vísitölur framleiðsluverðs, eftirspurnar, neysluverðs, framleiðslumagns sem og væntingavísitölur sýna merki um bata í kínversku hagkerfi. Þrátt fyrir áframhaldandi samdrátt í alþjóðahagkerfinu hefur kínverska hagkerfið verið innan marka efnahagslegs stöðugleika og hefur á heildina litið viðhaldið stöðugum vexti.

Helstu ástæður stöðugs vaxtar kínverska hagkerfisins á árinu má rekja til umbóta á stjórnkerfinu sem og áherslu stjórnvalda á aðlögun og nýsköpun á markaði. Umbæturnar miðuðu að dreifingu valds auk þess að straumlínulaga stjórnkerfið með því markmiði að bæta opinbera þjónustu. Aukin þjónusta hins opinbera hefur skotið styrkum stoðum undir frumkvöðlastarfsemi og nýsköpun og sem hefur stuðlað að frekari markaðsþróun. Daglega eru stofnuð 40.000 ný fyrirtæki í Kína. Þar á meðal eru 13.000 fyrirtæki sem hafa með höndum umfangsmikinn atvinnurekstur og hafa ýtt verulega undir atvinnusköpun. Einkaneysla og þjónustuiðnaður eru sífellt að verða mikilvægari fyrir kínverska hagkerfið. Breytt neytendahegðun sést best með miklum fjölda nýrra notenda upplýsinga- og samskiptatækni, aukinni notkun snjallsíma og fjölda ökutækja sem knúin eru af nýjum orkugjöfum. Einnig er mikill vöxtur í afþreyingargreinum og velferðarþjónustu líkt og ferðamennsku, menningu, íþróttum, heilsueflingu og öldrunarþjónustu. Þjónustuiðnaðurinn hefur skilað mestum afköstum, er leiðandi í atvinnusköpun og er í dag drifkraftur kínversks hagkerfis. Einnig hefur orðið sprenging í hátækni framleiðslu, hágæða framleiðslu, netviðskiptum og öðrum nýtilkomnum atvinnugreinum. Með nýjum áherslum stjórnvalda spilar nýsköpun mikilvægt hlutverk í vexti hagkerfisins. Í þeim fyrirtækjum, atvinnugreinum og á þeim landsvæðum sem aðlöguðust snemma stefnubreytingunum vaxa ný fyrirtæki afar hratt sem sýnir jákvæða þróun. Í heildina séð hefur uppbygging kínverska hagkerfisins orðið betri og hafa gæði þess aukist til muna sem gefur góða raun fyrir áframhaldandi vöxt. Þegar lagt er í svo umfangsmikið umbreytingarferli eru skammtímasveiflur á vexti hagkerfisins óumflýjanlegar, en kínverskt hagkerfi mun þó ekki bíða skipbrot heldur mun kínverska hagkerfið sigla lygnan sjó.

Við gerum okkur grein fyrir að styrkja þarf grunnstoðir kínverska hagkerfisins ef knýja skal fram áframhaldandi vöxt. Því alþjóðlegt umhverfi er bæði flókið og krefjandi og ör vöxtur kínversks markaðar hefur valdið því að djúpstæð vandamál innanlands hafa hlaðist upp í gegnum árin. Mikilvægi utanaðkomandi eftirspurnar fyrir kínverska hagkerfið fer sífellt minnkandi. Lítil aukning er á fjárfestingum í fyrirtækjum og framleiðslu sem og að undirliggjandi áhættur í fjármálageiranum og í öðrum atvinnugreinum eru til staðar. Tiltölulega fleiri vandamál hafa komið upp í atvinnugreinum með takmarkaða afkastagetu og í landshlutum með einsleita efnahagsuppbyggingu. Einnig hefur skapast mikill efnahagslegur þrýstingur vegna erfiðleika við að skapa jafnvægi milli efnahagslegra og þjóðfélagslegra þátta. Hins vegar höfum við nú þegar tekist á við fjölmargar áskoranir og sýnt bæði festu og hæfni til að sigrast á öllum þeim erfiðleikum sem frammi fyrir okkur standa. Það hefur sýnt sig í kínversku efnahagslífi að viljinn er erfiðleikunum ávallt yfirsterkari.

**Við gerum okkur grein fyrir að styrkja þarf grunnstoðir kínverska hagkerfisins ef knýja skal fram áframhaldandi vöxt. Því alþjóðlegt umhverfi er bæði flókið og krefjandi og ör vöxtur kínversks markaðar hefur valdið því að djúpstæð vandamál innanlands hafa hlaðist upp í gegnum árin.**

Kínverskt hagkerfi hefur forskot í alþjóðlegri samkeppni með stórt landrými, mikla vaxtarmöguleika og bjartar framtíðarhorfur. Virkt vinnuafl í Kína telur 900 milljónir manna en þar á meðal eru 170 milljónir með háskólamenntun eða sérfræðikunnáttu. Árlega útskrifast sjö milljónir manna úr háskóla og fimm milljónir úr verknámi. Ekkert annað ríki á jafnmarga sérfræðinga á sviði vísinda og Kína vermir annað sætið á meðal þjóða í rannsóknum og þróun, með yfir 18 billjónum íslenskra króna (150 milljörðum Bandaríkjadala) varið í rannsóknir og þróun á síðasta ári. Kína er annað stærsta hagkerfi heims, stærsta framleiðsluríki heims, lykilþjóð í viðskiptum með vörur og þjónustu og eftirsóknarverður áfangastaður fyrir erlenda fjárfestingu. Kínverski markaðurinn er einnig annar stærsti neytendamarkaður heims. Nokkur hundruð milljóna manna millistétt Kínverja vex ört. Íbúafjöldi í borgum eykst um tíu milljónir manna árlega og samtímis fækkar fátækum íbúum í sveitum. Kína er nýmarkaðsríki með mikla vaxtarmöguleika í framtíðinni. Allt þetta gerir Kína að stað þar sem einstaklingar hvaðanæva að fá tækifæri á að nýta hæfni sína og framtakssemi til þátttöku í uppbyggingu viðskiptalífsins. Mikil bjartsýni ríkir þegar litið er á núverandi stöðu kínverska hagkerfisins sem og þegar litið er til framtíðar, því hið gríðarstóra kínverska hagkerfi siglir lygnan sjó.

Kína mun í samstarfi við önnur ríki koma til með nýta þau fjölmörgu tækifæri sem hafa skapast með nýrri tækni- og iðnbyltingu til að knýja hjól efnahagslífsins í gang og þar með stuðla að efnahagslegum bata í alþjóðahagkerfinu. Með því móti geta ríki sameiginlega endurheimt efnahagslegan stöðugleika í framtíðinni með hagsæld alls mannkyns að leiðarljósi.




# Skoðanir, álit eða lög?



**Valdimar Guðjónsson**
formaður Félags kúabænda á Suðurlandi

Hefðbundinn júlí. Blíða. Lognmolla. Gúrka. Þá er aðeins eitt í stöðunni hjá Samkeppniseftirliti. Sleppa djúpsprengjunum. Hamast í MS. Kemst örugglega vel í fréttirnar nú að loknu EM. Allir raðast inn í réttri röð.

1. Forstjóri Samkeppniseftirlitsins. Sekt MS hækkuð. Líkurnar á að hann verði ekki enn á ný afturreka hjá áfrýjunarnefnd samkeppnismála, á að giska fimm prósent.
2. Óli í Mjólku dúkkar upp. Ekki að þakka fyrir lánið á mjólkurbílnum. (Já, MS lánaði honum mjólkurbíl að sækja mjólk. Voru ekki verri við hann en svo. )
3. Að sjálfsögðu háskólakennarinn óhittni (Icesave, evru-draumalandið) Þórólfur Matthíasson með grein.

Það er skringileg nálgun RÚV og 365 kringum úrskurði Samkeppniseftirlitsins. Farið er með „álitin“ frá þessu svokallaða eftirliti líkt og lokadóma Hæstaréttar og að nokkur hundraða blaðsíðna langlokurnar, séu meitlaðar í stein á Síneafjalli.

Vissulega frétt, en ein af fyrstu spurningum sæmilega hugsandi fjölmiðlunga væri hvað væri nú breytt? Hvað sé öðruvísi frá því þegar sömu niðurstöður Páls Gunnars Pálssonar í máli gegn MS voru gerðar afturreka fyrir stuttu og sektarálagning endurgreidd að fullu með vöxtum. Það er langt gengið þegar stofnanir ríkisins telja sig æðri gildandi lögum. Sem sagt dæmi mörg hundruð milljóna sektir vegna eigin skoðana (ríkisstofnunarinnar) en fráleitt samkvæmt gildandi lögum. Þannig var í raun niðurstaðan síðast.

**Hafi eitthvað breyst (sem ekki hefur komið fram) er það slæmt og MS þarf að vanda sig betur. Ekki skal gert lítið úr því hér. Sé ekki svo telst hér tilefnislaus blekkingarleikur.**

Síðan er hin hliðin auðvitað sú að hverjum eru eigin skoðanir frjálsar. Líka um lög landsins. Það má. En þá blasir líka við að fyrrgreindur forstöðumaður er á röngum stað. Hann á betur heima þar sem lögin eru sett. Hugsanlega er sá vinnustaður að gjalda fyrir hrikalega lágt skor á ánægjuvoginni. Alþingi fær ekki inn fólkið með stóru skoðanirnar vegna allra leiðindanna. Menn eins og forstjórann.

Hafi eitthvað breyst (sem ekki hefur komið fram) er það slæmt og MS þarf að vanda sig betur. Ekki skal gert lítið úr því hér. Sé ekki svo telst hér tilefnislaus blekkingarleikur.

Líkt og ótal margt í fjölbreyttum iðnaði sem Íslendingar bjástra við nýtur MS og íslenskur mjólkuriðnaður aðdáunar bæði sérfróðra í mjólkurgeiranum og neytenda erlendis. Undrast margir breitt vöruúrval og almenn gæði á ekki stærra markaðssvæði. Slíkt fæst einungis með góðu hráefni og hæfu starfsfólki. Verð til neytenda er fyllilega sambærilegt við nágrannalöndin hér í Norður-Evrópu og víðar.

Kannanir Eurostat viskubanka ESB, staðfesta það.



Fegrum úti...
MÚRBÚÐARVERÐ
7.490
4 lítrar kr. 3.995
DEKA þakmálning, 10 lítrar
12.695
ODEN EÐAL OLÍA á palla.
Hágæða Silikonalkyd efni. 2,7 l.
4.390
Frábært verð
á stál- og plast-
þakrennum.
Sjá verðlista á
www.murbudin.is
ODEN þekjandi viðarvörn
1 líter, A stofn
2.095
Mako
penslasett
590
LLA-308
PRO álstigi 3x8 þrep
2,27-5,05 m
18.990
Steypugljái á
stéttina í sumar
Landora tréolía
2.690
MIKIÐ ÚRVAL AF STIGUM OG TRÖPPUM
Weber Rep 980 5kg
1.650
Tia Framlengingar-
skaft 2-4 mtr.
2.495
DEKA SÍLAN vatnsfæla 5 lítrar
6.590
1 líter kr.
1.790
Deka Hrað 5 kg
1.890
Weber Milligróf
múrblanda 25 kg
1.890
Superseal og Clear Guard
steypugjái
Dicht-Fix þéttiefni 750ml
1.995
Cibon #1630
Hellubursti
framlengjanlegt skaft
1.695
...og inni
Áltrappa 3 þrep - verð frá
3.990
Áltrappa 4 þrep 4.940
5 þrep 6.590
6 þrep 6.990
7 þrep 7.990
Bio Kleen pallahreinsir
895
5 lítrar kr. 3.295
25 stk. 110 lítra ruslapokar
Einnig 200lítra 10 stk. kr. 795 (65my)
995
Yfirbreiðsla
Fleece 1x3m
590
1x5m kr. 825
Deka Projekt 10, 10 lítrar (stofn A)
6.990
Proflex Nitril
vinnuhanskar
395
Mako 12 lítra fata
490
25cm Málningar-
rúlla og grind
840
Malartvatt Paint Wash
1.195
Bostik medium LH
spartl 5 lítrar
2.890
Bakki, 25 cm rúlla, grind
og pensill. - Sett
1.695
Bostik málarakýtti
495
Bostik spartl 250ml
590
Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN
MÚRBÚÐIN
Reykjavík Klettháls 7 Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16
Reykjanesbær Fuglavík 18 Opið virka daga kl. 8-18
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is
Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

# Rússarnir áttu ekki svör við íslensku geðveikinni

**Íslenska 20 ára landsliðið í körfubolta varð fyrsta íslenska liðið til að vinna Rússa í körfu. Átta strákar í liðinu eru einnig í æfingahóp A-landsliðsins og fá því frábært tækifæri til að sýna sig og sanna í Grikklandi.**

**KÖRFUBOLTI** Íslensku landsliðin halda áfram að vera stóru þjóðunum skeinuhætt eins og Davíð á móti Golíat. Þetta hafa þau sýnt síðustu árin og litla Ísland minnti enn á ný á sig á alþjóðlegum vettvangi um síðustu helgi.

Ísland er með í Evrópukeppni undir tuttugu ára liða á ný í körfunni og á laugardaginn vann liðið Rússa 71-65. Bestu úrslit Íslands á móti Rússum fyrir þennan sögulega leik var 16 stiga tap og Rússarnir voru einmitt komnir sextán stigum yfir eftir fyrsta leikhlutann. Strákarnir sýndu úr hverju þeir eru gerðir, komu til baka og urðu fyrstir íslenskra liða til að vinna Rússa í körfubolta.

**Nauðsynlegt skref**

Finnur Freyr Stefánsson, þjálfari Íslandsmeistara KR undanfarin þrjú ár, er þjálfari liðsins. „Það er bara frábært að við séum að keppa aftur á Evrópumóti undir 20 ára og þannig að reyna að brúa bilið á milli yngri landsliðanna og A-landsliðsins. Þetta er nauðsynlegt skref. Það er líka ekki oft sem við fáum tækifæri til að keppa á móti Rússum. Liðunum var fækkað í A-deild. Rússland, Króatía, Grikkland, Pólland, Bosnía og Svartfjallaland féllu öll í B-deildina og B-deildin er því mjög sterk í ár,“ segir Finnur.

**Sjokk í fyrsta leik**

Íslenska liðið tapaði fyrsta leik sínum en hefur síðan svarað með sigrum á Rússum og Eistum. „Hvít-Rússaleikurinn var svolítið sjokk fyrir liðið og þá sérstaklega upp á varnarleikinn að gera. Við vorum betur undir það búnir á móti Rússunum. Við duttum betur í gírinn þegar leið á leikinn. Við fórum í þessa íslensku geðveiki sem við höfum alltaf talað um hjá A-landsliðinu. Það var bara að kýla á þetta og spila hratt og reyna með því að sprengja upp leikinn,“ segir Finnur. Í liði hans eru strákar sem voru í stórum hlutverkum hjá meistaraflokkum sínum undanfarin tímabil.

**Skemmtilega samsett lið**

„Þeir eru klárir í slaginn, eru ekkert hikandi eða smeykir. Þeir eru ákveðnir og hræðast ekki neitt. Það er munur að vera með stráka sem eru vanir að spila á móti fullorðnum karlmönnum þó að varnarleikurinn hérna sé svolítið öðruvísi en við erum vanir heima. Þetta er mjög skemmtilega samsett lið og strákar sem lofa góðu fyrir framtíðina,“ segir Finnur. Átta þeirra eru í æfingahóp A-landsliðsins og þar er Finnur aðstoðarþjálfari. Er þetta ekki bara ein stór áheyrnarprufa hjá þessum strákum? „Jú, að sjálfsögðu. Við ætlum síðan að sjá hvernig strákarnir koma inn í prógrammið heima þegar þeir koma til baka eftir mótið. Stóri hópurinn byrjar að æfa í vikunni en við komum heim á mánudaginn og strákarnir byrja að æfa fljótlega eftir það. Það verður mjög athyglisvert að sjá hvernig þeir standa miðað við þessa karla heima eftir þetta mót,“ segir Finnur. A-landsliðið keppir í undankeppni EM í haust þar sem liðið reynir að komast á sitt annað Eurobasket-mót í röð.

**Geta tekið við keflinu**

Finnur segir að í 20 ára liðinu séu leikmenn sem geti náð langt. „Ég sé fyrir mér í framtíðinni að hér séu strákar sem eru klárir í það að taka við keflinu af eldri strákunum í A-landsliðinu. Þeir þurfa að hugsa um það að leggja hart að sér áfram. Þeir eru gríðarlega góðir og hafa staðið sig vel heima en þeir eiga enn þá mikið verk fyrir höndum ef þeir ætla að komast í fremstu röð. Það er núna bara í þeirra höndum hversu langt þeir vilja ná, hversu mikið þeir eru tilbúnir að leggja á sig því hæfileikarnir eru klárlega til staðar,“ segir Finnur.

Íslenska liðið fékk tveggja daga hvíld en mætir Póllandi í dag þar sem sigur tryggðir liðinu sæti í átta liða úrslitum. **ooj@frettabladid.is**

## Átta úr tuttugu ára landsliðinu valdir í æfingahóp A-landsliðsins í körfubolta

**Breki Gylfason**
19 ára og 204 sentimetra kraftframherji úr Breiðabliki.

**Tryggvi Þór Hlinason**
18 ára og 216 sentimetra miðherji úr Þór Akureyri.

**Kristinn Pálsson**
18 ára og 197 sentimetra framherji úr Njarðvík en er í Marist-skólanum.

**Kári Jónsson**
18 ára og 192 sentimetra bakvörður úr Haukum en er á leið í Drexler-skólann.

**Finnur Freyr Stefánsson**
þjálfari U-20 og aðstoðarþjálfari A-landsliðsins.



**Viðar Ágústsson**
20 ára og 193 sentimetra bakvörður úr Tindastóli.

**Pétur Rúnar Birgisson**
20 ára og 186 sentimetra leikstjórnandi úr Tindastóli.

**Hjálmar Stefánsson**
20 ára og 199 sentimetra framherji úr Haukum.

**Jón Axel Guðmundsson**
19 ára og 196 sentimetra leikstjórnandi úr Grindavík en er á leið í Davidson-skólann.

**Pepsídeild kvenna í fótbolta**

**Breiðablik - Valur 1-1**
1-0 Fanndís Friðriksdóttir (18.), 1-1 Margrét Lára Viðarsdóttir (80.).

Óvænt langskot Margrétar Láru Viðarsdóttur tryggði Val jafntefli og sá til þess að Stjörnukonur eru á toppnum þegar deildin er hálfnuð.

**Þór/KA - ÍBV 2-0**
1-0 Sandra Stephany Mayor Gutierrez (33.)
2-0 Andrea Mist Pálsdóttir (44.)

Fjórði sigur Þór/KA í röð en þessi lið mætast aftur í undanúrslitum Borgunarbikarsins á laugardag.

**KR - ÍA 0-2**
0-1 Megan Dunnigan (6.), 0-2 Megan (79.)

Fyrsti sigur Skagastúlkna í Pepsídeildinni í sumar. Megan Dunnigan hefur skorað öll mörk ÍA í ár.

**Selfoss - Fylkir 1-3**
1-0 Lauren Elizabeth Hughes (29.), 1-1 Shu-o Tseng (47.), 1-2 Sandra Sif Magnúsdóttir (81.), 1-3 Sandra Sif (89.).

Sandra Sif Magnúsdóttir skoraði tvö mörk í lok leiksins og Fylkiskonur tóku sjötta sætið af Selfossi.

| Efri hlutinn | | Neðri hlutinn | |
|---|---|---|---|
| 1. Stjarnan | 22 | 6. Fylkir | 10 |
| 2. Breiðablik | 21 | 7. Selfoss | 9 |
| 3. Valur | 18 | 8. FH | 7 |
| 4. Þór/KA | 17 | 9. KR | 6 |
| 5. ÍBV | 12 | 10. ÍA | 4 |

FH OG MEISTARADEILDIN Í BEINNI Á S2 SPORT Í KVÖLD

FH-ingar geta tryggt sér sæti í 3. umferð forkeppni Meistaradeildarinnar í kvöld þegar þeir fá írska liðið Dundalk í heimsókn í Kaplakrikann.



Liðin gerðu 1-1 jafntefli í fyrri leiknum á Írlandi og því eru FH-ingar í ágætum málum. Sigurvegarinn mætir BATE Borisov frá Hvíta-Rússlandi í næstu umferð.

Leikurinn hefst klukkan 19.15 og verður sýndir beint á Stöð 2 Sport.




# Á eftir að gera mig að betri leikmanni

**FÓTBOLTI** „Ég hef oft sagt að draumurinn sé að spila í ensku úrvalsdeildinni og nú er ég kominn þangað þannig að það er auðvitað hægt að segja að draumurinn sé að rætast,“ sagði landsliðsmaðurinn Jóhann Berg Guðmundsson í samtali við Fréttablaðið í gær, skömmu eftir að fréttir bárust af því að hann væri búinn að semja við Burnley. Jóhann Berg segir að félagið og áhuginn sem það sýndi á að fá hann hafi heillað.

„Þetta var alltaf fyrsti kostur. Ég ákvað að stökkva á tækifærið og líst mjög vel á þetta. Þeir hafa verið að skoða mig frá því í desember. Eftir EM ákváðu þeir svo að keyra á þetta. Það verður gaman fyrir mig að spreyta mig í þessari deild,“ sagði Jóhann Berg sem vildi lítið tjá sig um áhuga annarra liða.

Jóhann Berg segist hlakka til að spila fyrir knattspyrnustjórann Sean Dyche sem þykir mjög fær í sínu starfi og hefur komið Burnley tvisvar upp í ensku úrvalsdeildina.



Jóhann Berg byrjaði alla leiki Íslands á EM í Frakklandi. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> Þeir hafa verið að skoða mig frá því í desember.
>
> Jóhann Berg Guðmundsson

„Hann er skemmtilegur maður. Hann vill að sínir menn gefi 120% í allar æfingar og alla leiki. Mín fyrstu kynni af honum eru mjög jákvæð og ég er á því að hann geri mig að betri leikmanni,“ sagði Jóhann Berg sem mætir væntanlega samherja sínum úr íslenska landsliðinu, Gylfa Þór Sigurðssyni, þegar Burnley tekur á móti Swansea City í 1. umferð ensku úrvalsdeildarinnar laugardaginn 13. ágúst næstkomandi.

„Það verður gaman að spila við hann í fyrsta leik. Þeir mæta á Turf Moor og það verður ekki auðvelt fyrir þá,“ sagði Jóhann Berg en Burnley tapaði aðeins tveimur deildarleikjum á heimavelli á síðasta tímabili. **ingvithor@365.is**




# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 20. júlí 2016 | 29. tölublað | 10. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL

## Hálendishagkerfið veltir milljörðum



Íslensk ferðaþjónustufyrirtæki þéna nú milljarða á ári af útvistarferðum um hálendið. Áhugi fólks hefur margfaldast. Ekki eru þó allir á því að komið sé að þolmörkum. »4

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



»2
**Á niðurleið**
Gengi evru gagnvart krónu hefur ekki verið lægra í tæp átta ár.

»5
**Tækifæri á Íslandi**
Sérfræðingur telur einstakt tækifæri í baráttu gegn skattaskjólum á Íslandi.

»5
**Wall Street í vanda**
Afkoma fjárfestingabanka versnar milli ára.

»6
**Ógn við heimsfrið**
Lars Christensen óttast aukna verndartolla.

»8
**Efnisveita í vanda**
Stjórnarmaðurinn segir Netflix glíma við tilvistarkreppu.



# SKJÓÐAN

## Algerlega hafið yfir vafa?

**MANNRÉTTINDADÓMSTÓLL** Evrópu (MDE) hefur spurt íslenska ríkið áleitinna spurninga vegna kæru þeirra, sem voru dæmdir til fangelsisvistar í Al Thani-málinu. Spurningar dómstólsins eru meitlaðar og gefa til kynna að meiri líkur en minni séu til þess að kæra hinna dæmdu verði tekin til efnislegrar meðferðar.

**MDE ER EKKI** áfrýjunardómstóll. Dómur frá honum breytir ekki dómi landsdómstóls eða fullnustu refsingar. MDE fer yfir málsmeðferð og metur hvort mannréttindi hafi verið brotin á mönnum við rannsókn máls og réttarhöld.

**SÉRSTAKA ATHYGLI** vekur að MDE spyr um mögulegt vanhæfi Árna Kolbeinssonar hæstaréttardómara. Eiginkona Árna var varaformaður Fjármálaeftirlitsins, sem kærði Al Thani-málið til lögreglu. Sonur hans var lykilstarfsmaður slitastjórnar Kaupþings sem var talið tjónþoli í málinu og hafði því fjárhagslega hagsmuni af niðurstöðu málsins. Dóttir Árna var skrifstofustjóri í efnahags- og viðskiptaráðuneytinu, sem setti FME reglur og hafði frumkvæði að lagasetningu um FME auk þess sem hún var stjórnarformaður Tryggingasjóðs innstæðueigenda.

**HVERNIG DATT** dómaranum í hug að hann væri á einhvern hátt hæfur til að fjalla um og dæma í máli þar sem hans nánustu ættingjar áttu jafn ríkra hagsmuna að gæta? Hvernig hvarflaði það að forseta Hæstaréttar að slíkur dómari þyrfti ekki að víkja sæti? Vanhæfið hreinlega öskrar framan í fólk! Með vanhæfi dómara er ekki verið að ýja að því að hagsmunatengsl þurfi endilega að hafa áhrif á niðurstöðu mála heldur hefur MDE slegið því föstu í málum sem tengjast íslenskum dómstólum að ekki sé nóg að hagsmunatengsl hafi ekki haft áhrif á dómara heldur þurfi að vera algerlega hafið yfir vafa að slík tengsl gætu mögulega haft áhrif.

**HÆSTIRÉTTUR ÓGILTI** héraðsdóm í Aurum-málinu á þeim forsendum að tengsl eins þriggja dómara, sem dæmdu málið í héraði, við sakborning í öðru máli hefðu valdið vanhæfi hans. Einnig taldi Hæstiréttur það stuðla að vanhæfi dómarans í Aurum-málinu að hann gagnrýndi saksóknara málsins eftir að sýknudómur var fallinn vegna ummæla sem saksóknarinn lét falla eftir þann sýknudóm.

**BERSÝNILEGA GERIR** Hæstiréttur meiri kröfur til héraðsdómara í hrunmálum en hæstaréttardómara. Nema málið snúist alfarið um dómsniðurstöðu. Hæstiréttur taldi dómarann sem sýknaði í hrunmáli vanhæfan vegna einhvers sem gerðist eftir að málið var flutt og dæmt en dómari sem hafði misst tvö félög í gjaldþrot vegna viðskipta við Kaupþing var talinn hæfur til að dæma stjórnendur þess banka í héraði, rétt eins og hæstaréttardómarinn fyrrnefndi.

**NÚ HEFUR MDE** krafið ríkið um skýringar á þessu. Því ber að fagna. Ríki sem ekki tryggir öllum þegnum sínum réttláta málsmeðferð er ekki réttarríki.

## Á döfinni

**Miðvikudagur 20. júlí**

HAGSTOFA ÍSLANDS
- Vísitala byggingarkostnaðar fyrir ágúst 2016

ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS
- Vísitala leiguverðs á höfuðborgarsvæðinu

**Fimmtudagur 21. júlí**

ÖSSUR
- Uppgjör annars ársfjórðungs

**Föstudagur 22. júlí**

HAGSTOFA ÍSLANDS
- Vísitala framleiðsluverðs í júní 2016

HAGSTOFA ÍSLANDS
- Vísitala neysluverðs í júlí 2016

HAGSTOFA ÍSLANDS
- Mánaðarleg launavísitala í júní 2016

HAGSTOFA ÍSLANDS
- Greiðslujöfnunarvísitala í ágúst 2016

HAGSTOFA ÍSLANDS
- Vísitala kaupmáttar launa í júní 2016

HAGSTOFA ÍSLANDS
- Vísitala lífeyrisskuldbindinga í júní 2016

**Mánudagur 25. júlí**

HAGSTOFA ÍSLANDS
- Kjötframleiðsla í júní 2016

**Þriðjudagur 26. júlí**

ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS
- Viðskipti með atvinnuhúsnæði

**Miðvikudagur 27. júlí**

HAGSTOFA ÍSLANDS
- Vinnumarkaður í júní 2016

MARKAÐURINN

**ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf.**, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **512 5000** | Fax **512 5301**

Umsjón **Jón Hákon Halldórsson** **jonhakon@365.is**

Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**

Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@markadurinn.is** Veffang visir.is



Stór hluti utanríkisviðskipta Íslendinga er við ríki sem nota evru sem gjaldmiðil. NORDICPHOTOS/GETTY

# Evran ekki verið ódýrari síðan 2008

**Gengi evru gagnvart íslensku krónunni hefur ekki verið lægra síðan í september 2008. Forstjóri Icelandair Group gagnrýnir vaxtastefnu Seðlabankans. Sérfræðingur hjá Arion banka bendir á að sterkt gengi viðhaldi lágri verðbólgu.**

Gengi evru gagnvart krónu hefur verið undir 135 síðustu þrjá daga og hefur ekki verið lægra síðan í september árið 2008, eða í tæp átta ár.

Erna Björg Sverrisdóttir, sérfræðingur hjá Greiningardeild Arion banka, segir skýringuna helst vera þá að evran hafi lækkað vegna óróleika á evrópskum mörkuðum, meðal annars vegna þjóðaratkvæðagreiðslunnar um úrsögn Breta úr ESB og tilraunar til valdaráns í Tyrklandi. Þá hafi krónan einfaldlega styrkst undanfarið af völdum gjaldeyrisinnflæðis vegna erlendra ferðamanna. Sem dæmi jókst erlend kortavelta um 40 prósent í júní frá sama mánuði í fyrra.

Erna segir áhrif af lækkun á gengi evrunnar meðal annars geta komið fram í utanríkisviðskiptum. Samkvæmt tölum Hagstofunnar var hlutdeild evru í vöruútflutningi 27 prósent á síðasta ári og 36 prósent í innflutningi. „Þannig að maður getur líklega séð meiri innflutning frá evrulöndunum og svo getur þetta dregið úr útflutningi þegar evran veikist svona."

Erna segir vandasamt að spá fyrir um framtíðina, en hún muni meðal annars ráðast af viðbrögðum Seðlabanka Íslands. Losun hafta gæti haft í för með sér útstreymi gjaldeyris sem myndi vega á móti styrkingu krónunnar. Þá sé spurning hvort Seðlabankinn muni grípa mikið inn í gjaldeyrismarkaðinn til þess að halda gengi krónunnar stöðugu gagnvart evrunni, eins og gert hefur verið hingað til. Erna bendir á að ef krónan heldur áfram að styrkjast haldist verðbólgan áfram í skefjum.

Björgólfur Jóhannsson stýrir stærsta ferðaþjónustufyrirtæki á Íslandi, Icelandair Group. Hann segist ekki vera farinn að sjá að gengisþróun hafi áhrif á komu ferðamanna til Íslands. „En það er hins vegar ljóst að svona getur haft áhrif. Það er bara þannig." Það sé töluvert dýrara að koma hingað, einkum fyrir Breta. „En síðan er gengi krónunnar orðið áhyggjuefni fyrir útflutningsvegina," segir Björgólfur. Það sé umhugsunarefni hvort Seðlabankinn ætli að halda áfram hávaxtastefnu sinni með innflæði peninga sem útflutningsatvinnuvegirnir finni fyrir. „Þetta kemur einhvers staðar niður, hvort sem það er útgerð, ferðamennska eða hvað annað."

Björgólfur segir ekki útilokað að fyrirtækið þurfi að bregðast við þróun á gjaldeyrismörkuðum með breyttri markaðssetningu. „Það getur alveg komið til þess en það er svolítið snemmt að segja til um það," segir hann. Enn sé verið að vinna úr málum tengdum Brexit. Það liggi þó fyrir að Bretland sé stór markaður, bæði fyrir ferðaþjónustu og sjávarútveginn. **jonhakon@frettabladid.is**

SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR

ERUM MEÐ VANA SMIÐI, VERKAMENN, MÚRARA OG PÍPARA SEM ERU KLÁRIR Í MIKLA VINNU.

HANDAFL EHF s. 777 2 333

## Vikan sem leið

**43%**
**minni velta**

Frá því að ljóst var að Bretland myndi yfirgefa Evrópusambandið hefur velta í sölu lúxusheimila í London dregist saman um tæplega helming. Á fyrstu tólf virkum dögum eftir að niðurstaða Brexit-kosninganna lá fyrir hafði velta með sölu dýrustu eignanna í London dregist saman um 43 prósent, samanborið við sama tímabil árið áður.

**16%**
**lækkun**

Gengi hlutabréfa í streymiþjónustunni Netflix lækkaði um allt að 16 prósent í viðskiptum eftir lokun markaða á mánudag eftir að uppgjör annars árfjórðungs var kynnt. Í uppgjörinu kom fram að Netflix bætti einungis við sig 1,7 milljónum notenda á fjórðungnum, sem er helmingi minna en á sama tímabili fyrir ári. Fjárfestar óttast þróunina.

**21%**
**aukning**

Olíunotkun á Íslandi mun aukast um 21 prósent fram til ársins 2050 samkvæmt nýrri eldsneytisspá Orkustofnunar. Samkvæmt spánni mun olíunotkun vegna millilandaflutninga aukast um 143 prósent fram til 2050 en innanlandsnotkun dragast saman um 40 prósent. Spáin byggir á því að ferðamönnum haldi áfram að fjölga og þar með aukist olíunotkun.


VOLVO
SIGURVEGARI
ÁRSINS ALLS STAÐAR.
NÁNAST.
Verðlaunin eru orðin svo mörg að við höfum ekki lengur tölu á þeim.
Nýr Volvo XC90 frá 10.590.000 kr.
Komdu í Brimborg og reynsluaktu bíl ársins 2016 á Íslandi
Made By Sweden | volvocars.is



Gönguhópur á leið um Hvanngil við Skaftá. Uxatinda má sjá í baksýn. Margfalt fleiri ferðast nú um hálendið fótgangandi en áður og tekjur ferðaskipuleggjenda aukast samhliða því. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Tekjur af útivist fimmfaldast á áratug

**Milljarðavelta er af göngu- og fjallaferðum hjá ferðaþjónustufyrirtækjum hér á landi. Áhugi innlendra og erlendra aðila eykst sífellt. Framkvæmdastjóri FÍ segir innviði á vinsælustu gönguleiðunum titra. Styrmir Þór Bragason segir þó mun fleiri komast Laugaveginn.**

Ingvar Haraldsson
ingvar@frettabladid.is



Ferðaskipuleggjendur hafa milljarða tekjur af göngu- og fjallaferðum hér á landi sem aukist hafa hratt síðustu ár. Eitt stærsta félagið sem sérhæfir sig í slíkum ferðum er Íslenskir fjallaleiðsögumenn sem velti 1,7 milljörðum króna á síðasta ári og hagnaðist um 36 milljónir króna. Fjölmörg önnur fyrirtæki í greininni hafa hundraða milljóna tekjur af starfseminni á ári. Erfitt getur þó verið að meta nákvæmlega umfang geirans enda eru tekjur vegna gönguferða innanlands ekki sundurliðaðar sérstaklega í ársreikningum fyrirtækjanna. Auk þess fer fjöldi einstaklinga í fjalla- og gönguferðir á eigin vegum, eða með minni fyrirtækjum eða félagasamtökum.

Elín Sigurveig Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Íslenskra fjallaleiðsögumanna, segir vöxtinn hafa verið hvað hraðastan fyrstu ár ferðamannauppsveiflunnar eftir hrun. Nú hafi hægst á vextinum sem sé engu að síður á milli 14 og 17 prósent á ári. Yfir 95 prósent viðskiptavinanna séu erlendir ferðamenn.

### Fjöldi starfsfólks á fjöllum

Páll Guðmundsson, framkvæmdastjóri Ferðafélags Íslands, kannast vel við aukinn áhuga á gönguferðum. Bókunum í þeim fjörutíu skálum sem Ferðafélagið rekur á hálendinu hafi fjölgað um tuttugu prósent á ári síðustu þrjú ár. Aukningin sé mest hjá erlendum ferðamönnum. „Við verðum klárlega vör við þetta í okkar starfi. Sérstaklega á þeim gönguleiðum sem við höfum byggt upp og á þeim skálasvæðum sem við rekum. Þar er orðin miklu meiri umferð.“

Páll nefnir sem dæmi að fyrir áratug hafi tekjur félagsins verið undir 100 milljónum króna á ári en nálgist nú 500 milljónir króna á ári. Þar af komi um 60 prósent af tekjunum af útleigu skálanna á hálendinu, um 20 prósent af skipulögðum gönguferðum og um 20 prósent í gegnum árgjöld meðlima Ferðafélagsins.

Átta starfsmenn starfi í Ferðafélaginu allt árið en yfir sumarið séu starfsmennirnir orðnir hátt í hundrað með fararstjórum og skálavörðum, þó sú vinna sé að hluta í sjálfboðastarfi. Í félaginu, sem er áhugamannafélag, starfi auk þess 14 deildir um land allt. Hjá Íslenskum fjallaleiðsögumönnum voru um 200 manns á launaskrá um síðustu mánaðamót auk verktaka, að sögn Elínar.

### Milljarðavelta ferðaþjónustunnar

Ferðakompaníið ehf., sem býður upp á fjölda gönguferða með leiðsögumönnum auk jeppa-, vélsleða- og mótorhjólaferða um hálendið, velti 1,3 milljörðum króna árið 2014, en fyrirtækið hefur ekki skilað ársreikningi fyrir síðasta ár. Hagnaður fyrirtækisins nam 41 milljón króna.

Þá eru tekjur Arctic Adventures um tveir milljarðar króna á ári, að sögn Jón Þór Gunnarsson, framkvæmdastjóra Straumhvarfa, móðurfélags Arctic Adventures. Félagið býður upp á ýmiss konar ævintýraferðir, auk gönguferða, til að mynda hestaferðir, vélsleðaferðir og rútuferðir á vinsæla ferðamannastaði. Hagnaður fyrirtækisins nam rúmlega 28 milljónum króna árið 2014. Styrmir Þór Bragason, framkvæmdastjóri hjá Arctic Adventures, segir ljóst að veltan af gönguferðum nemi hundruðum milljóna hjá fyrirtækinu. Trek ehf., sem nú er í eigu sömu aðila og Arctic Adventures og sérhæfir sig alfarið í gönguferðum velti 111 milljónum árið 2014 og skilaði 15 milljóna króna hagnaði.

Áhugamannafélagið Útivist veltir um 80 milljónum króna á ári. Ríflega helmingurinn er tilkominn vegna sjö skála sem fyrirtækið rekur á hálendinu að sögn Skúla H. Skúlasonar, framkvæmdastjóra félagsins. Hins vegar sé megnið af starfi Útivistar unnið í sjálfboðaliðastarfi, til að mynda vinna við leiðsögn og viðhald á skálum að sögn Skúla. „Það sem við sjáum mesta vöxtinn í eru bókanir ferðaskrifstofa, bæði innlendra og erlendra,“ segir hann.

### Hafa áhyggjur af fjöldanum

Elín segir það ákveðið áhyggjuefni hve mikil umferðin um Laugaveginn og aðrar vinsælar gönguleiðir sé orðin. „Skálarnir taka bara ákveðinn fjölda en svo eru í rauninni engin takmörk fyrir því hvað hægt er að tjalda. Það getur hver sem er lagt af stað hvenær sem er. Það er rosalega erfitt að hafa eitthvað eftirlit eða einhver mörk eins og er. Óneitanlega breytist upplifunin svakalega þegar svona fjöldi er á ferð. Það er alveg við því búið að náttúran verði fyrir hnjaski.“

Undir þetta tekur Páll. „Við erum farin að sjá verulega stóra hópa og mikla umferð og finna hvernig innviðirnir á stærstu dögunum titra af álagi.“

Páll segir ýmis vandamál þessu tengd sem sé orðið mjög aðkallandi að leysa. „Þarna eru mjög brýn verkefni sem snúa að mjög einföldum atriðum eins og salernismálum, bílastæðum, merkingum, upplýsingagjöf, landvörslu og stýringu ferðamannanna.“

Elín segir hins vegar lausnina sem fylgi hinum mikla fjölda ekki endilega í sjónmáli. „Það er ekkert einfalt að setja einhver fjöldahöft.“

Þá sé hún hugsi yfir slysum sem greint hafi verið frá á ferðamönnum á leið um landið. „Maður er oft andvarpandi, ef svo má segja. Slys á fólki eru æði oft þegar fólk er á eigin vegum og fer af stað án þess að vera búið að kynna sér aðstæður nógu vel.“

### Segir skipulag lausnina

Styrmir tekur ekki undir að fjöldi ferðamanna á Laugaveginum og öðrum vinsælum gönguleiðum sé orðinn of mikill. Til að mynda sé áætlað að um 800 þúsund manns fari gullna hringinn á ári hverju en samkvæmt tölum Ferðafélagsins fari um tíu þúsund manns Laugaveginn á ári. Því sé vel hægt að koma fleirum þá leið sé skipulag í lagi.

Styrmir bendir á að við vinsælustu gönguleið heims, Machu Picchu, gangi allir í eina átt. Mikil framför væri fólgin í því ef Laugavegurinn væri bara genginn í eina átt. „Þar af leiðandi væri fólk ekki að mætast og stígar og gönguleiðir væru ekki að breikka.“

Við Machu Picchu fari ferðir af stað á sjö mínútna fresti og enginn gangi leiðina án viðurkennds leiðsögumanns. „Með því er verið að gæta að því að öryggi og umgengni sé til fyrirmyndar. Vegna þess að þessi fyrirtæki hafa hag af því að passa upp á að náttúrunni verði skilað í því ástandi sem komið er að henni í.“

**Þarna eru mjög brýn verkefni sem snúa að mjög einföldum atriðum eins og salernismálum, bílastæðum, merkingum, upplýsingagjöf, landvörslu og stýringu ferðamanna.**



Páll Guðmundsson, framkvæmdastjóri Ferðafélags Íslands

**Þessi fyrirtæki hafa hag af því að passa upp á að náttúrunni verði skilað í því ástandi sem komið er að henni í.**



Styrmir Þór Bragason, framkvæmdastjóri hjá Arctic Adventures



Elmar Gilbertsson er töffari sem syngur í óperum um alla Evrópu þessa dagana. Um helgina verður hann á Reykholtshátíð. MYND/VILHELM

# LEIDDIST ÓVÆNT ÚT Í SÖNGINN

**Elmar Gilbertsson** óperusöngvari verður sérstakur gestur Reykholtshátíðarinnar sem fram fer um helgina í Reykholtskirkju í Borgarfirði. Elmar býr í Hollandi og ferðast um Evrópu og syngur í óperuhúsum. Árið 2014 var hann á ferðalagi 288 daga ársins. Honum finnst skemmtilegt að koma til Íslands og njóta þess sem sveitin býður upp á.

Elmar segist hlakka til helgarinnar. Þar flytji hann tónlist sem hann hefur mikið dálæti á. Hann hefur búið í Den Haag í Hollandi frá árinu 2007 þar sem hann hefur tekið þátt í óperusýningum. „Ég syng líka mikið í Frakklandi, Englandi, Tékklandi og Þýskalandi. Fyrst var ég í minni hlutverkum en hef verið að spreyta mig á stærri hlutverkum undanfarið, má þar nefna hlutverk hertogans af Mantua í Rigoletto hjá óperuhúsinu í Maastricht í Hollandi. Ég mun síðan syngja með Íslensku óperunni í haust en þar fer ég með hlutvert Lenskys í Évgení Onegin eftir Tsjaíkovskíj,“ segir Elmar.

„Ég er ekki á heimleið, hef það mikið af verkefnum í Evrópu þannig að ég kem bara í heimsókn hingað til lands,“ segir hann. „Mig langaði til að dvelja smá tíma hér heima á þessu ári, sérstaklega til að vera meira með dóttur minni, Alvildu Eyvöru, sem er tólf ára.“ Þess má geta að Elmar var valinn söngvari ársins á Grímunni fyrir hlutverk sitt Don Ottavio í Don Giovanni í uppsetningu Íslensku óperunnar á þessu ári.

**ÁSTIR SKÁLDSINS**

Þetta er í fyrsta skipti sem Elmar kemur fram á Reykholtshátíð. „Sigurgeir Agnarsson, listrænn stjórnandi, bauð mér að vera með en við unnum mikið saman í óperunni Ragnheiði og í fleiri verkum tengdum Sinfóníuhljómsveit Íslands. Ég hafði lausan tíma og ákvað að slá til. Þetta verður skemmtilegt og afslappað. Við byrjum á föstudagskvöldið en þá syng ég einsöng með Reykholtskórnum. Síðan verða eftirmiðdagstónleikar á laugardeginum en um kvöldið verða einsöngstónleikar mínir. Þá mun ég flytja lagaflokkinn Ástir skáldsins eftir Robert Schumann við píanóundirleik Helgu Bryndísar Magnúsdóttur fyrir hlé. Á eftir verðum við með úrval laga úr Heimskringlu eftir Tryggva M. Baldvinsson við texta Þórarins Eldjárns. Að lokum verða fluttar útsetningar fyrir píanótríó og söngrödd í útsetningu Þórðar Magnússonar,“ segir Elmar.

> Ég er alinn upp í Búðardal og fer oft út á land og nýt þess að vera í íslenskri náttúru.
> Elmar Gilbertsson

**SÖNGUR Í SKAGAFIRÐI**

Þegar Elmar er spurður hvort það sé óvenjulegt fyrir hann að syngja úti á landi, svarar hann því neitandi. „Ég er alinn upp í Búðardal og fer oft út á land og nýt þess að vera í íslenskri náttúru. Ég söng með Karlakórnum Heimi í Skagafirði í lok apríl á Sæluvikutónleikum. Það var skemmtilegt því minnst var á að móðurafi minn hefði verið úr Flókadalnum í Fljótum. Félagarnir í kórnum röktu þarna ættartölu fyrir mig, sögðu mig kominn af manni sem kallaður var Sigurður söngur. Þegar hann hóf upp raust sína þá heyrðist það á milli sjö kirkna, mjög skemmtilegt að heyra þetta.“

Elmar útskrifaðist frá Söngskóla Sigurðar Demetz árið 2007 en hóf þá nám við Tónlistarháskólann í Amsterdam og síðan Konunglega tónlistarháskólann í Den Haag. Elmar segir að söngnámið hafi verið óvænt hjá hinum og ekki skipulagt. Hann stundaði nám á Hvanneyri í Borgarfirði en síðan hafi leiðin legið til Reykjavíkur þar sem hann lærði rafeindavirkjun. „Ég var í karlakór á Hvanneyri og hélt síðan áfram í Mótettukórnum í borginni. Í framhaldinu tók ég söngtíma og þá varð ekki aftur snúið,“ segir hann.

Elmar segist eiga marga vini og kunningja frá Hvanneyrarárum. „Ég vona að ég sjái kunnugleg andlit í Reykholti um helgina,“ segir hann fullur tilhlökkunar.

elin@365.is








**„Á sýningunni eru margir fágætir safnmunir en ég held að mörgum gestum muni þykja skemmtilegast að sjá hluti sem þeir muna eftir úr barnæskunni en hafa kannski ekki séð lengi,“ segja Kristín Ingvarsdóttir og Guja Dögg Hauksdóttir.** MYND/STEFÁN

# MUNIR ÚR ÆSKUNNI

Fjölbreytt hönnun fyrir börn verður til sýnis í Norræna húsinu næstu mánuði þegar sýningin Öld barnsins verður opnuð. Þar má m.a. skoða leikföng, föt, húsgögn og bækur. Sýningin verður opnuð á laugardag.

Næsta laugardag verður skemmtileg hönnunarsýning opnuð í Norræna húsinu sem nefnist Öld barnsins: norræn hönnun fyrir börn frá 1900 til dagsins í dag. Eins og nafnið gefur til kynna verður sýnd fjölbreytt hönnun fyrir börn sem nær yfir rúmlega 100 ára tímabil en Norðurlöndin hafa um langt skeið verið í fararbroddi hvað varðar hönnun fyrir börn, að sögn Kristínar Ingvarsdóttur, verkefnastjóra sýningarinnar. „Norræna húsið leggur mjög mikla áherslu á barnamenningu og við vinnum líka mikið með hönnun og arkitektúr. Þegar forstjóri hússins, Mikkel Harder, sá sýninguna á Designmuseum Danmark í Kaupmannahöfn falaðist hann strax eftir því að fá hana til Íslands. Okkur finnst hún eins og sniðin fyrir húsið. Þegar ég fór svo að fara yfir sýningarskrárnar fannst mér mjög miður hvað það voru fáir íslenskir hlutir á sýningunni þannig að þegar Guja Dögg var ráðin sýningarstjóri og sýningarhönnuður settum við það í forgang að bæta íslenskum munum við sýninguna.“



**Norræna húsið leggur mikla áherslu á barnamenningu en þar er líka mikið unnið með hönnun og arkitektúr.**



**Á sýningunni má sjá fjölbreytta hönnnun fyrir börn sem nær yfir rúmlega 100 ára tímabil.**

**MUNIR ÚR ÆSKU**

Heiti sýningarinnar er fengið að láni frá bók með sama nafni, skrifaðri af einum framsæknasta hugsuði Svía, Ellen Key, sem þegar árið 1900 lýsti því yfir að 20. öldin skyldi verða öld barnsins, að sögn Guju Daggar. „Það sem einkennir helst sýninguna er hvað sjónarhornið er vítt. Það er næstum því hægt að tala um barnamenningu ekki síður en hönnun fyrir börn; á sýningunni eru tekin fyrir leikföng, föt og húsgögn, eins og við er að búast, og þar að auki bækur, auglýsingaplaköt og svo margt fleira. Hlutirnir eru svo settir í samhengi við hönnunar- og samfélagssögu. Á sýningunni er lögð áhersla á norrænu frumkvöðlana og oft eru teknir fyrir hlutir sem sýna nýja hugsun eða áherslur í samfélaginu á hverjum tíma. Á sýningunni eru margir fágætir safnmunir en ég held að mörgum gestum muni þykja skemmtilegast að sjá hluti sem þeir muna eftir úr barnæskunni en hafa kannski ekki séð lengi.“

Á sýningunni eru mörg þekktustu verk norrænnar hönnunar, þar á meðal verk eftir Alvar Aalto, Ólaf Elíasson, Arne Jacobsen, Kay Bojesen, Carl og Karin Larsson, Peter Opsvik og Tove Jansson auk nokkurra af vinsælustu vörumerkjum heims á borð við BRIO, LEGO og Marimekko.

**NÝTT BARNABÓKASAFN**

Í tilefni sýningarinnar verður opnað nýtt og endurgert barnabókasafn í Norræna húsinu enda fannst þeim mikilvægt að það yrði ekki bara sýning í húsinu heldur að þar yrði líka hægt að leika sér og að börn og fullorðnir gætu komið saman í heimsókn. „Við ákváðum því að bæta aðstöðuna sem við höfum nú þegar fyrir börn og fjölskyldur í húsinu. Barnabókasafnið er mikið notað hjá okkur og þar er líka fjölnota svæði sem við notum fyrir m.a. smiðjur, viðburði og minni þemasýningar. Það var kominn tími á að endurnýja þannig að við slógum tvær flugur í einu höggi og erum að útbúa rými sem er stærra en það sem við höfðum áður og sem er mjög í takt við sýninguna í húsinu. Í tilefni af sýningunni opnuðum við líka fyrr í sumar glænýtt leiksvæði fyrir framan húsið með leikklettum frá íslenska fyrirtækinu Krumma.“

Sýningin stendur yfir fram í byrjun næsta árs og Norræna húsið mun bjóða upp á fjölmargar vinnustofur, fyrirlestra og málþing á meðan á sýningunni stendur. Viðburðirnir verða auglýstir þegar nær dregur á www.norraenahusid.is. Það verður líka boðið upp á krakkaefni fyrir börn sem koma á sýninguna og með haustinu verður boðið upp á kennsluefni sem tengist sýningunni fyrir alla grunnskóla á landinu. **asdfas@365.is**



# Matur í ferðalagið

**KYNNINGARBLAÐ** 20. júlí 2016

## Jógúrtterta

Aníta Harðardóttir hefur gaman af bakstri. Hún gefur uppskrift að flottri tertu þar sem undirstaðan er jógúrt.
SÍÐA 2

## Hollt nesti

Rósa Guðbjartsdóttir er snillingur í matargerð og hefur sérstakan áhuga á hollu og góðu nesti.
SÍÐA 4

## Alls konar borgarar

Hamborgarar eru vinsælir á grillið í útilegunni enda þægilegir í eldun. Borgarar geta verið alls konar.
SÍÐA 6

# Sumarleg jógúrtterta með berjum

Þegar til stendur að fara í ferðalag, í bústað, útilegu eða annað, er gott og gaman að hafa gómsæta köku með í för. **Aníta Estíva Harðardóttir** gefur hér uppskrift að ljúffengri og ferskri jógúrtköku. Anita hefur einstaklega gaman af því að prófa nýjar uppskriftir.

Áhugi á matargerð kviknaði fyrir alvöru hjá Anítu Estívu Harðardóttur þegar hún flutti fyrst út frá foreldrum sínum í kringum tvítugsaldurinn. Aníta kemur reglulega með nýjar uppskriftir ásamt ýmsu áhugaverðu og skemmtilegu sem hún brallar á síðuna Öskubuska þar sem hún bloggar ásamt öðrum konum. „Til að byrja með fannst mér skemmtilegast að elda góðan mat og prófa mig áfram við ýmsar uppskriftir. Þegar ég var svo orðin aðeins öruggari með mig fór áhuginn að færast yfir í bakstur líka. Mér hefur alltaf þótt gaman í veislum og að halda þær, enda er ég mikil félagsvera. Þegar ég ólst upp var mjög oft mikið af gestum heima hjá okkur og mamma bakaði yfirleitt eitthvað gott. Sjálfri þykir mér sérstaklega gaman að elda og baka fyrir gesti og nýti hvert tækifæri sem ég hef til þess að prófa nýjar uppskriftir,“ segir hún.

Aníta Estíva gefur hér uppskrift að ferskri og bragðgóðri jógúrttertu með ferskum jarðarberjum. „Uppskriftin er tvíþætt, annars vegar er jógúrtkremið, en uppskriftin að því er fengin úr eldgamalli uppskriftabók sem mamma mín á. Í þeirri bók á að vera svampbotn undir en hins vegar breytti mamma mín uppskriftinni á sínum tíma og gerði öðruvísi botn sem mér þykir mikið betri og hefur öll fjölskyldan haldið sig við þá uppskrift. Svo



**Aníta Estíva gefur uppskrift að ferskri og bragðgóðri jógúrttertu með ferskum jarðarberjum.** MYND/HANNA

> **Uppskriftin er því fengin úr eldgamalli uppskriftabók sem mamma mín á.**

er sumar og sól og ég ákvað því að hafa uppskriftina ferska, létta og bragðgóða. Mér þykir líka agalega vænt um þessa köku þar sem mamma mín bakaði hana í öllum þeim fjölmörgu veislum sem hún hefur haldið í gegnum tíðina.“

### JÓGÚRTTERTA MEÐ FERSKUM JARÐARBERJUM

**Botn**

- 250 g Homeblest-kex
- 100 g smjör
- 1 msk. sykur

**Jógúrtkrem**

- 200 g fersk jarðarber
- 500 g jógúrt með jarðarberjum
- 150 g sykur
- 1 og 1/2 tsk. vanillusykur
- 6 matarlímsblöð
- 4 dl rjómi

Byrjið á því að bræða smjörið. Myljið því næst kexið niður, gott er að nota matvinnsluvél. Bætið sykrinum út í brædda smjörið og hrærið vel saman. Hellið smjörinu saman við kexmulninginn og blandið vel saman.

Þjappið svo kexblöndunni vel í botninn á smelluformi og setjið í kæli.

Setjið jógúrt og jarðarber í matvinnsluvél eða merjið berin vel og blandið þeim saman við jógúrtina. Hrærið sykrinum og vanillusykrinum út í.

Leggið matarlímið í kalt vatn í um það bil fimm mínútur. Kreistið vatnið svo úr þeim og leggið þau ofan í örlítið af heitum rjóma. Hrærið vel saman. Leyfið svo blöndunni að kólna örlítið áður en þið blandið henni varlega saman við jógúrtblönduna.

Þeytið 4 dl af rjóma og blandið vel saman við jógúrtblönduna.

Takið botninn úr kælinum, bætið jógúrtblöndunni ofan á og skellið svo forminu aftur í kæli helst yfir nótt en að lágmarki í 3 til 5 klukkustundir áður en tertan er borin fram.

Gott er að losa örlítið hliðarnar frá með örþunnum spaða áður en forminu er smellt af og tertan færð yfir á kökudisk.

„Það þarf ekki að skreyta þessa tertu frekar en þið viljið en ég setti á hana örlítið af Homeblest-kexmulningi, fersk jarðarber og fersk hindber,“ segir Aníta Estíva.






## Haldið nestinu köldu

- Hafið kæliboxið vel kalt þegar nestið fer í það, til dæmis með því að setja ís í það kvöldið áður.
- Klaki úr klakavél getur verið fljótur að bráðna. Betra er að búa sjálf til ísinn, til dæmis með því að frysta vatn í 2 lítra flöskum.
- Skellið nokkrum ávaxtasafafernum í frystinn kvöldið fyrir brottför. Frosnar fernurnar halda nestinu köldu í boxinu og safinn er svalandi fyrir krakkana á heitum sumardögum.
- Matur sem fer frosinn í kæliboxið endist lengur í ferðinni. Setjið það sem frosið er neðst í boxið.
- Ef pláss er í bílnum gæti verið gott að hafa tvö kælibox, annað fyrir drykki og hitt fyrir mat. Þá þarf ekki stanslaust að opna matarboxið í hvert sinn sem einhver biður um drykk.
- Gelfylltir kælipokar eru hentugir til að stinga meðfram mat í kæliboxinu. Þeir gagnast líka vel á snúna ökkla.
- Kæliboxið ætti ávallt að standa í skugga.
- Með því að setja svamp ofan í kæliboxið dregur hann í sig allan þann raka sem myndast inni í boxinu.

ÚTGEFANDI | 365 miðlar ehf. Skaftahlíð 24 | s. 512 5000
VEFFANG visir.is
ÁBYRGÐARMAÐUR Svanur Valgeirsson
UMSJÓNARMAÐUR AUGLÝSINGA Jón Ívar Vilhelmsson | jonivar@365.is | s. 512-5457




# Tímalaus máltíð

ORA Heimilismatur lætur tímann og hjartað ráða för því réttirnir eru tilbúnir á aðeins örfáum mínútum. Ljúffengir, hollir og fjölbreyttir réttir fyrir alla fjölskylduna.

Ding og maturinn er tilbúinn.

**Ferskir taktar**
*í tilbúnum réttum*

VERT

# Hollar kræsingar í nestispakkann

**Rósa Guðbjartsdóttir**, bæjarfulltrúi í Hafnarfirði og höfundur nokkurra matreiðslubóka, er ekki óvön því að útbúa nesti, jafnt fyrir börnin í skóla og íþróttir, í vinnuna eða í lautarferð fjölskyldunnar. Hún segist hugsa um hollustu og næringu þegar hún útbýr nesti.


Rósa Guðbjartsdóttir með hafrastykki með fræjum. MYND/HANNA


Salthnetuæði. Tilvalið í ferðalagið, jafnt fyrir börn og fullorðna. Hægt að hafa í bakpokanum í fjallgöngu eða borða við sjónvarpið.

Rósa hugar að hollustu matvæla þegar hún finnur til nesti. „Við njótum þess að fara í sumarbústaðinn okkar en frá honum förum við oft í styttri göngur. Þá er mjög skemmtilegt að setjast niður og borða hollt og gott nesti. Ég er hins vegar ekki útilegugarpur,“ segir Rósa. „Ef fólk fer í göngur úti í náttúrunni er nauðsynlegt að hafa eitthvert góðgæti í bakpokanum. Orkustykki eru frábær í hjóla- eða fjallaferð. Þegar maður hreyfir sig mikið er nauðsynlegt að fá góða orku. Þetta orkustykki sem ég gef uppskrift að er til dæmis mjög gott fyrir blóðsykurinn,“ segir hún.

Rósa gaf út bók í fyrra með súpuuppskriftum sem varð mjög vinsæl. Hún segist sífellt vera að útbúa nýjar uppskriftir. „Hollur biti hefur verið sérstakt áhugamál hjá mér undanfarið því ég er alltaf að huga að nesti fyrir börnin í skólann. Maður reynir að draga úr neyslu á fæðu sem er uppfull af aukaefnum. Með því að útbúa þetta sjálf veit ég hvað næringin inniheldur. Sjálf fer ég með nesti í vinnuna og vil hafa það handhægt en orkuríkt. Eggjamúffurnar eru æðislegar í útilegu eða í vinnuna. Þær eru frábærar, jafnt kaldar sem heitar. Krökkum finnst þær mjög ljúffengar,“ segir Rósa og hér koma glæsilegar uppskriftir.

**elina@365.is**

> **Hollur biti hefur verið sérstakt áhugamál hjá mér undanfarið því ég er alltaf að huga að nesti fyrir börnin í skólann.**
> *Rósa Guðbjartsdóttir*

## HAFRASTYKKI MEÐ FRÆJUM

**12 stk. döðlur, mjúkar**
**4 dl hafraflögur**
**2 msk. hnetu- eða möndlusmjör**
**2 msk. hlynsíróp eða hunang**
**2 tsk. vanilludropar**
**2 dl fræ að eigin vali, gjarnan blanda tegunda**

- Hitið ofninn í 180 gráður.
- Maukið döðlur og haframjöl saman í matvinnsluvél þar til verður að þéttri blöndu.
- Hrærið saman í lítilli skál hnetusmjöri, hlynsírópi og vanilludropum. Blandið vel saman við döðlu- og haframjölsblönduna.
- Bætið síðan fræjum saman við.
- Setjið deigið í form sem klætt hefur verið bökunarpappír.
- Þrýstið deiginu þétt niður með höndunum. Best er að nota bökunarpappír til að þjappa og jafna deiginu út.
- Bakið í 10 mínútur.
- Látið kólna, skerið í bita og njótið.

## SALTHNETUÆÐI

Þetta er æðislegt yfir góðri mynd í sjónvarpinu eða til að hafa með í útileguna til að narta í.

**14 stk. döðlur**
**2½ dl hafraflögur**
**2 msk. hlynsíróp**
**2 msk. möndlumjólk**
**5 msk. hnetu- eða möndlusmjör**
**2 dl salthnetur og ½ dl til að strá yfir**

**Súkkulaðihjúpur**

**2 dl kakó**
**4-5 msk. hlynsíróp, að smekk**
**1½ dl kókosolía, fljótandi**

- Maukið döðlur í matvinnsluvél.
- Bætið hafraflögum, hlynsírópi, möndlumjólk og hnetu- eða möndlusmjöri saman við.
- Blandið salthnetum saman við, best er að hneturnar saxist aðeins lítillega svo finnist vel fyrir þeim þegar bitið er í góðgætið.
- Þrýstið deiginu í lítið form, gjarnan klætt bökunarpappír. Þjappið því vel í mótið en gott er að nota bökunarpappír við verkið.
- Hrærið kakódufti, hlynsírópi og kókosolíu vel saman í lítilli skál.
- Hellið súkkulaðiblöndunni yfir deigið í forminu, saxið salthnetur og stráið yfir.
- Kælið í a.m.k. 2 klst., skerið í bita og njótið.
- Geymið í kæli.


Eggjamúffa er holl og saðsöm. Frábær í útileguna eða sem nesti fyrir börnin.

## EGGJAMÚFFUR
**10-12 stk.**

Litlar eggjamúffur eru æðislegar í nesti og ljúffengar sem biti milli mála, jafnt kaldar sem hitaðar upp. Sniðugt er að nota í þær alls kyns afganga af grænmeti, t.d. lauk, tómata, paprikur, kúrbít og grænt salat. Frábær leið til að koma í veg fyrir matarsóun. Múffurnar geymast vel í þéttu íláti í kæli í 2-3 daga. Eggjabökur og múffur eru góðar einar sér en einnig með ljúffengri kaldri sósu og fersku salati.

**7-8 egg (eftir stærð)**
**1 tsk. ólífuolía**
**2 hvítlauksrif, smátt söxuð**
**2 vorlaukar, smátt saxaðir**
**1 tómatur, smátt saxaður**
**1 handfylli spínat, saxað**
**½ dl fersk, söxuð basilíka eða 1 msk. þurrkuð**
**salt og grófmalaður pipar**
**½ dl rifinn ostur**

- Hitið ofninn í 180 gráður.
- Hitið ólífuolíu á lítilli pönnu og mýkið vorlauk, hvítlauk og tómata við vægan hita í 1-2 mínútur.
- Takið af hitanum.
- Hrærið egg upp með gaffli í skál, saltið og piprið að smekk.
- Bætið spínati, basilíku og osti saman við og loks grænmetisblöndunni af pönnunni.
- Smyrjið múffubakkaform eða notið sílikonmúffuform.
- Skiptið eggjahrærunni jafnt í formin.
- Bakið í 20-25 mínútur eða þar til múffurnar eru orðnar gullinbrúnar og eggin fulleldið.




ora
ora
Hvítlauks- & piparsósa
170 g
ora
Sósa með lauk & kryddjurtum
170 g
ora
Ástríða í matargerð
Bernaisesósa
170 g
ora
Piparsósa
ora
Hvítlaukssósa
ora
Ástríða í matargerð
Chillisósa
170 g
Njóttu
Grillum saman í sumar
www.ora.is
Nýtt

# Hamborgarar í öllum litbrigðum

Einn allra vinsælasti grillmatur landsmanna er hamborgarinn. Það er fljótlegt að grilla þá og þeir bragðast alltaf jafn vel. Með lítilli fyrirhöfn er hægt að búa til nýja og spennandi hamborgara og takmarkast útkoman nánast bara við hugmyndaflug hvers og eins.

Það er vinsælt að grilla hamborgara í ferðalögum, hvort sem það er í sumarbústaðnum, útilegunni eða í næsta almenningsgarði. Það er einfalt að grilla hamborgara og með lítilli fyrirhöfn er hægt að breyta hefðbundnum borgara í spennandi og skemmtilega máltíð, t.d. með nýjum sósum, óhefðbundnu meðlæti og svo má auðvitað skipta nautakjötinu út fyrir eitthvert annað hráefni.



Hamborgarinn er frábær matur í ferðalaginu og lítið mál að útbúa nýjar og spennandi útgáfur af honum. MYND/GETTY



Gráðostasósa fer frábærlega vel með hamborgaranum.

### Sósan breytir öllu

Gráðaostasósa fer afar vel með grilluðum hamborgara. Uppskriftin þarf ekki að vera flókin; ostinum er blandað eftir smekk í sýrðan rjóma (eða blöndu af sýrðum rjóma og majonesi) og kryddað með pipar (sleppum saltinu því osturinn er saltur). Ferskar kryddjurtir á borð við steinselju, graslauk eða karsa fríska svo verulega upp á sósuna.

Chilisósur eru einnig skemmtileg tilbreyting við hefðbundnu hamborgarasósuna. Setjið sýrðan rjóma og majones til helminga í skál og blandið chilisósu út í eftir smekk. Kreistið svolítinn límónusafa yfir og kryddið til með salti og pipar. Steinselja, graslaukur og karsi setja svo punktinn yfir i-ið.

Þeir sem vilja enn meiri hollustu og ferskleika geta prófað ferska og hressandi jógúrtsósu. Út í gríska (eða hreina) jógúrt er bætt 1-2 pressuðum hvítlauksrifjum, smátt saxaðri agúrku (skafið kjarnann fyrst úr), salti og pipar. Örlítill sítrónu- eða límónusafi má fylgja með. Passið bara að sósan verði ekki of þunn. Smátt saxaðar ferskar kryddjurtir toppa meistaraverkið.

### Gott meðlæti

Grillaður kúrbítur er lostæti með flestum mat og þar er hamborgarinn engin undantekning. Kúrbíturinn er skorinn þversum í 3-4 mm sneiðar eða langsum í sömu þykkt. Grillaður þar til tilbúinn og kryddaður með salti og pipar (eða kryddi að eigin vali). Annað grillað grænmeti er líka góður kostur, t.d. grillaðar paprikur og eggaldin.

Fyrir marga er osturinn nauðsynlegur á borgarann en það má nota ýmsar aðra osta en hefðbundinn brauðost eða bæta við ostum ofan á brauðostinn.

Kringlóttu kryddostarnir passa vel við (t.d. mexíkó-, pipar- og jalapenostur), kryddaður Óðals-Havarti er dásamlegur og flestir þeirra hvít- og blámygluosta sem seldir eru hér á landi. Passið bara að hafa nógu vænar sneiðar!

### Kjötinu skipt út

Nautahakk er auðvitað langvinsælasta hráefnið í hamborgara en hvernig væri að prófa eitthvað nýtt, t.d. kjúkling eða jafnvel fisk? Takið kjúklingabringu og skerið langsum til helminga. Kryddið vel með góðu kryddi eða bara með salti og pipar.

Einnig má setja bringur í plastpoka eða box og láta liggja í heimatilbúnum kryddlegi þar til eldun hefst. Það er t.d. tilvalið að blanda söxuðu rauðu chili, hvítlauk og engifer ásamt kóríander í olíu. Láta kjúklinginn liggja þar í nokkra tíma. BBQ-sósa dugar líka vel auk þess sem margar góðar kryddolíur eru seldar í matvöruverslunum hérlendis.

Það er líka tilvalið að skipta út nautakjötinu fyrir ýmsar fisktegundir, t.d. lax, þorsk eða annan stinnan hvítan fisk. Gamla góða ýsan hentar þó ekki vel á grillið. Fiskurinn er þá skorinn í hæfilega stórar steikur og kryddaður vel með kryddi að eigin vali en einnig má pensla hann með góðri kryddolíu. Hið eina sem þarf að gæta að er að grilla hann ekki of lengi.

SJÓÐHEITUR FÉLAGI

Smágert grill - tilvalið í ferðalagið eða á svalirnar




Til í dökkgráu...

reddot design award

KOLAGRILL TILBÚIÐ Á 3 MÍNÚTUM

- Tilbúið til matreiðslu eftir 3-4 mínútur
- Afkastamikið og öflugt
- Innbyggð vifta sem tryggir kolum súrefni
- Tvöfaldur veggur - kemur í veg fyrir að ytra byrði hitni
- Mjög góð hitastýring á kolum
- Hægt að færa grillið til eftir þörfum meðan það er í notkun
- Fitan lekur ekki á kolin
- Auðvelt að þrífa - hægt að taka alveg í sundur
- Má fara í uppþvottavél
- Taska fylgir með

**Verð frá kr. 34.000,- m/vsk**



...og fleiri fallegum litum

FASTUS Veit á vandaða lausn

Verið velkomin í verslun okkar að Síðumúla 16
Opið mán - fös 8:30 - 17:00
Síðumúli 16 • 108 Reykjavík • Sími 580 3900 • www.fastus.is




# NÁTTÚRU KRAFTUR

TREK PROTEIN STYKKI, HELDUR ÞÉR GANGANDI

GLÚTENLAUST - VEGAN




USDA ORGANIC · NON GMO Project VERIFIED nongmoproject.org

INNIHALDA CHIA FRÆ, ÁVEXTI OG GRÆNMETI.
1200 MG AF OMEGA 3. TREFJA- OG PRÓTEINRÍKIR.
GLÚTEINLAUSIR OG VEGAN LÍFRÆNT VOTTAÐIR OG ÓERFÐABREYTTIR.







Lífrænir ferskir og ljúffengir safar

**KJÖTAFURÐASTÖÐ** KS

Eyrarvegur 20 , Sauðárkrókur - S: 455 4593

*Sjáumst!*




## Grillkjötið frá KS og grillsósurnar frá E. Finnsson fást í öllum betri matvöruverslunum!



# HVAR ER SÓSAN?




E.FINNSSON

GERIR GOTT BETRA


ÚTSALA
50-80%
afsláttur af öllum útsöluvörum!
Nú styttist í útsölulok - Enn meiri lækkun á útsölunni!
Stærðir 36-56
Ný vara!
Túnika 5.990,-
ÚTSALA!
Enn meiri lækkun á útsölunni, nýjar vörur og úlpur á frábæru tilboði
ZIKZAK
TÍSKUHÚS
KJÓLL
ÁÐUR 4.990
NÚ 1.990
St. S-XXXL
TÚNIKA
ÁÐUR 9.990
NÚ 1.990
St. S-XXXL
TÚNIKA
ÁÐUR 4.990
NÚ 1.990
St. S-XXL
KJÓLL
ÁÐUR 4.990
NÚ 1.990
St. S-XXL
BLÚSSA
ÁÐUR 6.990
NÚ 1.990
St. S-XL
Nýjar vörur og úlpur fyrir verslunarmannahelgina á frábæru tilboðsverði!
KJÓLL
6.990kr
St. S-XXXL
Einnig til í silfur gráu og bláu!
JAKKI
16.990kr
St. 36-56
SKYRTA
6.990kr
St. 42-56
PLEÐUR
BUXUR
11.990kr
St. 42-56
TÚNIKA
5.990kr
St. S-XXXL
PEYSA
6.990kr
St. S-XXXL
30% afsláttur af úlpum fyrir verslunarmannahelgina!
TÚNIKA
5.990kr
St. S-XXXL
Einnig til í silfur gráu og svörtu!
ÚLPA
ÁÐUR 12.990
NÚ 8.990
St. S-XXL
Einnig til í svörtu!
ÚLPA
ÁÐUR 12.990
NÚ 8.990
St. 36-56
Einnig til í silfur gráu og rauðu!
ÚLPA
ÁÐUR 12.990
NÚ 8.990
St. 42-56
TÚNIKA
8.990kr
St. 42-56
Tískuhús Zik Zak • www.Facebook.com/zikzakkringlan • 1. hæð Kringlunnar • Sími: 551-1314

# Of auðvelt fyrir þá ríku að forðast skatta

**Hagfræðingurinn dr. James S. Henry segir einn stærsta áfangann í baráttunni við skattsvik og skattaskjól vera að hafa varpað ljósi á vandann. Hann segir það orðið of auðvelt fyrir ríkt fólk og fyrirtæki að forðast skatta. Þörf sé á alþjóðlegri nefnd til að vinna gegn skattsvikum og skattaskjólum. Ísland hafi einstakt tækifæri til að taka forystu í baráttunni og koma á umbótum og samtali við ríki heimsins.**

Sæunn Gísladóttir
saeunn@frettabladid.is



Panama-skjölin voru vendipunktur í umræðunni um skattaskjól og náðst hefur að byggja upp alþjóðlega hreyfingu til að geta varpað ljósi á vandamálið. Ísland hefur enga afsökun fyrir að grípa ekki tækifærið til að berjast gegn skattaskjólum. Ísland getur komist í fremstu röð ríkja sem greint hafa stærð vandans og lagt til tillögur að umbótum. Þetta er mat bandaríska hagfræðingsins dr. James S. Henry.

Henry er hér á landi, meðal annars til að funda með starfshópi fjármálaráðuneytisins, sem vinnur að því að leggja mat á umfang fjármagnstilfærslna og eignaumsýslu á aflandssvæðum. Hann heldur fyrirlestur um aflandseignir, alþjóðleg net skattaskjóla, skattsvik, peningaþvætti og ránræði (e. kleptocracy) og áhrif þess á efnahag þjóða í Háskóla Íslands á morgun.

Henry bendir á að tugir billjóna dollara liggi í skattaskjólum og að þetta hafi gríðarlega neikvæð áhrif á efnahag þjóða. Skattaskjól hafa verið vandamál í áratugi en aflandssvæðum hefur fjölgað úr fimmtán í 91 á síðustu 40 árum og fjöldi eigna sem liggja í skattaskjóli farið ört vaxandi. „Þetta er að verða eins og í bar-senunni í Star Wars þar sem þú ert með alls kyns mismunandi glæpamenn, þeir eru ekki einungis að forðast skatta, heldur líka að stunda ránræði, peningaþvætti eða eru fjársvikarar eins og á Íslandi fyrir hrun,“ segir hann.

„Panama-lekinn var sá stærsti í sögunni, en við höfum vitað um aflandsfélög í áratugi. Ég held að alvöru hneykslið sé að við höfum ekki gert neitt til að vinna gegn þessu,“ segir Henry. „Það eru alls kyns mismunandi vandamál, og það má fullyrða að um allan heim sé orðið allt of auðvelt fyrir mjög ríkt fólk og fyrirtæki að forðast skatta og lög með því að flytja eignir sínar í skattaskjól.“

> **Þetta er að verða eins og í bar-senunni í Star Wars þar sem þú ert með alls kyns mismunandi glæpamenn, þeir eru ekki einungis að forðast skatta, heldur líka stunda ránræði, peningaþvætti eða eru fjármálasvikarar eins og voru á Íslandi fyrir hrun.**

Henry er ráðgjafi hjá Tax Justice Network og segir að einn stærsti áfangi síðustu ára hafi verið að ná að varpa ljósi á vandamálið og byggja upp alþjóðlega hreyfingu. „Almenningur er kominn með nóg af stórum bönkum og ríka fólkinu sem geymir peningana sína í skattaskjólum,“ segir hann.

Að mati Henrys fela næstu skrefin í baráttunni í sér að bæta opinberar upplýsingar. „Við viljum opinber gögn með skráningu eigenda fyrirtækja og sjóða. Við viljum sjálfvirk upplýsingaskipti milli skattayfirvalda. Þangað til að við getum tekið almennilega á vandanum legg ég einnig til að lagður verði eitt prósent skattur á nafnleynd á fyrirtækjum og eignum í aflandsfélögum, þá er hægt að leggja þann pening í ríkissjóð, það væri auðvelt að koma því í kring.“ Hann bætir við að lönd þurfi einnig að hætta að keppast um að bjóða lægstu fyrirtækjaskattana.

Henry segir að erfitt virðist vera fyrir alþjóðastofnanir að takast á við vandann. „Ég hef spurt þá hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum af hverju þeir gera ekki neitt í þessu og fékk þau svör að það væri vegna þess að 80 af meðlimalöndum sjóðsins séu skattaskjól. Við þurfum alþjóðlega nefnd sem vinnur í því að finna út hvernig við tökum á alþjóðlega skattaskjólsvandamálinu.“

Eitt það mikilvægasta í baráttunni er einnig að taka á bankageiranum að mati Henrys, en hann telur að bankarnir beri mikla ábyrgð á efnahagslegum vandamálum sem við höfum átt við að stríða. „Þeir hönnuðu skattaskjólsumhverfið og hjálpa þeim ríku að færa eignir til að forðast skatta.

Sambandið milli bankageirans og aflandsstarfseminnar er rót vandans. Ég held að við munum ekki leysa þetta vandamál án þess að taka á bönkunum. Skattaskjól eins og Cayman-eyjar gætu horfið á morgun, þá yrði bara skapað nýtt skattaskjól annars staðar. Ég tel að lönd þurfi að vinna saman til að setja þessum óábyrga alþjóðlega iðnaði reglur, koma í veg fyrir léleg útlán og óhóflega áhættusamar viðskiptaákvarðanir, og það að bankar hjálpi fólki að fremja alla þessa fjármálaglæpi,“ segir Henry.

„Við verðum bara að halda áfram baráttunni, ég held að það sem þið eruð að gera á Íslandi til að skilja vandamálið sé mjög mikilvægt fyrir önnur lönd.“



James S. Henry er hagfræðingur og lögfræðingur og starfaði sem rannsóknarblaðamaður. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

## Hagnaður á Wall Street dregst saman

Hagnaður fjögurra af fimm stærstu bönkum Bandaríkjanna dróst saman á öðrum ársfjórðungi 2016, samanborið við síðasta ár. Þetta er annar ársfjórðungurinn í röð sem hagnaðurinn dregst saman. Hagnaðurinn jókst milli ára hjá Goldman Sachs, hins vegar ber að hafa í huga að lögfræðikostnaður sem nam 1,45 milljörðum dollara á öðrum ársfjórðungi 2015 vó þungt við uppgjörið þá.

Í gær höfðu stærstu sex bankarnir, utan Morgan Stanley, kynnt uppgjör sitt. Hagnaður á hlut minnkaði hjá öllum milli ára, nema Goldman Sachs, og J.P. Morgan, hins vegar voru uppgjörin betri en væntingar höfðu gert ráð fyrir.

Hagnaður á hlut var 36 sent hjá Bank of America samanborið við 43 sent á hlut á sama tímabili fyrir ári. Hagnaður á hlut var 1,24 dollarar hjá Citigroup, samanborið við 1,51 dollara árið áður, hjá Wells Fargo 1,01, samanborið við 1,03 árið áður. Hagnaður á hlut hjá Goldman Sachs var 3,72 dollarar, samanborið við 1,98 dollara árið áður. Hagnaður á hlut hjá J.P. Morgan nam 1,55 dollurum og hækkaði um eitt sent milli ára.




Tekjur Citigroup, Goldman Sachs, og Bank of America drógust saman á ársfjórðungnum miðað við síðasta ár, um 11 prósent, 13 prósent og 7,3 prósent. Tekjur J.P. Morgan og Wells Fargo hækkuðu hins vegar lítillega.

Greiningaraðilar spá því að yfir árið muni tekjur bankanna lækka að meðaltali um 14 prósent. Von er á að tekjurnar muni einungis jafna sig að hluta til árið 2017.

Haft er eftir Chris Kotowski, greiningaraðila hjá Oppenheimer & Co., í frétt Bloomberg um uppgjörin, að fram til 24. júní hafi stefnt í góðan fjórðung. Í kjölfar Brexit-kosninganna, þegar ljóst var að Bretar hygðust yfirgefa Evrópusambandið, tóku alþjóðleg hlutabréf hins vegar dýfu. Kotowski lækkaði hagnaðarspá sína fyrir sex stærstu bankana um átta prósent fyrir árið í kjölfar kosninganna.

Haft er eftir Richard Lipstein, mannauðsstjóra á Wall Street, að líkur séu á að bónusar muni lækka hjá öllum bönkunum á árinu vegna Brexit-kosninganna. **– sg**




Meginstarfsemi Bakarameistarans felst í brauð- og kökugerð, en starfsemi fyrirtækisins er á sex stöðum á landinu.

## Bakarameistarinn hagnast um 50 milljónir

Hagnaður Bakarameistarans á síðasta ári nam 51,6 milljónum króna, sem er um það bil einni og hálfri milljón meira en árið á undan. Afkoma fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta var 96,4 milljónir í fyrra en var 83,9 milljónir árið á undan. Þetta kemur fram í ársreikningi fyrirtækisins sem birtur var í Ársreikningaskrá 9. júlí síðastliðinn. Meginstarfsemi Bakarameistarans felst í brauð- og kökugerð, en starfsemi fyrirtækisins er á sex stöðum á landinu. Fyrirtækið hefur vakið athygli fyrir auglýsingar í tengslum við leiki íslenska karlalandsliðsins í knattspyrnu en Sigþór Sigurjónsson, faðir Kolbeins Sigþórssonar, er eigandi fyrirtækisins. **– jhh**



Atvinna

Elín Björg Jónsdóttir
formaður BSRB

# Hvers vegna Norðurlönd?

Hvað er það við Noreg, Svíþjóð og Danmörku sem ekki bara dregur unga Íslendinga til þessara landa, heldur fær marga þeirra til að setjast þar að með fjölskyldum sínum? Þetta er spurning sem nauðsynlegt er að svara, enda eftirsjá í hverri einustu íslensku fjölskyldu sem ákveður að setjast varanlega að utan Íslands.

Eitt af því sem heyrist aftur og aftur er að áherslurnar séu aðrar hjá þessum nágrannaþjóðum okkar. Í stað þess að þurfa að vinna myrkranna á milli gefist tími til að eyða með fjölskyldu og vinum. Það er þetta fjölskylduvæna samfélag sem við Íslendingar þurfum að reyna að nálgast.

Félagsmenn aðildarfélaga BSRB nefna jafnan styttingu vinnuvikunnar sem eitt af mikilvægustu málunum sem bandalagið berst fyrir. Við fyrstu sýn virðist það eingöngu launafólki í hag að stytta vinnutímann án þess að skerða laun, en niðurstöður tilraunaverkefna hér á landi og víðar sýna að það er ekki síður hagur launagreiðandans að stytta vinnuvikuna.

**Nú að loknum sumarleyfum fer í gang tilraunaverkefni ríkisins og BSRB þar sem áhrif styttingar vinnuvikunnar verða rannsökuð enn frekar.**

**Tilraunaverkefni í gang í haust**

Þetta má til dæmis lesa úr tilraunum fyrirtækja og stofnana með styttingu vinnuvikunnar í Svíþjóð. Hér á Íslandi hefur Reykjavíkurborg, í samstarfi við BSRB, staðið fyrir tilraunaverkefni þar sem vinnuvikan á tveimur vinnustöðum var stytt. Niðurstöður eftir rúmt eitt ár voru kynntar í vor og lofa afar góðu. Starfsmenn merkja betri líðan, starfsánægja hefur aukist og dregið hefur úr veikindum. Ekkert bendir til þess að dregið hafi úr afköstum þó unnið sé í færri klukkustundir.

Nú að loknum sumarleyfum fer í gang tilraunaverkefni ríkisins og BSRB þar sem áhrif styttingar vinnuvikunnar verða rannsökuð enn frekar. Valdir verða nokkrir vinnustaðir til að taka þátt í verkefninu, þar á meðal vinnustaðir þar sem unnið er í vaktavinnu. Það verður afar áhugavert að sjá niðurstöður verkefnisins, enda er það bjargföst trú okkar hjá BSRB að stytting vinnuvikunnar komi öllum til góða, bæði starfsmönnum og launagreiðendum.

## Fimm stjörnu hótel rís



Framkvæmdir við Marriott-hótelið á Hörpureitnum eru í fullum gangi. Þær hófust í vor en búist er við að þeim ljúki árið 2018. Hótelið verður fimm stjörnu og með 250 herbergjum og jafn mörgum starfsmönnum. Framkvæmdakostnaður á að nema fjórtán milljörðum króna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Ógnvekjandi vöxtur verndartollastefnunnar



Lars Christensen
alþjóðahagfræðingur

Í síðustu viku gaf alþjóðlega rannsóknarstofnunin Global Trade Alert (GTA) út árlega skýrslu sína um ástandið í alþjóðaviðskiptum. Global Trade Alert einbeitir sér sérstaklega að því að fylgjast með því til hvaða verndaraðgerða ríki heimsins grípa (eða hverfa frá).

Niðurstöður skýrslu GTA eru langt frá því að vera uppörvandi. Reyndar er þetta neikvæðasta skýrslan um ástandið í alþjóðaviðskiptum síðan skýrslan var fyrst gefin út í júlí 2009. Hagfræðingarnir komast í fyrsta lagi að þeirri niðurstöðu að alþjóðaviðskipti hafi staðnað frá því í byrjun árs 2015 og höfundarnir benda á að þetta sé, nema þegar um alheimskreppu er að ræða, beinlínis einsdæmi síðan Berlínarmúrinn féll.

Því er haldið fram í skýrslunni að þótt verulega hafi hægt á hagvexti á heimsvísu endurspegli þessi kyrrstaða í heimsviðskiptum einnig greinilega auknar verndaraðgerðir sem gripið hefur verið til víða um heim. Það lítur út fyrir að það hafi orðið veruleg aukning á verndaraðgerðum á síðustu tveimur árum.

Samkvæmt greinargerð GTA um verndaraðgerðir um heim allan síðan 2010 hefur á bilinu 50 til 100 verndartollum verið komið á fyrstu fjóra mánuði hvers árs. Árið 2016 var heildarfjöldinn kominn upp fyrir 150.

**Verndartollar Bandaríkjanna**

Sérstaklega ógnvænleg niðurstaða í skýrslunni er að síðan 2008 er landið sem hefur sett á flesta verndartolla í heiminum einnig stærsta hagkerfi heimsins: Bandaríkin. Þau ríki sem koma næst á eftir Bandaríkjunum hvað varðar nýja verndartolla á síðustu átta árum eru Indland og Rússland.

Svo þótt Bandaríkin styðji enn opinberlega frjálsa verslun er ljóst að ríkið hefur orðið verndarsinnaðra síðan samdrátturinn mikli varð 2008 og þetta eru sannarlega ekki góðar fréttir fyrir heimsbúskapinn.

Það snýst ekki bara um hagfræði – verndartollastefna er ógn við friðinn.

Franski klassíski hagfræðingurinn Frédéric Bastiat mun hafa sagt, eins og frægt er: „Ef vörur fara ekki yfir landamæri munu herir gera það.“ Þegar hægir á heimsbúskapnum byrja ríki þess vegna að líta á alþjóðaviðskipti sem jafnvirðisleik þar sem gróði eins lands er tap annars lands. Þetta hvetur til verndartollastefnu sem aftur leiðir til milliríkjaspennu (og pólitísks ofstækis).

Þetta er það sem við sáum á 4. áratug síðustu aldar og því miður sjáum við þetta núna. Síðan 2008 höfum við þannig ekki aðeins orðið vitni að aukinni verndartollastefnu heldur höfum við einnig séð mikla aukningu á pólitísku ofstæki, hryðjuverkum og stríði.

Verndartollastefnan er augljóslega ekki orsök alls ills í heiminum, en í heimi þar sem við hættum að versla hvert við annað er vissulega hætta á að vantraust og hatur aukist. Þegar verndartollar eru annars vegar virðumst við því miður hafa lært mjög lítið af 4. áratugnum og það er alvöruógn við heimsfriðinn.

# Á köldum klaka



Hin hliðin

Bjarnveig Eiríksdóttir
hdl. LL.M. Evrópulög
ehf./Vík lögmannsstofa ehf.

Annað slagið fréttist af bágri stöðu erlendra verkamanna hér á landi. Oft eru þetta sk. útsendir starfsmenn þjónustufyrirtækja frá öðrum EES-ríkjum, t.d. starfsmannaleigu eða byggingaverktaka, sem senda þá hingað til lands í tímabundin verkefni. Lagalega er staða þessara launþega önnur en annarra launþega á hérlendum vinnumarkaði. Svo virðist sem hægt sé að teygja þessa tímabundnu dvöl þeirra út í hið óendanlega.

**Ólík staða útsendra starfsmanna og EES-launþega**

Meginregla EES um frjálsa för launþega gildir um EES-launþega sem ráða sig til vinnu hjá hérlendum fyrirtækjum. Þeir njóta sömu kjara og félagslegra réttinda og aðrir launþegar hér á landi og tilheyra hérlendu almannatryggingakerfi. Útsendir starfsmenn koma hingað í skjóli erlends þjónustufyrirtækis á grundvelli EES-reglunnar um þjónustufrelsi. Útsendir starfsmenn heyra undir reglur heimaríkis síns, m.a. atvinnuleysistryggingakerfi og tilheyra almannatryggingakerfi þess fyrstu tvö árin. Samkvæmt tilskipun um útsenda starfsmenn skulu tiltekin réttindi þeirra vera í samræmi við reglur gistiríkis, þ.e. ríkisins sem þeir eru sendir til, s.s. lágmarkslaunataxtar, orlofsréttindi, aðbúnaður og öryggi á vinnustað. Gistiríki má ekki gera kröfu um að útsendum starfsmönnum verði veitt meiri réttindi en heimilað er í tilskipuninni. Samkvæmt dómi EFTA-dómstólsins í máli E-12/2010 eiga starfsmenn sendir hingað takmarkaðri rétt til veikindalauna og ekki rétt á lögbundinni slysatryggingu eins og launþegar sem tilheyra hérlendum vinnumarkaði.

**Bætt staða?**

Verði umdeildar tillögur framkvæmdastjórnar ESB um breytingar á tilskipuninni að veruleika gæti staðan batnað. Tekist er á um þær í Evrópuþinginu fram á haust. Tillögurnar munu breyta mestu hjá ríkjum sem ólíkt Íslandi hafa ekki nýtt sér svigrúm sem tilskipunin gefur til að veita starfsmönnum sendum frá öðrum ríkjum kjör sem líkust þeim sem gilda um aðra launþega. Eftirtektarverð er tillaga um að útsendur starfsmaður sem fyrirséð er að dveljist í gistiríki, þ.e. hérlendis, lengur en 24 mánuði skuli falla undir hérlenda vinnulöggjöf. Einnig skiptir máli að útsendir starfsmenn munu eiga rétt á sömu launum og hérlendir launþegar, ekki aðeins lágmarkstaxta samkvæmt kjarasamningum eins og nú er. Bót væri að þessum breytingum. Félagsleg undirboð sem koma niður á réttindum launafólks eiga ekkert skylt við heilbrigða samkeppni.

# Taktu vel á móti viðskiptavininum

## Með HP RP9 kassakerfislausninni

### Með Intel® Core™ i5 örgjörva

M7J39AV






STILLANLEGUR SKJÁR



AUKASKJÁR FYRIR VIÐSKIPTAVINI



FJÖLDI TENGIMÖGULEIKA

## Kraftmikil en nett lausn

Það fer ekki mikið fyrir HP RP9 kassakerfislausninni, tekur lítið pláss á borði en afkastar miklu. RP9 kemur m.a. með 6. kynslóðar Intel® Core™ i5 örgjörva (M7J39AV) og getur tengst þráðlausu eða hefðbundnu neti, hentar allsstaðar þar sem þörf er á áreiðanlegri sambyggðri lausn.

## Meiri sveigjanleiki

Stilltu skjáinn eins og þér hentar best hvað varðar hæð, snúning og sjónarhorn og veldu þá aukahluti sem hæfa þínum rekstri.

· Val um 15,5" eða 18,5" snertiskjá sem snýr að starfsmanni

· Val um allt að 14,1" snertiskjár sem snýr að viðskiptavini

· Fjölbreytt úrval aukahluta í boði

**Allar nánari upplýsingar á www.ok.is.**

Intel, merki Intel, Intel Inside, Intel Inside merkið, Intel Core, Intel Core Inside eru vörumerki Intel Corporation í Bandaríkjunum og/eða öðrum löndum.

Opin Kerfi
*– allt er mögulegt*

Opin Kerfi // Höfðabakka 9 // 110 Reykjavík // 570 1000 // ok.is

# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 20. júlí 2016

Íslenska úrvalsvísitalan
1818,65 -14,15
(-0,77%)

Vísir
www.visir.is

Viðskiptavefur Vísis
@VisirVidskipti

**7%**
**LÆKKUN OLÍUVERÐS**

Hrávöruverð á olíu hefur farið lækkandi á ný síðastliðinn mánuð. Frá 23. júní hefur Brent-hráolía farið undir 50 dollara á tunnu. Þrátt fyrir hækkanir í gær hafði verðið lækkað um tæplega sjö prósent á tímabilinu. Verð á West Texas-hráolíu var 50,11 dollarar á tunnu þann 23. júní en hefur síðan lækkað um tæplega níu prósent.

**50,8**
**MILLJÓNA HAGNAÐUR**

Norðursigling hagnaðist um 50,8 milljónir króna á síðasta ári, samanborið við 53,6 milljónir króna árið 2014. Félagið Eldey TLH hf, keypti 36,8 prósent í félaginu á 280 milljónir króna á árinu. Ekki er lagt til að arður verði greiddur af hagnaði ársins. Norðursigling býður upp á sjávartengda ferðaþjónustu, meðal annars hvalaskoðun.

**12.07.2016**

**Þetta aflandsfélag sem ég er fyrir löngu búinn að gera grein fyrir, var stofnað þann 14. febrúar árið 2007. Þetta er vitleysa. Ég hætti störfum í Seðlabankanum fimm árum áður. Ég get varla hafa þurft leyfi frá fyrrverandi vinnuveitanda mínum.**

Finnur Ingólfsson, fyrrverandi iðnaðar- og viðskiptaráðherra og seðlabankastjóri



## Stjórnarmaðurinn

@stjornarmadur

## Tilvistarkreppa Netflix

**Bréf** í streymiþjónustunni Netflix sem skráð er á markað í New York hafa hríðfallið frá vikubyrjun eftir að félagið birti uppgjör fyrir annan ársfjórðung. Einkum voru það áskriftartölur sem skelfdu fjárfesta en Netflix var langt frá því að ná yfirlýstu markmiði um 2,5 milljónir nýrra notenda á fjórðungnum. Það þrátt fyrir að hafa nýverið kynnt þjónustu sína til leiks í 130 nýjum löndum, þar með talið á Íslandi.

**Netflix** hefur um árabil farið með himinskautum á hlutabréfamarkaði. Hátt verð hefur einkum verið réttlætt með væntingum um mikinn tekjuvöxt í náinni framtíð. Streymiþjónustur á borð við Netflix séu framtíðin á meðan hefðbundnari afþreyingarfyrirtæki eigi undir högg að sækja. Þess vegna er Netflix metið á 130x EBIDTA hagnað á meðan hefðbundið sjónvarpsfyrirtæki á borð við Sky er metið á 9 til 10x EBIDTA.

**Gallinn** er bara sá að Netflix á í ákveðinni tilvistarkreppu. Stóru kvikmyndaverin sjá Netflix sem ógn og hafa því dregið verulega úr sölu á efni til þeirra. Af þeim sökum er mikið af gömlu og úr sér gengnu efni á þjónustunni. Þetta hefur líka orðið til þess að Netflix hefur í auknum mæli þurft að stóla á eigin framleiðslu til að halda viðskiptavinum og laða að nýja. Vissulega hefur þeim oft tekist prýðilega til, samanber House of Cards og Narcos, en eigin framleiðsla er gríðarlega kostnaðarsöm.

**Síðast** en ekki síst eru komnar fjölmargar streymiþjónustur sem keppa við Netflix. Má þar nefna Now TV í Bretlandi sem rekið er af Sky og hefur að geyma nýrra og ferskara efni en Netflix. Það er líf í gömlu hundunum og Netflix situr ekki lengur eitt að sínu viðskiptamódeli.

**Hvað** er þá til ráða fyrir Netflix? Einhvern tíma hætta fjárfestar að einblína á framtíðarvöxt og fara að velta fyrir sér tekjum og rekstrarhorfum hér og nú. Í því samhengi er áhugavert að velta því fyrir sér að Sky í Bretlandi hefur aflað meiri nýrra tekna undanfarin ár en Netflix utan Bandaríkjanna.

**Vandi** er um að spá en fyrst áskriftartölur virðast staðnaðar er varla annað að gera en hækka verðið – og umtalsvert ef Netflix ætlar að standast fyrirtækjum á borð við Sky snúning þegar kemur að arðsemi.

ÞJÓNUSTA
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

Loksins færðu stuðning í vinnunni

sedus
Knoll
epal
Harpa / Skeifan 6 / Kringlan / 5687733 / epal@epal.is / epal.is

**Quarterback frá Sedus**
með færanlegri setu og mjóbaksstuðningi.

Verð áður: 134.000.-
Tilboðsverð:
98.000.-





**Chadwick frá Knoll**
sameinar falleg form og hámarksþægindi

Verð áður: 196.100.-
Tilboðsverð:
137.000.-

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

# KEYPT & SELT

## Til sölu

STIGA 4WD



**Stiga Estate Pro 9122**
Sjálfskiptur lúxus sláttutraktór
B&S 8240 Intek mótor
Sérstyrktur sláttubúnaður
360 lítra grasuppsöfnunarkassi
VETRARSÓL Askalind 4, Kóp. Sími 564 1864 www.vetrarsol.is

VERSLUNARTÆKNI
Stubbahús



www.verslun.is
Pöntunarsími: 5351300

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is
s. 552-4910.

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

# HEILSA

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www. tantratemple.is

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



SAFT

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

# HEIMILIÐ

## Barnavörur




Vagnstykki, kerrustykki og skiptitaska Verð frá kr. 99.900. Barnið Okkar Hlíðasmára 4, 201 Kóp. Barnidokkar.is

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

**3JA HERB. ÍBÚÐ Í MIÐBÆNUM**
Góð 70fm íbúð til leigu í Stórholti. Laus strax, leiguverð 195.000 uppl. í s 868 0907

## Húsnæði óskast

Óska eftir herbergjum eða íbúð fyrir starfsfólk á stór RVK svæðinu. Tryggar greiðslur. Uppl. í s. 897 1995 Sigurður.

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 25% afsláttur. www. geymslur.is

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Verktakafyrirtæki á Akureyri óskar eftir vönum járnabindingarmönnum. Símar: 820-7060 / 840-0609 vaverktakar@gmail.com

## Atvinna óskast

**PROVENTUS STARFSMANNAÞJÓNUSTA**
Útvegum starfsmenn til fjölbreytilegra starfa um lengri eða skemmri tíma.
**Nánari upplýsingar í síma 775-7373 eða sendið fyrirspurn á netfangið proventus@proventus.is**

## Viðskiptatækifæri



Tækifæri Parketþjónustu rekstur til sölu, næg verkefni. www. parketslipunmeistarans.is -7817200

## til sölu

**Til sölu**
**Flekadokamót, Liebher krani TT32 árg. 2001, Steinslípivél, ryksuga, ibita og undirsláttar stálstoðir f. pl. Vinnuskúr og fl.**
**Uppl. í s. 772 5607**

## til leigu

**HÁRGREIÐSLUFÓLK OG NAGLAFRÆÐINGAR ATH.**
Stóll til leigu og naglaborð, góð aðstaða, næg bílastæði og sanngjörn leiga.

Uppl. sendist á begga@hairbrush.is eða á staðnum (Hæðasmári 4, 201 Kóp.)
S. 551-7770/659-4135 (Begga).

HAIRBRUSH HAIR & AIRBRUSH STUDIO

## markaður




**Símar 662 7222 og 578 6262**
**Vefverslun: vonogbjargir.is**
**Viltu gefa kompudót, fatnað, bækur og fleira? ...við sækjum. Höfum kaupendur að heilum búslóðum og lagerum.**




# Ertu að leita að talent?

Við finnum starfsmanninn fyrir þig



lind@talent.is



bryndis@talent.is

TALENT RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF

www.talent.is | talent@talent.is



## atvinna


**Lyfjaval APÓTEK**

### Störf í Apóteki

**Lyfjaval óskar eftir að ráða lyfjatækni eða afgreiðslufólk með reynslu af apóteksstörfum. Æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Vinnutími 9-18 virka daga.**

**Umsóknarfrestur er til 1.ágúst.**
Umsóknir má senda á póstfangið gudni@lyfjaval.is
Einnig er hægt að fylla út umsókn á lyfjaval.is
Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Vissir þú að...
holl og góð fæða stuðlar að líkamlegu heilbrigði sem börn eiga rétt á

Barnaheill
Save the Children á Íslandi


## fasteignir


**TRAUSTI fasteignasala**

**Jóhanna Guðrún Snæfeld**
Lögfræðingur/sölufulltrúi
845-6305

**Kristján Baldursson hdl.**
Löggiltur fasteignasali og leigumiðlari
867-3040

### Miklabraut 86




**Opið hús á 1. hæð miðvikudaginn 20. júlí frá 19:00-19:30**
Góð 4.herb 107fm íbúð á góðum stað. Eignin fæst afhent við kaupsamning. Skammtímaleiga hefur verið samþykkt í húsinu. **Verð 41.5 millj.**

**Trausti fasteignasala, trausti@trausti.is, s.546-5050, Vegmúla 4, 108 Reykjavík**

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Austurkór 17- Kóp. 4ra herb. íbúð á efri hæð.**

**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**




Mjög fín 114,3 fm. íbúð á efri hæð í nýlegu húsi við Austurkór í Kópavogi að gólffleti 114,3 m². Rúmgóðar svalir til suðurs. Þrjú góð herbergi og eru skápar í öllum. Þvottaherbergi og geymsla innan íbúðar. Gólfhiti er í allri íbúðinni. **Verð 39,9 millj. Verið velkomin.**




**OPIÐ HÚS Í DAG**
**miðvikudaginn 20.júlí kl.17:00-17:30**

Bókaðu skoðun:
**Davíð Jónsson**
sölufulltrúi
sími: 697 3080
david@miklaborg.is

**Ásgrímur Ásmundsson**
löggiltur fasteignasali
sími: 865 4120
asgrimur@miklaborg.is

Nýleg og fallega innréttuð 125,6 fm
4ra herbergja íbúð á 5. hæð
Sérlega glæsilegt og viðhaldslétt fjölbýli
Útsýni og staðsetning íbúðarinnar er í algerum sérflokki
Stæði í lokaðri bílageymslu fylgir íbúðinni

Verð: **59,9 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

### KALDALIND 9 – 201 KÓP




OPIÐ HÚS FIMMTUDAGINN 21. JÚLÍ KL. 17:00 - 17:30
- Afar vandað og glæsilegt 223 fm. einbýlishús á tveimur hæðum með 26,6 fm. innbyggðum bílskúr.
- Mikil lofthæð á efrihæð með innfelldri lýsingu. Afar vandaðar innréttingar og gólfefni, allt parket er gegnheilt.
- Eignin stendur á góðum útsýnisstað ofarlega í Lindahverfinu. Afar glæsileg lóð.
- **V. 85 millj.**

**Sveinn**
Löggiltur fasteignasali.
S. 512 4900

**Þórarinn**
Sölustjóri
Sími: 770 0309

**LANDMARK**
FASTEIGNASALA
SÍMI 512 4900 - BOLHOLTI 4 - LANDMARK.IS


## tilkynningar

# SKIPULAGSBREYTING

## fyrir Reykjanesbraut, Strandgötu og Stapahraun

**Samþykkt hefur verið að setja eftirfarandi skipulagsbreytingar í auglýsingu. Tillögur til sýnis til og með 31. ágúst 2016.**

**Deiliskipulag við Reykjanesbraut – tenging við Rauðhellu/Krýsuvíkurveg**
Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum 28.júní 2016 að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi Reykjanesbrautar vegna tengingar við Rauðhellu/Krýsuvíkurveg í samræmi við I. mgr. 43 gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin felst í stækkun hringtorgs miðað við það sem fyrirhugað var og nýrri afrein inn á Hellusvæðið.

**Deiliskipulag lóða við Strandgötu 26–30**
Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum 28. júní 2016 að auglýsa deiliskipulagsbreytingu lóða að Strandgötu 26 – 30 í samræmi við I. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr.123/2010. Breytingin felst í stækkun lóðar og heimild til aukins byggingarmagns. Hámarks samanlagt nýtingarhlutfall lóðanna án bílgeymslu verður 3.41 samkvæmt tillögunni.

**Deiliskipulag lóðanna við Stapahraun 11–12**
Með vísan í bréf Skipulagsstofnunar dags. 9.6.2106, greinargerð skipulagsfulltrúa dags. 27.6.2016 og deiliskipulagsuppdrátts NEXUS arkitekta samþykkir bæjarráð, í umboði bæjarstjórnar Hafnarfjarðar þann 14.7.2016, að auglýsa tillögu að breytingu á deililskipulagi Stapahrauns 11 – 12 með vísan til 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin felst í því að lóðirnar Stapahraun 11 og 12 verða sameinaðar og götustæði styttist. Nýtingarhlutfall hinnar sameinuðu lóðar verður 0.75.

Tillögurnar verða til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðar Strandgötu 6 og hjá umhverfis- og skipulagsþjónustu, Norðurhellu 2, frá 20. júlí til 31. ágúst 2016. Hægt er að skoða tillögurnar á **hafnarfjordur.is**

Nánari upplýsingar hjá umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðarbæjar.

Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingarnar og skal þeim skilað skriflega til umhverfis- og skipulagsþjónustu eigi síðar en 31. ágúst 2016. Þeir sem ekki gera athugasemdir við breytingarnar innan tilskilins frests, teljast samþykkir.

**HAFNARFJARÐARBÆR**
OPIÐ FRÁ KL. 8.00 – 16.00
ALLA VIRKA DAGA

**585 5500**
hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR


ráðum
ráðningarstofa

Ertu að leita að starfi?

**RÁÐUM EHF** • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • radum@radum.is



LIND Fasteignasala kynnir:

# Garðatorg 2a

*Einstök útsýnishús*

Einstök útsýnishús, aukin lofthæð í öllum íbúðum, allt að 3,30m. Húsin eru álklædd að utan, vandaðar innréttingar og granít. **fullbúin sýningaríbúð**. 2ja, 3ja og 4ja herbergja íbúðir. Verð frá 39,5 millj. kr.









Íbúar Garðatorgs njóta þeirra forréttinda að í nærumhverfinu er öll verslun og þjónusta innan seilingar. Því þarf ekki að grípa til fölskyldubílsins, hvort sem um er að ræða þörf á matvörubúð, apóteki, banka,blómabúð, fatahreinsun eða bókasafni.

Fjölmörg önnur fyrirtæki bjóða einnig bæjarbúum þjónustu sína.

Í fyrirhuguðu verslunarrými við Garðatorg er einnig von á fjölmörgum spennandi fyrirtækjum sem auka mannlífið og lífsgæðin!

**Opið hús miðvikudaginn 20. júlí frá kl. 17:00-17:30**

Allar nánari upplýsingar veita:

Byggingaraðili: ÞG-VERK www.tgverk.is



Hannes Steindórsson
Löggiltur fasteignasali
699 5008
hannes@fastlind.is



Stefán Jarl Martin
Lögg. leigumiðlari.
Aðstoðarmaður fasteignasala
892 9966
stefan@fastlind.is



Kristján Þ. Hauksson
Aðstoðarmaður fasteignasala.
696 1122
kristjan@fastlind.is



Gunnar Valsson
Aðstoðarmaður fasteignasala.
699 3702
gunnar@fastlind.is

LIND FASTEIGNASALA
Hlíðasmári 6, 201 Kópavogur

**Uppspretta ánægjulegra viðskipta**

# Prívat með sína myndlist

## Á yfirlitssýningunni Draumland í Ekkisens má sjá verk eftir Völund Draumland Björnsson.

„Hann sýndi dálítið á sjöunda áratugnum með vini sínum Degi Sigurðarsyni sem er þekktur listamaður og verkin hans rötuðu dálítið á sýningar í gegnum Dag. Hann var lítið fyrir það að koma sér á framfæri og var prívat maður með sína myndlist,“ segir myndlistarkonan Freyja Eilíf um afa sinn Völund Draumland Björnsson.

Í dag verður opnuð yfirlitssýning undir nafninu Draumland á verkum hans í galleríi Ekkisens sem er í kjallarahúsnæði á Bergstaðastræti 25b. Freyja segir það hafa staðið til frá opnun gallerísins að efna til sýningar á verkum afa hennar en sjálfur átti hann á tímabili heima í húsinu og tilefnin eru jafnvel fleiri til þess að ráðast í sýningarhald. „Sýningin er opnuð á afmælisdeginum hans en í ár eru liðin áttatíu ár frá fæðingu hans og stefnan var alltaf sett á að gera þetta núna,“ segir Freyja. Um er að ræða fyrstu einkasýninguna á verkum Völundar en þessi fyrsta sýning er hluti af sýningarseríu sem gera mun ævistarfi listamannsins skil en hann fæddist árið 1936 og lést árið 2012. Völundur var samferðamaður Dags Sigurðarsonar, Jónasar Svafárs, Elíasar Mar og fleiri listamanna. Í gegnum feril sinn fékkst hann við tréristur, olíumálverk, vatnslitamyndir, ljósmyndun og þýðingar en yngstu verkin á sýningunni eru smágerðar blekteikningar á vindlapappír. Verk hans endurspegla sterka félagslega meðvitund um íslenskt samfélag í hnattrænu samhengi og eru oft mjög pólitísk.

Freyju og afa hennar var vel til vina og þó að hann hafi verið prívat maður með sína myndlist hafði hún í gegnum tíðina séð töluvert af verkum hans. „Við vorum mjög miklir vinir, ég hafði séð margt af þessum verkum og sá mikilvægi þess að þetta yrði sýnt. Þetta er myndlist sem ætti ekki að vera gleymd og grafin heldur þarf að koma fram, sýna og gera skil á.“

Sýningin er opnuð í dag klukkan 17 og eru allir velkomnir. gydaloa@frettabladid.is


Freyja Eilíf ásamt ömmu sinni Diddu, sambýliskonu Völundar. Hér eru þær fyrir utan galleríi Ekkisens og fyrrum heimili Völundar. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

---



✝

Innilegar þakkir fyrir hlýhug og samúð vegna fráfalls elskulegs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

**Rafns Gestssonar**

*fyrrv. bankafulltrúa,*
*Árskógum 8 (áður Háaleitisbraut 28), Reykjavík,*

sem jarðsunginn var frá Háteigskirkju miðvikudaginn 22. júní sl.

**Helga Guðrún Helgadóttir**
**Lára S. Rafnsdóttir — Jóhannes Atlason**
**Theodóra Guðrún Rafnsdóttir**
**Hlöðver Örn Rafnsson — Sigríður Sverrisdóttir**
**Högni Rafnsson — Antonia Gutes Turu**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Sambýliskona mín, móðir og amma,

**Elísabet Halldórsdóttir**

*bókasafnsfræðingur,*

sem lést miðvikudaginn 13. júlí 2016 verður jarðsungin frá Fríkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 22. júlí klukkan 15.

**Páll Eiríksson**
**Ragnar Guðmundsson**
**Skorri Þór Ragnarsson**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Guðni Gunnar Jónsson**

*húsasmíðameistari,*
*Hlégerði 10, Kópavogi,*

lést á Landspítalanum þriðjudaginn 12. júlí. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju, föstudaginn 22. júlí kl. 13.00.

**Ingibjörg María Gunnarsdóttir**
**börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**Alfreðs Júlíussonar,**

*vélfræðings.*

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki deildar 3S á hjúkrunarheimilinu Eir fyrir alúðlega umönnun.

**Guðbjörg Alfreðsdóttir — Ásmundur Karlsson**
**María Júlía Alfreðsdóttir — Símon Ólafsson**
**Ólöf Alfreðsdóttir — Ágúst Victorsson**
**Kristín Gróa Alfreðsdóttir — Ragnar Ríkharðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn, sonur, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Gunnar Árnmarsson**

*skipstjóri,*
*Krummahólum 6, Reykjavík,*

lést þriðjudaginn 12. júlí. Útför hans fer fram frá Garðakirkju á Álftanesi, föstudaginn 22. júlí, klukkan 13.00.

**Guðbjörg Friðriksdóttir**
**Una Sigríður Gunnarsdóttir**
**Sigmar Helgi Gunnarsson**
**Sigurður Gunnarsson — Iðunn Saga Björnsdóttir**
**Jóna Sigríður Gunnarsdóttir — Kristján Vattnes Jónass.**
**María Björk Gunnarsdóttir — Óskar Long Einarsson**
**og aðrir aðstandendur.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

---



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Arngrímur Friðrik Kristjánsson**

*múrarameistari og húsvörður í Verkmenntaskólanum á Akureyri,*

lést föstudaginn 15. júlí. Útför hans fer fram frá Glerárkirkju mánudaginn 25. júlí kl. 13.30.

**Guðfinna Anna Sigurbjörnsdóttir**
**Sigurbjörn Arngrímsson — Hafdís Eygló Jónsdóttir**
**Bryndís Arngrímsdóttir**
**Kristján G. Arngrímsson — Ásta K. Hauksdóttir Wiium**
**Arngrímur Arngrímsson**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

---



✝

Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Rakel Grímsdóttir**

*sjúkraliði,*
*Holtateigi 38, Akureyri,*

lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri mánudaginn 18. júlí. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju miðvikudaginn 27. júlí kl. 13.30. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Styrktar- og líknarsjóð Oddfellowa og Hollvinasamtök Sjúkrahússins á Akureyri.

**Bjarni Smári Jónasson — Guðrún F. Hjartardóttir**
**Grímur Már Jónasson — Theodóra Reynisdóttir**
**Sigurlaug Bára Jónasdóttir — Haraldur Haraldsson**
**barnabörn og langömmubörn.**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Aðalheiður Ísleifsdóttir**

*Miklubraut 64, Reykjavík,*

lést á Landspítalanum miðvikudaginn 13. júlí. Útför hennar fer fram frá Háteigskirkju fimmtudaginn 21. júlí kl. 13.

**Sigríður Káradóttir — Guðjón Guðmundsson**
**Tryggvi Kárason — Guðrún R. Rafnsdóttir**
**Trausti Kárason — Selma Rut Magnúsdóttir**
**Albert Sigtryggsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

**Ingibjörg Sigríður Jónsdóttir**

*frá Snorrastöðum, Kolbeinsstaðahreppi,*

sem andaðist í Brákarhlíð, Borgarnesi föstudaginn 15. júlí verður jarðsungin frá Borgarneskirkju þriðjudaginn 26. júlí kl. 13.00.

**Haukur Sveinbjörnsson**
**Branddís Margrét Hauksdóttir — Kristján Ágúst Magnússon**
**og barnabörn.**

---



✝

Útför eiginmanns míns, ástvinar og föður okkar,

**Friðriks Kristjánssonar**

*fv. framkvæmdastjóra,*
*Sunnuvegi 29, Reykjavík,*

verður gerð frá Áskirkju fimmtudaginn 21. júlí kl. 15.00.

Minningargreinar vinsamlegast afþakkaðar, sem og blóm og kransar, að ósk hins látna. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélag Íslands eða önnur líknarfélög.

**Bergljót Ingólfsdóttir**
**Vala Friðriksdóttir, Friðrik Friðriksson,**
**Kristján Friðriksson, Kolbrún Friðriksdóttir,**
**Bergljót Friðriksdóttir**

---



✝

Ástkær faðir minn, tengdafaðir, afi og langafi,

**Jóhannes Þórðarson**

*fv. yfirlögregluþjónn,*
*Hverfisgötu 31, Siglufirði,*

lést á hjúkrunarheimilinu Eir þriðjudaginn 5. júlí. Útförin verður gerð frá Siglufjarðarkirkju laugardaginn 23. júlí kl. 14.00.

**Soffía G. Jóhannesdóttir — Ólafur Kristinn Ólafs**
**Ólafía M. Guðmundsdóttir**
**Halldóra Sigurlaug Ólafs — Hobie Lars Hansen**
**Magnea Jónína Ólafs — Björgólfur Hideaki Takefusa**
**Jóhannes Már Jónsson — Halldóra Íris Sigurgeirsd.**
**Kjartan Orri Jónsson — Sigrún Ásgeirsdóttir**
**Margrét Finney Jónsdóttir**
**Eydís Ósk Jóhannesdóttir, Anna Lilja Kjartansdóttir,**
**Jasmín Ósk Takefusa**


ÚTSALA
ÍSLENSK HÖNNUN
Fífa 140x200
Nú 6.071 kr. Áður 13.490 kr.
YFIR 40 TEGUNDIR Á ÚTSÖLU
ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR
50% AF ÖLLUM BARNAFÖTUM
Barnafatalína fyrir stráka og stelpur
Húfa 895 kr. Áður 1.790 kr.
50% AF ÖLLUM BARNAFÖTUM
Barnafatalína fyrir stráka og stelpur
Peysa 2.245 kr. Áður 4.490 kr.
SVUNTUR FRÁ 1.794 KR
Skautbúningasvuntan/ Höfðingi svunta
Nú 3.594 kr. Áður 5.990 kr.
25-60% AF ÖLLUM RÚMFÖTUM
Parið hvít m. mosagrænum 140x200
Nú 7.788 kr. Áður 12.980 kr.
Ofnhanski - krummi
Nú 1.194v kr. Áður 1.990 kr.
Handklæði 70x140 / 10 litir 3 stærðir
Nú 2.093 kr. Áður 2.990 kr.
OKKAR STÆRSTA ÚTSALA FRÁ UPPHAFI
Rauði kross Íslands
Á undanförnum 3 árum höfum við unnið með Rauða krossinum við að safna notuðum flíkum. Þegar barnið þitt er vaxið upp úr sinni stærð hefur þú kost á að koma með flíkina og fá aðra með 20% afslætti.
Lín DESIGN
LAUGAVEGI 176 | GLERÁRTORGI | KRINGLAN | LINDESIGN.IS

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Miðvikudagur




Austlæg eða norðaustlæg átt hæg um allt land. Skýjað víðast hvar en rigning syðst um hádegi en víða um land um kvöldið. Hiti 10 til 18 stig.

## Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 15° | 9° | 13° |
| ←5 | ↙6 | ↓2 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 12° | 11° | 12° |
| ↓3 | ←5 | ↘1 |

## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 11° | 7° | 15° |
| ↑4 | ↓5 | ↗6 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 13° | 12° | 8° |
| ↑9 | ↖5 | ↑8 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. ventill
6. tímaeining
8. samræða
9. starfsgrein
11. 950
12. frárennsli
14. fyrirmynd
16. átt
17. drulla
18. hætta
20. skóli
21. hávaði

**LÓÐRÉTT**
1. hæfileiki
3. pot
4. málmur
5. angan
7. rafstraumur
10. æxlunarkorn
13. svif
15. íþróttafélag
16. nægilegt
19. ung



**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** loki, **6.** ár, **8.** tal, **9.** fag, **11.** lm, **12.** afrás, **14.** mótíf, **16.** na, **17.** aur, **18.** ógn, **20.** ma, **21.** gnýr.
**LÓÐRÉTT: 1.** gáfa, **3.** ot, **4.** kalsíum, **5.** ilm, **7.** rafmagn, **10.** gró, **13.** áta, **15.** fram, **16.** nóg, **19.** ný.

### Skák Gunnar Björnsson

Hinn sjö ára Aksel Bu Kvaloy (1533) vakti mikla athygli á Meistaramóti Noregs þegar hann varð landsmeistari í flokki 11 ára og yngri.

**31...Dxh2+! 32. Kxh2 Hh6+**
Hvítur gafst upp enda óverjandi mát. Kvaloy er sá yngsti sem hefur náð þessum titli. Johan Salomon varð hins vegar skákmeistari Noregs.
**www.skak.is:** Öl undir 16 ára hefst á morgun.

**Svartur á leik**



## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | | | | | | | | 3 |
| | | 6 | | | 9 | 2 | | |
| 1 | | 8 | | | | | | 9 |
| | 2 | 9 | | 1 | | 7 | 3 | |
| 3 | | | 7 | | 6 | | 9 | |
| 5 | 6 | | | 3 | | 1 | | 4 |
| | | 1 | | 5 | | | | 7 |
| | 8 | | 3 | 4 | | | | |
| 6 | | | 2 | | | 8 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 9 | 4 | | | 5 |
| | | 1 | | | 8 | 4 | 9 | |
| | | 6 | | 2 | | 7 | 3 | |
| | | 4 | 2 | | 6 | | | |
| 5 | 6 | 2 | | 8 | | | 4 | |
| 1 | | | | | | | | 9 |
| 4 | | | | | | 9 | | |
| | | | | | | 5 | 7 | 2 |
| | | 5 | 9 | 3 | | 1 | 8 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | 3 | | | |
| 2 | | | | 5 | 6 | | 1 | |
| 3 | | | 7 | | | | 8 | 4 |
| 7 | | 2 | | | 4 | | | 5 |
| 9 | | | 3 | 7 | | | | |
| | | | 9 | | | 4 | 6 | |
| | | 3 | | | 8 | 5 | | |
| 4 | | | 1 | | | 6 | | |
| | | 9 | | | 2 | | | 8 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku →**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 3 | 2 | 6 | 4 | 7 | 5 | 1 | 9 |
| 9 | 4 | 5 | 1 | 2 | 3 | 8 | 6 | 7 |
| 1 | 6 | 7 | 8 | 5 | 9 | 2 | 3 | 4 |
| 2 | 5 | 8 | 9 | 6 | 4 | 1 | 7 | 3 |
| 3 | 7 | 9 | 2 | 8 | 1 | 6 | 4 | 5 |
| 6 | 1 | 4 | 3 | 7 | 5 | 9 | 8 | 2 |
| 4 | 2 | 6 | 5 | 3 | 8 | 7 | 9 | 1 |
| 5 | 9 | 3 | 7 | 1 | 6 | 4 | 2 | 8 |
| 7 | 8 | 1 | 4 | 9 | 2 | 3 | 5 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 9 | 5 | 1 | 3 | 6 | 2 | 4 | 7 |
| 4 | 1 | 6 | 8 | 2 | 7 | 3 | 5 | 9 |
| 2 | 3 | 7 | 4 | 9 | 5 | 8 | 6 | 1 |
| 5 | 4 | 8 | 2 | 7 | 1 | 6 | 9 | 3 |
| 3 | 6 | 9 | 5 | 8 | 4 | 1 | 7 | 2 |
| 7 | 2 | 1 | 9 | 6 | 3 | 4 | 8 | 5 |
| 6 | 8 | 3 | 7 | 5 | 2 | 9 | 1 | 4 |
| 9 | 7 | 4 | 3 | 1 | 8 | 5 | 2 | 6 |
| 1 | 5 | 2 | 6 | 4 | 9 | 7 | 3 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 2 | 1 | 5 | 7 | 3 | 6 | 8 | 4 |
| 6 | 4 | 7 | 2 | 8 | 9 | 5 | 1 | 3 |
| 8 | 3 | 5 | 1 | 4 | 6 | 7 | 2 | 9 |
| 2 | 5 | 6 | 3 | 9 | 7 | 8 | 4 | 1 |
| 4 | 1 | 3 | 8 | 5 | 2 | 9 | 7 | 6 |
| 7 | 8 | 9 | 4 | 6 | 1 | 2 | 3 | 5 |
| 1 | 6 | 8 | 9 | 2 | 4 | 3 | 5 | 7 |
| 5 | 7 | 4 | 6 | 3 | 8 | 1 | 9 | 2 |
| 3 | 9 | 2 | 7 | 1 | 5 | 4 | 6 | 8 |

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

blómaval

-0% - 40% - 30% - 20% - 30% - 40% - 50% - 20% -

# LAGER HREINSUN

## á sumarvörum **hefst í dag**

ENN MEIRI VERÐLÆKKUN • ENN MEIRI VERÐLÆKKUN • ENN MEIRI VERÐLÆKKUN • ENN MEIRI VERÐLÆ

## ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR



## Enn meiri verðlækkun

Garðálfar 50% afsláttur • Útipottar 30% afsláttur • Birki í pottum 70% afsláttur
Garðplöntur, tré, runnar, fjölærar plöntur, rósir og sumarblóm 50% afsláttur
Bensín sláttuvélar 25% afsláttur • Rafmagnssláttuvélar 30% afsláttur
Garðverkfæri 30% afsláttur • Hekkklippur 35% afsláttur
Keðjusagir 35% afsláttur • Úðarar og slönguhjól 35% afsláttur
Mosatætarar 35% afsláttur • Garðhúsgögn 30% afsláttur
Tjaldstólar og tjaldborð 40-50% afsláttur • Sessur 40% afsláttur
Kælibox 40% afsláttur • Tjöld 40% afsláttur
Vindsæng og svefnpokar 40% afsláttur • Vatnsbrúsar 40% afsláttur
Grilláhöld 30% afsláttur • Leikföng 40% afsláttur

Byggjum á betra verði

www.husa.is

*Gildir ekki af tilboðum og „Lægsta lága verði Húsasmiðjunnar". Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Vöruúrval getur verið misjafnt milli verslanna.



Samantha Shay er höfundur Of Light sem verður frumsýnt á föstudagskvöldið. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

# Ég þurfti að kanna mína eigin skugga og upplifa myrkrið sem í mér býr til þess að skapa þetta verk

**Á föstudaginn verður heimsfrumsýnt í Tjarnarbíói leikhúsverkið Of Light eftir bandarísku listakonuna Samönthu Shay. Í verkinu kannar listakonan áhrif ljóss og myrkurs á líf okkar og líðan.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Það er ekki oft sem boðið er til leikhúsupplifunar sem fer að miklu leyti fram í myrkri en það er þó tilfellið í sviðsverkinu Of Light sem verður frumsýnt næstkomandi föstudag í Tjarnarbíói. Höfundur verksins er bandaríska listakonan Samantha Shay en hún segir hugmyndina að verkinu hafa kviknað eftir að hafa orðið fyrir áhrifum ljóss og myrkurs á Íslandi og í Bandaríkjunum.

### Sögunum er ekki sama

„Ég fékk hugmyndina að verkinu í vetrarmyrkrinu í Massachusettes eftir að hafa upplifað sumarbirtuna á Íslandi einum tveimur árum áður. Þetta varð til þess að ég fékk áhuga á því að skoða hvernig ljós og myrkur hefur áhrif á okkur; tilfinningalega, sálrænt, andlega, líkamlega og svo framvegis. Ég var talsverðan tíma að þróa þetta verk áður en það endaði sem leikhúsverk sem er að mestu flutt í myrkri. En tónlistin skapar hins vegar birtuna í verkinu og innan verksins er áhorfendum boðið að kanna samband sitt við ljós og myrkur. Það eru engu að síður ákveðnir sjónrænir þættir í verkinu en þeir eru óneitanlega afar minímalískir.

Á tímabili kallaði ég þetta óperu vegna þess að tónlistin er það sem fléttar þetta saman í eina heild. En svo kallaði ég þetta líka leikhús en verkið er í raun of frjálslegt í forminu til þess að falla í þann flokk. Málið er að ég tek oft marga ólíka miðla og blanda þeim saman. Það er ekki endilega eitthvað sem ég ætla mér að gera heldur meira svona eitthvað sem hvert og eitt verk kallar á. Sögum er nefnilega ekki sama hvernig þær eru sagðar. En það má eflaust segja að þetta sé tilraunakennt, ópera eða leikhús – aðalatriðið er upplifunin og að hún skili sér til áhorfandans.“

> **VIÐ VINNUM UM ALLAN HEIM OG ÉG BYRJAÐI MEÐ SOURCE MATERIAL SEM LEIÐ TIL ÞESS AÐ HAFA MEIRI STJÓRN Á ÞVÍ HVERNIG ER UNNIÐ OG HVERNIG VINNAN ER LÖGÐ FRAM.**

### Næmir á öfga náttúrunnar

Innan verksins er að finna framlag margra ólíkra listamanna. Þar má nefna ljóðið A Library of Light við Arnarstapa eftir Danielle Vogel, tónlistarkonan KÁRYYN semur raftónlist og kórverk fyrir verkið, Paul Evans sér um hljóðhönnun og útsetningu og Nini Julia Band fléttar hefðbundna tónlist, frá Kúrdistan, Georgíu og Sardiníu, við verkið. Sýningin er framleidd af Source Material sem Samantha Shay stofnaði árið 2014. Þessi alþjóðlegi listamannahópur hefur vakið mikla athygli og hlotið verðlaun fyrir verk sín. Á þessu ári frumsýna þau Of Light og annað verk sem ber heitið A Thousand Tongues, sem verður framleitt í samstarfi við hina virtu leikhússtofnun The Grotowski Institute.

„Við vinnum um allan heim og ég byrjaði með Source Material sem leið til þess að hafa meiri stjórn á því hvernig er unnið og hvernig vinnan er lögð fram. Listamennirnir koma víða að og það skapar líka ákveðna breidd sem gaman er að vinna með. Ef við horfum t.d. til þessa verks sem fjallar um ljósið þá finn ég vel að þeir sem koma frá norðurslóðum eins og Íslendingar eru næmari á öfga náttúrunnar og hvernig ljósið hefur áhrif á tilfinningalíf okkar og líðan. En það getur verið erfitt að koma þessum tilfinningum í orð og því er margt af því sem við erum að tjá án orða, enda er þetta ákaflega persónulegt hjá hverjum og einum. Ég held að það sé líka ástæðan fyrir því að verkið er eins og það er. Að það skuli fara fram í myrkrinu og svo kemur hljóðheimurinn til áhorfendanna, einstaklinganna.

### Barómeter sannleikans

Sýningin á föstudaginn er heimsfrumsýning á Of Light og Samantha á von á því að þau eigi eftir að ferðast talsvert með verkið. En hún hefur líka á orði að það sé sérstök tilfinning sem fylgi því að vera að frumsýna eftir svo langt og mikið ferli. „Ég er óneitanlega dálítið hrædd við að láta þetta frá mér en á sama tíma er það líka afar fullnægjandi. Málið er að til þess að skapa þetta verk þá þurfti ég að kanna minn eigin skugga og upplifa myrkrið sem í mér býr til þess að geta fært það fram fyrir aðra. Og nú þegar ég er að fara að sleppa þá finn ég að það kemur allt upp aftur. Finn alla þessa orku í kringum mig og það er í senn erfitt og spennandi. En mér hefur alltaf fundist listin vera barómeter sannleikans. Viðkvæm og auðmjúk og það eru tilfinningarnar sem fylla mig á þessari leið fram að frumsýningu og svo sjáum við hvað setur.“

THULE SWEDEN

# Ferðabox




Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is







| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| GHOSTBUSTERS | 5, 8, 10:30 |
| THE INFILTRATOR | 5, 8, 10:35 |
| ÍSÖLD ÍSL.TAL | 3:50, 5:50 |
| CENTRAL INTELLIGENCE | 8 |
| MIKE AND DAVE | 10:25 |




| ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| STAR TREK BEYOND 3D | KL. 5:30 - 10:40 |
| STAR TREK BEYOND 2D | KL. 5:20 - 8 - 10:30 |
| STAR TREK BEYOND 2D VIP | KL. 12:30 - 3 - 5:30 - 8 - 10:30 |
| NOW YOU SEE ME 2 | KL. 8 - 10:30 |
| ÍSÖLD 5 ÍSL.TAL 3D | KL. 1 - 3:20 |
| ÍSÖLD 5 ÍSL.TAL 2D | KL. 2 - 4:10 - 5:40 |
| THE BFG | KL. 12:30 - 3 - 5:30 - 8 |
| THE LEGEND OF TARZAN 2D | KL. 6:20 - 8:50 - 10:30 |
| FINDING DORY ENSKT TAL 2D | KL. 8 |
| LEITIN AÐ DÓRU ÍSL.TAL 2D | KL. 2 - 3:30 |
| TMNT 2 2D | KL. 1 |

| AKUREYRI | |
|---|---|
| STAR TREK BEYOND 3D | KL. 8 - 10:30 |
| NOW YOU SEE ME 2 | KL. 10:30 |
| THE BFG | KL. 5:30 |
| THE LEGEND OF TARZAN 3D | KL. 8 |
| LEITIN AÐ DÓRU ÍSL.TAL 2D | KL. 5:40 |

| EGILSHÖLL | |
|---|---|
| STAR TREK BEYOND 3D | KL. 8 - 10 |
| STAR TREK BEYOND 2D | KL. 5:30 - 7 - 10:40 |
| NOW YOU SEE ME 2 | KL. 8 - 10:40 |
| THE BFG | KL. 5:30 |
| THE LEGEND OF TARZAN 2D | KL. 5:30 - 8 - 10:20 |

| KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | |
|---|---|
| STAR TREK BEYOND 3D | KL. 5:40 - 8:10 - 10:40 |
| STAR TREK BEYOND 2D | KL. 10:20 |
| NOW YOU SEE ME 2 | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| THE BFG | KL. 3:10 |
| ME BEFORE YOU | KL. 8 |
| LEITIN AÐ DÓRU ÍSL.TAL 2D | KL. 3:20 - 5:40 |
| LEITIN AÐ DÓRU ÍSL.TAL 3D | KL. 3 |

| KEFLAVÍK | |
|---|---|
| STAR TREK BEYOND 3D | KL. 8 - 10:30 |
| GHOSTBUSTERS | KL. 8 |
| NOW YOU SEE ME 2 | KL. 10:30 |

SPARBÍÓ MERKTAR MEÐ GRÆNU EÐA APPELSÍNUGULU KR.950 Á APPELSÍNUGULT OG KR. 1250 Á GRÆNT


# Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

## 20. JÚLÍ 2016

### Tónlist

**Hvað?** Auður Gunnarsdóttir og Helga Bryndís Magnúsdóttir
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Seyðisfjarðarkirkja
Auður og Helga Bryndís eru óperusöngkonur af guðs náð og verða í Seyðisfjarðarkirkju þar sem þær munu meðal annars syngja ljóðalög eftir Turina og Schumann. Miðaverð er 3.000 krónur.

**Hvað?** Múlinn jazzklúbbur – Kvartett Sigmars Þórs Matthíassonar
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Björtuloft, Harpa
Sigmar Þór er nýútskrifaður bassaleikari sem kemur sigri hrósandi aftur til gamla landsins og tekur lagið ásamt þeim Snorra Sigurðssyni trompetleikara, Andrési Þór Gunnlaugssyni gítarleikara og Einari Scheving trommuleikara.

**Hvað?** BLIND tónleikar – Prins Póló
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Tónlistarmiðstöð Austurlands
Upplifðu hinn einstaka Prins Póló með bundið fyrir augun á Eskifirði á meðan þú gæðir þér á dýrindis súpu og brauði frá Randulffssjóhúsi – það er draumurinn. Miðaverð er 2.000 krónur.

**Hvað?** Boogie Trouble + Soffía Björg
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Kex hostel
Þriðju tónleikarnir í tónleikaröð KÍTÓN og að þessu sinni eru það diskóboltarnir í Boogie Trouble sem halda uppi fjörinu ásamt Soffíu Björgu sem er hvað þekktust fyrir lag sitt Back & back again. 1.500 krónur inn.

**Hvað?** Emmsjé Gauti DJ set
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Prikið
Rapparinn Emmsjé Gauti er algjör þúsundþjalasmiður og fyrir utan rappið hefur hann til dæmis dælt bjór og afgreitt í tískuvöruverslun. Hann er einnig ansi liðtækur plötusnúður og kemur þá oftast fram undir nafninu DJ Gulli. Í kvöld mun þessi hæfileikaríki drengur spila nokkrar mp3-skrár fyrir gesti og gangandi á Priki allra landsmanna.

**Hvað?** Draumland, yfirlitssýning á verkum Völundar Björnssonar 1936 - 2012, 1. hluti
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Ekkisens
Verk Völundar Draumlands Björnssonar í Ekkisens er merkisviðburður sem enginn listunnandi ætti að láta fram hjá sér fara. Þess má geta að þessi merki listamaður átti heimili og vinnustofu í sama húsnæði og hýsir Ekkisens.

**Hvað?** Dægurlagadraumar – Tónlistarskemmtun
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Sláturhúsið, Egilsstöðum
Hin sívinsæla hljómsveit Dægurlagadraumar flytur, eins og nafnið gefur berlega til kynna, dægurtónlist frá 6., 7. og 8. áratug síðustu aldar.

**Hvað?** Söngskemmtun Diddúar og Bergþórs
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Safnaðarheimili Norðfjarðarkirkju
Gleðigjafarnir Diddú og Bergþór Pálsson munu flytja lauflétt og sumarleg lög á tónleikaferðalagi sínu um landið. Miðaverð er 4.900 kr. á tix.is en 5.500 við innganginn.






### Viðburðir

**Hvað?** Druslu peppkvöld
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Húrra
Druslugangan er um helgina og af því tilefni verður smá upphitun á Húrra í kvöld. Þarna verður hægt að kaupa sér varning til að dressa sig upp fyrir tilefnið, það verður happy hour í gangi í þarna í fleiri en einn tíma og tónlist í boði handa dansþyrstum. Fram koma Amabadama, Auður og DJ Sunna Ben.



Diskóboltarnir í Boogie Trouble verða eldhressir á KÍTÓN-kvöldi á Kex hosteli í kvöld ásamt Soffíu Björgu.

### Vinnustofa

**Hvað?** Búðu til þinn eigin líkamsskrúbb
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Reykjavík downtown hostel
Lærðu að búa til þinn eigin umhverfisvæna líkamsskrúbb. Framleiðsla á snyrtivörum er ákaflega mengandi og einnig eru þessar vörur bara dýrar og því tilvalið að búa þær til upp á eigin spýtur. Vinnustofan er algjörlega frí og það eina sem þarf að koma með er einhvers konar ílát fyrir afraksturinn.

### Hátíðir

**Hvað?** Eldur í Húnaþingi
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Hvammstangi
Nú er árstíð bæjarhátíðanna eins og hefur verið farið gaumgæfilega yfir hér í þessum miðli og í dag hefst hátíðin Eldur í Húnaþingi með pompi og prakt. Opnunarseremónían fer fram á hafnarsvæðinu á Hvammstanga og þar verður eldurinn tendraður í eldsmerkinu og kjötsúpa í boði, að sjálfsögðu. Næstu daga og yfir alla helgina verður svo stíf dagskrá. Hægt er að kaupa armband sem gildir fyrir alla viðburði á hátíðinni og kostar það 7.900 krónur.



Emmsjé Gauti, AKA DJ Gulli, verður á spilurunum á Prikinu í kvöld og verður með öll helstu lögin nýlega niðurhöluð af internetinu.

### Sýning

**Hvað?** Brölt barnanna
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Edinborgarhúsið, Ísafirði
Nú stendur yfir sýning Péturs Guðmundssonar Brölt barnanna þar sem ljósmyndir og annað er notað til að sýna leiki og annað brölt barna víðsvegar um Ísafjörð. Það er frítt inn.

### Uppistand

**Hvað?** The minority report
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Gaukurinn
Bylgja Babýlons og Jonathan Duffy eru bæði rosa fyndin og eru alltaf að segja eitthvað fyndið við hópa fólks. Þau hafa því ákveðið að koma saman og segja skrýtlurnar sínar. Það sem er kannski öðruvísi við þetta er að þau ætla að vera fyndin á ensku, eða Bylgja ætlar að gera það vegna þess að Jonathan Duffy er alltaf fyndinn á ensku en Bylgja yfirleitt á íslensku – en hér mun hún skyndilega vera fyndin á ensku. Það kostar 2.000 krónur inn.





Hyundai i20 var valinn best hannaði nýi bíllinn í sínum flokki af Reddot award. Breiðari og lengri yfirbygging gefur aukið rými og þægindi fyrir ökumann og farþega og nýr framendi i20 er einkennandi fyrir nýju gerðirnar frá Hyundai.

Hyundai i20 - Verð frá 2.390.000 kr.

HYUNDAI
NEW THINKING.
NEW POSSIBILITIES.

reddot award
winner car design

UEFA EURO2016 FRANCE

5 YEAR Unlimited Mileage Warranty

Dísilvél 1,1 lítrar, eldsneytisnotkun 3,8 l/100 km* FRÍTT Í BÍLASTÆÐI / Bensínvél 1,2 lítrar, eldsneytisnotkun 5,1 l/100 km* eða bensínvél 1,4 lítrar, eldsneytisnotkun 5,6 l/100 km*. **Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð.**
*Viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

Hyundai / Kauptúni 1 / Sími 575 1200 / www.hyundai.is



**BESTI VINUR MANNSINS**
Stórskemmtilegir þættir þar sem við fáum að kynnast þeim hundategundum sem til eru á landinu, heyrum um uppruna þeirra og fylgjumst með hundum í þeim aðstæðum sem þeir eru ræktaðir til. **Þáttastjórnandi er Daníel Örn Hinriksson.**

FRÁBÆR
**MIÐVIKUDAGUR**

Fáðu þér áskrift á **365.is** 365

**MISTRESSES**
Fjórða serían af þessum stórskemmtilegu bandarísku þáttum um fjórar vinkonur og samskipti þeirra við hitt kynið.



**BONES**
Dr. Temperance Brennan réttarmeinafræðingur er kölluð til ráðgjafar í allra flóknustu morðmálunum. Stórskemmtilegur og spennandi þáttur.



**ORANGE IS THE NEW BLACK**
Fjórða serían um Piper Chapman sem lendir í fangelsi fyrir glæp sem hún framdi fyrir mörgum árum. Frábærir og geysilega vinsælir verðlaunaþættir.




**REAL TIME WITH BILL MAHER**
Vandaður og hressandi spjallþáttur í umsjón Bill Maher þar sem hann fer yfir málefni líðandi stundar með hinum ólíkustu gestum.



**LET´S BE COPS**
Gamanmynd um tvo vini sem fara í búninga og þykjast vera löggur en það dregur dilk á eftir sér og þeir fá alvöru glæpamál upp í hendurnar.



**LEGENDS OF TOMORROW**
Frábærir þættir um tímaflakkara sem safnar saman liði skúrka og ofurhuga til að koma í veg fyrir endalok heimsins.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. 365.is


# DAGSKRÁ

# Miðvikudagur

## STÖÐ 2

**07.00 Simpson-fjölskyldan**
**07.25 Teen Titans Go**
**07.50 The Middle**
**08.15 Mindy Project**
**08.35 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 The Doctors**
**10.20 Logi í beinni**
**11.10 Anger Management**
**11.30 Schitt's Creek**
**11.55 Dallas**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Matargleði Evu**
**13.25 Hart of Dixie**
**14.10 Mayday. Disasters**
**15.00 Hollywood Hillbillies**
**15.25 Baby Daddy**
**15.50 Ground Floor**
**16.20 Two and a Half Men**
**16.50 Teen Titans Go**
**17.15 Simpson-fjölskyldan** Tuttugasta og sjötta þáttaröð þessa langlífasta gamanþáttar í bandarísku sjónvarpi í dag. Simpson-fjölskyldan er söm við sig og hefur ef eitthvað er aldrei verið uppátækjasamari.
**17.40 Bold and the Beautiful**
**18.05 Nágrannar** Fylgjumst nú með lífinu í Ramsey-götu en þar þurfa íbúar að takast á við ýmis stór mál eins og ástina, nágranna- og fjölskylduerjur, unglingaveikina, gráa fiðringinn og mörg mörg fleiri.
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.50 Íþróttir** Íþróttafréttamenn fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna.
**19.10 Víkingalottó**
**19.15 Friends**
**19.35 Mom** Önnur gamanþáttaröðin um einstæðu móðurina, Christy, sem hefur háð baráttu við Bakkus en er nú að koma lífi sínu á rétt ról. Hún ákveður að hefja nýtt líf í Napa Valley í Kaliforníu en það eru margar hindranir í veginum, ekki síst í hennar eigin fjölskyldu. Mamma hennar er einnig óvirkur alkóhólisti og 16 ára dóttir hennar er að leiðast út á hættulega braut. Þættirnir eru úr smiðju Chuck Lorre, sem er maðurinn á bak við nokkrar af vinsælustu gamanþáttaraðir nútímans, t.d. Two and a Half Men, The Big Bang Theory og Mike & Molly.
**20.00 Besti vinur mannsins**
**20.25 Mistresses**
**21.10 Bones**
**21.55 Orange is the New Black** Fjórða þáttaröðin af þessum verðlaunaþáttum um Piper Chapman sem lendir í fangelsi fyrir glæp sem hún framdi fyrir mörgum árum.
**22.50 Real Time with Bill Maher**
**23.50 Person of Interest**
**00.35 Tyrant**
**01.25 Containment**
**02.05 Lucifer**
**02.50 Rita** Þriðja þáttaröðin um Ritu, kennslukonu á miðjum aldri sem fer ótroðnar slóðir og er óhrædd við að segja það sem henni finnst.
**03.35 Finders Keepers**
**05.10 The Middle**
**05.35 Friends**

## SPORT

**07.30 Breiðablik - Valur**
**10.25 Goðsagnir - Gummi Ben**
**11.15 Fjölnir - Breiðablik**
**13.05 Pepsímörkin 2016**
**14.35 Demantamótaröðin - Mónakó**
**16.35 Breiðablik - Valur**
**18.15 Goðsagnir - Sigursteinn Gíslason**
**19.05 FH - Dundalk Bein útsending**
**21.10 Keflavík - Leiknir R.**
**22.50 UFC 200. Cormier vs. Jones 2**
**01.50 FH - Dundalk**

## STÖÐ 3

**17.45 Raising Hope**
**18.10 The Big Bang Theory**
**18.30 Modern Family**
**18.55 Fóstbræður**
**19.25 Entourage**
**19.55 Næturvaktin**
**20.25 Neyðarlínan** Fréttakonan Sigrún Ósk Kristjánsdóttir fylgir eftir sögum fólks sem hringt hefur í Neyðarlínuna af ýmsum ástæðum. Símtalið til Neyðarlínunnar er spilað og talað við sjúkraflutningamenn og lækna sem aðstoðuðu sjúklingana á sínum tíma. Einnig er rætt við fórnarlömbin og fræðst um hvað á daga þeirra hefur drifið frá símtalinu örlagaríka.
**20.55 Legends of Tomorrow**
**21.40 Salem** Spennandi þættir sem gerast á 17. öld og sögusviðið er bærinn Salem í Massachusetts. Þættirnir fjalla um galdraofsóknirnar sem áttu sér stað á þeim tíma en talið er að það hafi meira búið að baki nornasamfélaginu og nornirnar ekki verið allar þar sem sem þær eru séðar.
**22.25 The Vampire Diaries**
**23.10 Burn Notice**
**23.50 Legit**
**00.15 Fóstbræður**
**00.40 Entourage**
**01.10 Næturvaktin**
**01.35 Neyðarlínan**
**02.10 Tónlist**

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00 Áfram Diego, áfram!**
**07.24 Svampur Sveinsson**
**07.49 Lalli**
**07.55 Rasmus Klumpur og félagar**
**08.00 Kalli á þakinu**
**08.25 Lína Langsokkur**
**08.48 Hvellur keppnisbíll**
**09.00 Ofurhundurinn Krypto**
**09.25 Strumparnir**
**09.47 Stóri og litli**
**10.00 Dóra könnuður**
**10.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**10.47 Ævintýraferðin**
**11.00 Áfram Diego, áfram!**
**11.24 Svampur Sveinsson**
**11.49 Lalli**
**11.55 Rasmus Klumpur og félagar**
**12.00 Kalli á þakinu**
**12.22 Lína Langsokkur**
**12.45 Hvellur keppnisbíll**
**13.00 Ofurhundurinn Krypto**
**13.25 Strumparnir**
**13.47 Stóri og litli**
**14.00 Dóra könnuður**
**14.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**14.47 Ævintýraferðin**
**15.00 Áfram Diego, áfram!**
**15.24 Svampur Sveinsson**
**15.49 Lalli**
**15.55 Rasmus Klumpur og félagar**
**16.00 Kalli á þakinu**
**16.22 Lína Langsokkur**
**16.45 Hvellur keppnisbíll**
**17.00 Ofurhundurinn Krypto**
**17.25 Strumparnir**
**17.47 Stóri og litli**
**18.00 Dóra könnuður**
**18.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**18.47 Ævintýraferðin**
**19.00 Elías og fjársjóðsleitin**

## GOLFSTÖÐIN

**08.00 The Open Championship**
**11.30 Golfing World**
**12.20 The Open Championship**
**22.00 Golfing World**
**22.50 Marathon Classic**

## BÍÓSTÖÐIN

**11.35 Only Lovers Left Alive**
**13.35 Baddi í borginni**
**15.10 Tenacious D: in The Pick of Destiny**
**16.45 Only Lovers Left Alive**
**18.50 Baddi í borginni**
**20.25 Tenacious D: in The Pick of Destiny** Frábær og sprenghlægileg mynd frá árinu 2006 með Jack Black í aðalhlutverki. Slæpingjarnir JB og KG stofna hljómsveitina Tenacious D og ákveða að verða besta hljómsveit í heimi en komast að því að það er hægara sagt en gert. Til þess að láta draum sinn rætast þurfa þeir að stela því sem gæti verið svar við bænum þeirra. Við fylgjumst með ævintýralegri leit þeirra að töfragítarnögl sem myndi veita þeim þá hæfileika sem þeir þyrftu til þess að láta drauma sína rætast. Með aðalhlutverk fara Jack Black og Kyle Gass en það má sjá stórleikurunum Ben Stiller og Tim Robbins bregða fyrir í smáhlutverkum ásamt Dave Grohl úr Foo Fighters.
**22.00 Let's Be Cops**
**23.45 Birdman**
**01.45 The Paperboy**
**03.30 Let's Be Cops**

## RÚV

**17.20 Landinn**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Finni kostur**
**18.18 Sígildar teiknimyndir**
**18.25 Gló magnaða**
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Íslendingar**
**20.30 Veröld Ginu**
**21.00 Lukka**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Popp- og rokksaga Íslands**
**23.20 Doll og Em**
**23.40 Dagskrárlok**

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rules of Engagement**
**08.20 Dr. Phil**
**09.00 America's Next Top Model**
**09.45 Hotel Hell**
**10.30 Pepsi MAX tónlist**
**13.15 Dr. Phil**
**13.55 Black-ish**
**14.20 Crazy Ex-Girlfriend**
**15.05 90210**
**15.50 BrainDead**
**16.35 The Tonight Show with Jimmy Fallon**
**17.15 The Late Late Show with James Corden**
**17.55 Dr. Phil**
**18.35 Everybody Loves Raymond**
**19.00 King of Queens**
**19.25 How I Met Your Mother**
**19.50 Telenovela**
**20.15 Survivor**
**21.00 Chicago Med**
**21.45 Satisfaction**
**22.30 The Tonight Show with Jimmy Fallon**
**23.10 The Late Late Show with James Corden**
**23.50 Blood & Oil (2.13)**
**00.35 The Catch**
**01.20 How To Get Away With Murder**
**02.05 Chicago Med**
**02.50 Satisfaction**
**03.35 The Tonight Show with Jimmy Fallon**
**04.15 The Late Late Show with James Corden**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

NISSAN

Innovation that excites

# FÓLK EÐA FARMUR? RAFMAGN EÐA DÍSIL?




## RAFBÍLL

24kWh RAFHLAÐA - 170 KM DRÆGNI**

**NISSAN e-NV200, SENDIBÍLL. 4.590.000KR.**
**NISSAN e-NV200, 5 SÆTA. 4.790.000KR.**
**NISSAN e-NV200, 7 SÆTA. 4.990.000KR.**

## DÍSILBÍLL

1,5 L DÍSILVÉL, EYÐSLA 4,9 L/100 KM*
5 ÁRA ÁBYRGÐ/160.000 KM

**NISSAN NV200, SENDIBÍLL. 3.290.000KR.**
**NISSAN NV200, 5 SÆTA. 3.790.000KR.**
**NISSAN NV200, 7 SÆTA. 3.990.000KR.**

Nissan NV200 kemur sterkur inn sem spennandi lausn fyrir þá sem þurfa sendi- eða fólksflutningabíl í millistærðarflokki. Nýju NV200 sendibílarnir taka tvö EURO bretti og eru því hentug stærð fyrir mörg fyrirtæki. Í fólksflutningaútfærslum er hægt að velja 5 sæta útgáfu með gluggum og farangursrými aftast eða 7 sæta útgáfu með gluggum.

Nissan NV200 bílarnir eru með ríkulegan staðalbúnað með upphituð framsæti og stýri,** tímarofa á miðstöð sem hitar bílinn upp fyrir morgunakstur,** bakkmyndavél, USB og AUX tengi og handfrjálsan símabúnað svo eitthvað sé nefnt.

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri. / **Aukabúnaður í rafbílaútfærslu. 170 km uppgefin drægni hverrar hleðslu miðast við uppgefnar tölur framleiðanda við staðlaðar bestu mögulegar aðstæður.

ENNEMM / SÍA / NM75265

**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L



FRÉTTABLAÐIÐ/GUMS

# Stormasamt samband

**Vinskapur Kanye West og Taylor Swift byrjaði ekki vel. West ruddist upp á svið þegar Swift tók á móti verðlaunum og síðan hefur vináttan farið upp og niður. Eftir atburði seinustu daga er óvíst hvort þau muni talast við aftur.**

Gunnhildur Jónsdóttir
gunnhildur@frettabladid.is



Taylor Swift á ekki sjö dagana sæla um þessar mundir. Í síðustu viku opinberaði hún að hún hefði skrifað textann við lagið „This is what you came for“ með Calvin Harris, fyrrverandi kærasta sínum, og Rihönnu. Harris var ekki sáttur og sagði að þetta væri hennar leið til þess að láta hann líta illa út og grafa undan honum. Þá fór fólk að gefa Swift illt auga og efast um heilindi hennar.

Um helgina birti Kim Kardashian myndband af símtali Kanye West og Swift þar sem hún gefur honum samþykki til að syngja um sig í laginu „Famous“ sem kom út í febrúar. Þá birti hún tilkynningu um að hún hefði ekki samþykkt textann og West hefði aldrei haft samband við hana. Þau hafa rifist um málið síðan og flestir trúað henni.

Myndbandið var því skellur fyrir Swift og hefur fólk gagnrýnt hana fyrir að ljúga upp á West. Það verður gaman að sjá hvort Taylor nær að rífa sig upp úr þessari lægð og semja nokkur lög um reynsluna. Ýmislegt hefur þó komið upp á í vináttu Swift og West í gegnum tíðina.

**2009**



**13. september 2009**
Kanye West ryðst upp á svið til Taylor Swift á MTV Video Music Awards. Hún var þá að taka á móti verðlaunum fyrir besta tónlistarmyndband kvenna. Kanye reif af henni míkrófóninn og sagði að Beyoncé hefði frekar átt að fá verðlaunin fyrir myndbandið við Single Ladies.

**14. september 2009**
Daginn eftir atvikið fræga mætir West í spjallþáttinn til Jay Leno. Þar sest hann niður og biðst innilegrar afsökunar á uppátækinu. Hann viðurkennir meðal annars að þetta hafi verið dónalegt og hann muni ekki reyna að réttlæta það.

**19. september 2009**
Taylor Swift talar í fyrsta skiptið um uppátæki Wests. Þá segir hún að sér hafi brugðið töluvert og það hafi verið erfitt fyrir sig að stíga svo á svið fimm mínútum seinna til þess að taka lagið. Hún staðfestir einnig að rapparinn hafi ekki beðið hana persónulega afsökunar.

**2010**

**September 2010**
West biður Swift afsökunar á Twitter. Hann segir að hún hafi ekki átt þetta skilið og vonast til þess að þau geti orðið vinir.

**2015**

**Febrúar 2015**
Swift og West sjást knúsast og spjalla á Grammy-verðlaunum. Nokkrum dögum seinna sjást þau borða kvöldmat saman í New York. Þá hefur vinskapurinn greinilega verið orðinn mikill og öll fyrri mál fyrirgefin.

**Ágúst 2015**
Swift afhendir West heiðursverðlaun á MTV Video Music Awards, sömu verðlaunahátíð og atvikið kom upp á árið 2009.

**2016**

**13. febrúar 2016**
Kanye West frumsýnir nýjustu breiðskífu sína, The Life of Pablo. Í einu laginu þar, sem kallast Famous, syngur Kanye um Taylor. Þar syngur hann: „Ég held að ég og Taylor gætum ennþá stundað samfarir, ég gerði þessa tík fræga.“ Teymi stjörnunnar er fljótt að koma með yfirlýsingu um að hún hafi ekki samþykkt textann og að rapparinn hafi ekki látið hana vita um að hann væri að fara að syngja um hana.




**15. febrúar 2016**
Swift tekur á móti verðlaunum á Grammy-hátíðinni. Í þakkarræðunni skýtur hún hart á West og segir meðal annars: „Á lífsleiðinni mun fólk reyna að grafa undan þér og eigna sér heiðurinn af velgengni þinni.“



**Júní 2016**
Í viðtali við GQ segir Kim Kardashian að Taylor hafi vitað af textanum og að það sé til upptaka sem muni sanna það.

**17. júlí 2016**
Í nýjum þætti Keeping up with the Kardashians sést Kim ræða þessi mál við móður sína, Kris Jenner. Strax eftir þáttinn sýnir hún upptökuna umræddu á Snapchat-aðgangi sínum. Í kjölfarið birtir Swift skilaboð til aðdáenda sinna á Instagram. Þar segir hún að í myndbandinu hafi ekki komið fram að West myndi kalla hana „tík“ í laginu og að hún vilji ekki taka þátt í þessum sirkus lengur.

## Hvað gerðist í kjölfarið?

- **Khloe Kardashian** tekur upp hanskann fyrir systur sína á Twitter og segir að enginn fái að ljúga upp á West.



- **Selena Gomez** gagnrýnir þessa miklu umræðu um málið á Twitter og spyr af hverju fólk tali ekki um eitthvað mikilvægara. Þá skýtur blaðamaður LA Journal á Gomez og segir hana aldrei vilja tjá sig um mikilvæg málefni eða taka afstöðu og nefnir því til stuðnings hreyfinguna Black Lives Matter sem hefur verið mikið í umræðunni seinustu vikurnar í Bandaríkjunum.





- Demi Lovato, **Pharrell Williams** og **Katy Perry** taka afstöðu með Kimye með því að líka við Twitter-færslur.



- Zendaya, sem var áður í stelpugenginu hennar Taylor og lék í tónlistarmyndbandinu við Bad Blood, líkar við færslu sem gagnrýnir Taylor.

ALLTAF
VIÐ HÖNDINA
Þú getur lesið Fréttablaðið í heild sinni á Vísi og í Fréttablaðs-appinu




Þú færð appið á visir.is/fbl eða beint í gegnum
App Store Google Play Microsoft
FRÉTTABLAÐIÐ
... allt sem þú þarft


90
ára afmæli Frón
Kauptu Matarkex
Kexverksmiðjan Frón var stofnuð 12. júní árið 1926, þremur árum eftir að fyrsta kröfugangan á Íslandi fór fram.
Fyrsta verksmiðja fyrirtækisins var í húsi Betaníu við Laufásveg. Matarkexið frá Frón leit dagsins ljós sama ár og má segja að Frón hafi verið með landsmönnum á leiksviði lífsins frá stofnun.
Með tilkomu Matarkexins var stórt skref stigið í iðn- og matvælasögu þjóðarinnar enda var þetta fyrsta íslenska kextegundin sem framleidd var hér á landi. Hún hefur því komið við sögu íslendinga í 90 ár. Fáðu þér bita af sögunni og kauptu þér Matarkex í dag.
400g
Frón
MATARKEX
Vertu á leiksviðinu með kexi frá Frón í dag
Kremkex
Sæmundur í sparifötunum hefur lengi verið eitt allra vinsælasta kremkex landsins.
Póló
Póló er ómissandi virka daga. Um helgar er alltaf gott að eiga Póló í eldhússkápnum.
Mjólkurkex
Ungir sem aldnir hafa brotið Mjólkurkexið til helminga og drukkið ískalda mjólk með.
Kemur við sögu á hverjum degi í 90 ár
Frón












Kælan mikla hefur sent frá sér sína fyrstu plötu sem nefnist einfaldlega Kælan mikla og fæst einungis í stafrænu formi og á vínyl eins og er. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Fjallað um myrkrið og fegurð þess

Hljómsveitin **Kælan mikla** gaf nú á dögunum út samnefnda breiðskífu og er hún til niðurhals á Bandcamp og fæst á vínyl í Lucky Records. Útgáfutónleikar sveitarinnar verða haldnir um helgina þrátt fyrir að hinn langi armur laganna hafi gripið inn í plönin.

*Er þetta fyrsta platan ykkar?* „Þetta er fyrsta breiðskífan – við höfum sent frá okkur litla útgáfu áður, við gáfum út 50 geisladiska þar sem við gerðum til dæmis sjálfar hulstrin og svona. Síðan höfum við gefið út á netinu, plötu sem er bara á Bandcamp. Þetta er fyrsta alvöru útgáfan sem við gerum í gegnum útgáfufyrirtæki.“

*Er löng vinna bak við plötuna?* „Ekkert rosalega – við sömdum allt efnið sem er á plötunni á innan við ári, þetta eru átta lög og við tókum þetta upp sjálfar, við förum ekki í stúdíó heldur gerðum við þetta í stofunni hjá Sólveigu syntha-leikara hljómsveitarinnar og vinur okkar tók upp. Það tók okkur mánuð að gera það en bara tvö upptöku-sessjon – það var erfitt að finna lausan tíma, það var aðallega það.“

*Eru einhver þemu eða sérstök umfjöllunarefni á plötunni?* „Þemað á þessari plötu er svolítið mikið myrkrið og það hvað myrkrið er fallegt.“

**ÞEMAÐ Á ÞESSARI PLÖTU ER SVOLÍTIÐ MIKIÐ MYRKRIÐ OG ÞAÐ HVAÐ MYRKRIÐ ER FALLEGT.**

*Nú voruð þið nýlega að ljúka rosalegum Evróputúr – hvernig var það?* „Það var alveg magnað. Við fórum til tíu borga – keyrðum 3.000 kílómetra og spiluðum sjö gigg ef ég man rétt: fjögur í Þýskalandi, síðan í Slóvakíu og Varsjá í Póllandi. Það var allt öðruvísi en að spila hérna heima – það er komið mikið betur fram við mann, fólk hefur meiri áhuga. Maður er alltaf að spila á sömu stöðunum heima, þetta er náttúrulega svo lítið – en á meðan maður er úti fær maður borgað og mat og gistingu og manni er sýnd meiri virðing. Það er svolítið þannig hérna heima að maður á að vera þakklátur fyrir að fá að spila – auðvitað ekki alltaf en oft.“

*Voru ekki einhver vandræði með staðsetninguna á útgáfutónleikunum ykkar?* „Þetta átti að vera í rými úti á Granda hjá vini okkar sem heitir Kenneth – hann hefur t.d. verið að halda goth-partí þar og er flottur tónlistarmaður. En síðan fór löggreglan að blanda sér í málið og segja að það mætti ekki hafa tónleika þarna og að þeir myndu kippa úr sambandi ef við gerðum það.

Þeir töluðu við Kenneth og fóru að skipta sér af en ég veit ekki hvernig þeir sáu að við ætluðum að vera þar. En við færðum þetta á síðustu stundu á Gaukinn – sem er voða næs, Gaukurinn er fínn staður.

Upphitunin er í höndum vinar okkar sem tók upp plötuna, hann heitir Arnar Már – hann spilar með nýju „projecti“ sem hann er að gera sem heitir Kuldaboli. Hann gerir rosalega flotta dark og minímalíska syntha-tónlist. Það er mjög viðeigandi vegna þess að hann tók upp allt efnið okkar. Hann hefur áður verið að spila undir nafninu Ultraorthodox en núna er hann að spila nýtt efni undir nýju nafni.“

Platan kom út 30. júní á Bandcamp þar sem er hægt að hala henni niður á 1.000 krónur. Síðan er hún til í versluninni Lucky Records á Rauðarárstíg á vínyl – þær stefna á að koma plötunni út á geisladisk einhvern tímann eftir sumarið. Útgáfutónleikarnir fara fram á Gauknum næstkomandi laugardagskvöld. **stefanthor@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Bryndís Hauksdóttir *bryndis@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*


KFC
Meistari í dýfingum
NÝTT
10 LUNDIR
4 DÝFUR
DIPS BUCKET
SVOOO GOTT
DIPS BUCKET
Tíu kjúklingalundir og fjórar sósur; sterk, bbq, karrí og súrsæt.
TILBOÐ: 2.499 kr.

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** **Vísir**
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing
**Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**Bakþankar**



Maríu Elísabetar Bragadóttur

## Matseljan eitrar fyrir sér

Þessi pistill er óður til formæðra minna sem hötuðu að elda en líka til þeirra sem höfðu yndi af því. Ömmu minni hefur þó alltaf leiðst það. Einu sinni gerði ég heiðarlega tilraun til að festa ömmu við metafóríska eldflaug og skjóta henni til nútíðar. Færði henni tilbúið sushi í plastbakka. Einnota prjónar og gervilegt wasabi-mauk. Amma renndi desertgaffli undir lítinn maki-bita og tuggði af kurteislegri óbeit. Of tortryggin til að hlaupa upp kapítalísk gálgaþrep, of elskuleg til að afþakka það.

En öldum saman elduðu konur kvöldmat. Sumar íslenskar konur veltu ýsuflökum upp úr raspi óteljandi mánudaga í röð, af vísindalegri nákvæmni. Aðrar höfðu engan áhuga á matargerð, hnepptar í hversdagslega ánauð. Tróðu tilvistarlegum spurningum inn í þunglyndislega sveskjufyllt lambalæri sem bakaðist í logbrennandi ofni. Rjóðar hendur af heitu uppvaski sprautuðu grænsápu á diska. Svo sigtuðu þær hveiti fyrir hjónabandssælu. Til voru karlar sem gerðu sömu hluti en undir formerkjum ástríðu og fagmennsku.

Arfleifð ofangreindrar fortíðar eru lúmsk hugrenningatengsl. Við eignum körlum ósjálfrátt sérfræðikunnáttu. Tengsl þeirra við fagmennsku og ástríðu eru ótvíræð og rista djúpt. Árið 2014 stóð kona í fyrsta sinn uppi sem sigurvegari fyrir Köku ársins. Það var nú mikið að konu tókst að baka góða köku, hvísluðu fólk. Kaffibarþjónar með Y-kynlitning virðast líklegri til að klifa metorðastigann þó flestir kaffibarþjónar séu konur. Við tengjum strit við konur en vit við karla. Það er varasamt að horfast ekki í augu við þessi tengsl og fyrirsláttur að tala um tilviljanir.


*Opið allan sólarhringinn*
*í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka*
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland

BAKVAKTIN
Skyndileg bak- og hálsvandamál
S. 822-1575
Dr. Eyþór Kristjánsson, sjúkraþjálfari
Sérfræðingur í stoðkerfinu.




KATRÍNARTÚNI 12 | WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS
*Verð miðast við flug aðra leið með sköttum ef greitt er með Netgíró.